

**MS ritgerð
Mannauðsstjórnun**

**Samstarfsverkefni sem Íþrótt- og tómstundaráð
tengist í hverfum Reykjavíkur á barna og unglingasviði**

Höfundur: Soffía Erla Einarsdóttir



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands

Leiðbeinandi: Dr. Snjólfur Ólafsson

Maí 2009

Útdráttur

Markmið verkefnisins er að gera úttekt og rannsókn á samstarfsverkefnum sem Íþrótt- og tómstundaráð Reykjavíkur, ÍTR, tengist í hverfum Reykjavíkur. Spurt var þriggja rannsóknarspurninga: 1. Að hve miklu leyti eru samstarfsverkefnin sem ÍTR tengist unnin með faglegum hætti? 2. Að hve miklu leyti bera samstarfsverkefnin sem ÍTR tengist tilætlaðan árangur? 3. Eru aðilarnir sem tengjast samstarfinu með næga þekkingu, þjálfun og svigrúm til að vinna samstarfsverkefni með skilvirkum hætti? Til að svara rannsóknarspurningunum voru tekin viðtöl við fagaðila. Út frá viðtölunum voru hannaðir tveir spurningalistar. Annar var lagður fyrir umsjónarmenn frístundaheimila og verkefnastjóra félagsmiðstöðva í öllum hverfum Reykjavíkur. Seinni listanum var ætlað að gera frekari úttekt á fjölda og eðli samstarfsverkefna sem ÍTR tengist í hverfunum og var hann sendur á forstöðumenn og deildarstjóra barna- og unglingasviðs í öllum hverfum Reykjavíkur auk forstöðumanns og deildarstjóra Hins Hússins. Niðurstöður benda til þess að þau samstarfsverkefni sem ÍTR tengist í hverfum Reykjavíkur á barna- og unglingasviði séu unnin nokkuð faglega, þau bera frekar mikinn árangur og starfsmennirnir sem koma að samstarfinu hafa nægilega þekkingu og þjálfun til að vinna að samstarfsverkefnum en auka má svigrúm starfsmanna til samstarfs.

Formáli

Þessi ritgerð er 30 eininga lokaverkefni til meistaraþrófs í mannauðsstjórnun við viðskiptafræðideild félagsvísindasviðs Háskóla Íslands vorið 2009.

Meginmarkmið ritgerðarinnar er að kanna hvort að þau samstarfsverkefni sem Íþróttta og tómstundarráð Reykjavíkur tengist í hverfum Reykjavíkur á barna- og unglingasviði séu unnin með faglegum hætti, hvort þau beri árangur og hvort starfsmenn ÍTR hafi næga þekkingu, þjálfun og svigrúm til að vinna að samstarfsverkefnum. Leiðbeinandi verkefnisins er Snjólfur Ólafsson, prófessor við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands.

Ég vil þakka viðmælendum mínum hjá ÍTR fyrir upplýsandi viðtöl og öllum þeim starfsmönnum ÍTR sem hafa veitt mér upplýsingar og stuðning fyrir verkefnið. Þar vil ég fyrst og fremst nefna Gísla Árna Eggertsson aðstoðarframkvæmdarstjóra ÍTR en verkefnið var unnið að hans beiðni. Einnig vil ég nefna Guðrúnu Kaldal, forstöðumann frístundarmiðstöðvarinnar Frostaskjól og þakka fyrir skjót og góð svör þegar ég hef leitað til hennar með efnisleg atriði. Leiðbeinanda mínum vil ég þakka fyrir faglega ráðgjöf og skjót svör alltaf þegar ég kom með fyrirspurnir. Maðurinn minn Steinar og Kári litli sonur minn hafa einnig veitt mér mikinn stuðning, hvor með sínum hætti. Mun ég aldrei gleyma þeirri þolinmæði sem Steinar eiginmaður minn sýndi mér í gegnum ritgerðarsmíðarferlið.

Reykjavík, 10. maí 2009

Soffía Erla Einarsdóttir

Efnisyfirlit

Útdráttur	1
Formáli	2
Inngangur	5
Um ÍTR.....	7
Efling félagsauðs	10
Mikilvægi samstarfs og rannsóknir á samstarfsverkefnum	12
Verkefnastjórnun	14
Aðferð - viðtöl	16
Þátttakendur	16
Mælitæki	16
Framkvæmd	17
Aðferð – spurningalisti 1	20
Þátttakendur	20
Mælitæki	20
Framkvæmd	27
Aðferð – Spurningalisti 2.....	29
Þátttakendur	29
Mælitæki	29
Framkvæmd	30
Niðurstöður fyrir viðtöl á barnasviði.....	32
Niðurstöður fyrir viðtöl á unglingasviði	37
Umræða fyrir viðtöl á barna- og unglingasviði	42
Niðurstöður fyrir spurningalista 1.....	43
Umræða fyrir spurningalista 1	50
Niðurstöður fyrir spurningalista 2, barnasvið	53
Umræða fyrir spurningalista 2 á barnasviði.....	63
Niðurstöður fyrir spurningalista 2, unglingasvið.....	64
Umræða fyrir spurningalista 2 á unglingasviði	75
Niðurstöður fyrir spurningalista 2, Hitt Húsið.....	76
Umræða fyrir spurningalista 2, Hitt Húsið	82
Samantekt	83
Viðtöl.....	83
Spurningalisti 1.....	84

Spurningalisti 2.....	86
Viðauki 1.....	90
Viðauki 2.....	91
Viðauki 3.....	92
Viðauki 4.....	93
Viðauki 5.....	99
Heimildaskrá	106

Inngangur

Markmið þessa verkefnis er að gera úttekt og rannsókn á samstarfsverkefnum sem Íþrótt- og tómstundaráð Reykjavíkur, skammstafað ÍTR, kemur að í hverfum Reykjavíkur. Verkefnið er unnið að beiðni Gísla Árna Eggertssonar, aðstoðarframkvæmdastjóra ÍTR með það markmið að auka fræðilega þekkingu á því sem verið er að gera og mun það hafa hagnýtt gildi fyrir ÍTR með tilliti til þess hvað sé í lagi og hvað þurfi að bæta. Hlutverk ÍTR er að sinna frítímaþjónustu þar sem velferð og lífsgæði almennings eru í fyrirrúmi. Frítímaþjónusta ÍTR er ætluð borgarbúum á öllum aldri en til að sinna hlutverki sínu þarf ÍTR meðal annars að eiga gott samstarf við félagasamtök, stofnanir og fyrirtæki í borginni. ÍTR úthlutar einnig styrkjum til starfsemi og uppbyggingar æskulýðs- og íþróttastarfs í Reykjavík (Reykjavíkurborg, e.d.a.). ÍTR hefur yfirumsjón með æskulýðs- og tómstundastarfi á vegum Reykjavíkurborgar fyrir börn og ungmenni. Í þessari úttekt og rannsókn verður aðaláherslan á þá starfsemi ÍTR og samstarfsfleti. Félags- og tómstundastarf ÍTR skiptist í þrennt: 6-12 ára börn, unglinga, 13-16 ára og 17 ára og eldri en elsta aldurshópnum sinnir aðallega Hitt Húsið.

Kannað verður hvort þau samstarfsverkefni sem ÍTR kemur að á barna- og unglingasviði séu unnin með faglegum og skilvirkum hætti og hvort þau beri tilætlaðan árangur. Einnig verður athugað sérstaklega hvort samstarfið, á milli þeirra aðila sem koma að samstarfsverkefninu, sé unnið faglega og hvort starfsmenn ÍTR hafi þá þekkingu, þjálfun og svigrúm sem þarf til að vinna að slíkum verkefnum. Í rauninni er verið að vinna með tvo hópa, samstarfshópin sem kemur að verkefninu og þátttakendurnar í verkefninu. Áherslan verður á fyrrnefnda hópinn, þ.e. samstarfshópin og hvernig hann vinnur saman.

Rannsóknarspurningarnar eru;

1. Að hve miklu leyti eru þau samstarfsverkefni sem ÍTR kemur að á barna- og unglingasviði unnin með faglegum hætti?

2. Að hve miklu leyti bera þau samstarfsverkefni sem ÍTR kemur að á barna- og unglingasviði tilætlaðan árangur?
3. Eru þeir aðilar sem koma að samstarfinu með næga þekkingu, þjálfun og svigrúm til að vinna að samstarfsverkefnum með skilvirkum hætti?

Leitast verður við að svara þessum spurningum með eigindlegum og meginlegum aðferðum. Tekin verða viðtöl við forstöðumann, deildarstjóra barna- og unglingasviðs, umsjónarmann frístundarheimils og verkefnastjóra félagsmiðstöðvar í einu hverfi Reykjavíkur til að fá fram úttekt á þeim samstarfsverkefnum sem eru í vinnslu og hvernig þau eru unnin. Einnig verður tekið viðtal við einn starfsmann þjónustumiðstöðvarinnar í hverfinu til að hægt sé að meta hversu faglega er unnið að samstarfsverkefnum sem ÍTR tengist og árangur þeirra. Viðtölin verða nafnlaus og því er ekki vitnað í fullt nafn viðkomandi heldur starfsheiti.

Eftir viðtalið við forstöðumanninn var ákveðið að leggja áherslu á að greina frekar og rannsaka samstarfið milli ÍTR, skólanna og þjónustumiðstöðvarinnar í hverfinu. Sá samstarfsflötur var valinn sökum þess að í hverfinu stóð yfir mikil endurskoðun og endurmótun á þessu samstarfi bæði á barna- og unglingasviði. Einnig benti forstöðumaðurinn á að þessi samstarfsflötur væri áhugaverðastur þar sem honum fannst mikill munur vera á samstarfi milli þessara aðila á barna- og unglingasviði. Frekari ástæður fyrir því að skoða þennan samstarfsflöt voru það viðamikla samstarf sem þessir aðilar eru í. Flestar félagsmiðstöðvar og flest frístundarheimili ÍTR eru staðsett í skólunum sem gerir samstarf ÍTR og skólanna viðamikið og mikilvægt. Grunnskólinn er hjarta hvers hverfis og í nánnum tengslum við grenndarsamfélagið. Í stefnu Reykjavíkurborgar í menntamálum árið 2008 (Reykjavíkurborg, e.d.f.) kemur fram að skólinn eigi að gefa kost á að ýmis starfsemi á vegum íbúanna fari fram í húsnæði skólans og þannig eigi skólinn að tengjast annarri starfsemi í sínu nánasta umhverfi. Skóladagurinn á að vera heildstæður og bjóða upp á fjölbreytt tólmstundrframboð, meðal annars í samstarfi við ÍTR. Samstarf ÍTR við skólana verður skoðað sérstaklega út frá stefnu Reykjavíkurborgar í menntamálum fyrir árið 2008.

Þjónustumiðstöðvarnar eru sex, ein í hverju hverfi, og heyra þær undir Velferðarsvið Reykjavíkurborgar. Stefnumótun í velferðarmálum er á ábyrgð Velferðarsviðs í umboði Velferðarráðs. Sviðið ber ábyrgð á áætlanagerð, samþæfingu og samþættingu verkefna á sviði velferðarþjónustu, eftirliti í samræmi við lög, reglur, samþykktir og pólitíska stefnu í velferðarmálum, þróun velferðarþjónustu og gerð þjónustusamninga um framkvæmd þjónustunnar (Reykjavíkurborg, e.d.d.). Velferðarsvið ber einnig ábyrgð á innleiðingu og framkvæmd Forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar en þar er kveðið á um mikið samstarf við ÍTR við framkvæmd hennar (Reykjavíkurborg, e.d.e.). Samstarf ÍTR og þjónustumiðstöðvanna er því fyrst og fremst í tengslum við forvarnir og ef upp koma einstaklingsmál, þá aðallega í frístundaheimilunum, sem starfsmenn ÍTR vinna í samstarfi við þjónustumiðstöð og ef til vill einnig skóla. Á unglingasviði er mikið samstarf við þjónustumiðstöð vegna klúbbstarfs þar sem aðallega er unnið með félagslega einangraða unglinga.

Aðkoma þjónustumiðstöðvanna að samstarfi við ÍTR er sérstaklega mikilvæg með tilliti til hins skilgreinda hlutverks þeirra í forvarnarmálum. Þar er sérstaklega kveðið á um að umsjón með forvörnum og framkvæmd stefnunnar sé hjá þjónustumiðstöðvunum. Hlutverk þeirra er að leiða saman alla þá sem koma að málefnum barna og ungmenna í hverfunum (Reykjavíkurborg, e.d.e.). Í greinargerð Forvarnastefnu Reykjavíkurborgar er nefnt mikilvægi þess að skilgreindir séu mælikvarðar til að bera saman árangur af forvarnarstarfi í hverfum borgarinnar þannig að þróunarvinna verði markviss (Reykjavíkurborg, e.d.e.). Þjónustumiðstöðvunum er því ætlað að halda utan um og mæla árangur af forvarnarstarfi í hverfum borgarinnar og tengist það rannsóknarspurningu tvö, það er að hve miklu leyti bera þau samstarfsverkefni sem ÍTR kemur að tilætlaðan árangur? Aðkoma þjónustumiðstöðvanna verður því skoðuð sérstaklega út frá ábyrgðarsviði þeirra í forvarnarmálum.

Um ÍTR

Íþrótt- og tómstundarráð Reykjavíkur sinnir frítímaþjónustu sem ætluð er borgarbúum á öllum aldri og áhersla er lögð á velferð og lífsgæði almennings. Eftirtaldir starfspættir heyra undir ÍTR: Sundlaugar, frístundamiðstöðvar sem hafa

umsjón með félagsmiðstöðvum og frístundaheimilum, sumarnámskeið sem rekin eru af frístundamiðstöðvum og í Nauthólsvík, tómstundastarf í grunnskólum, íþróttahús og íþróttamiðstöðvar, sparkvellir, skíðabrekkur og skautasvell í hverfum, Hitt Húsið, námskeið fyrir fatlaða, Sérsvéitin fyrir fatlaða, Sumargrín og smíðavellir reknir af frístundamiðstöðvum, ylströndin og Siglingaklúbburinn í Nauthólsvík, brettagarðar, púttvellir, Laugardalshöll, verkefnið Heilsuborgin Reykjavík, Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn, þjónustumiðstöð ÍTR, hátíðarhöldin 17. júní og ýmis sérverkefni (Reykjavíkurborg, e.d.a.). Vettvangur ÍTR er sem áður segir frítíminn. ÍTR leggur áherslu á að í frítímanum skuli vera gaman en að hann sé einnig kjörinn til að fást við þroskandi og krefjandi verkefni. Markmið ÍTR er að frítímapjónustan stuðli að félagslegri velferð og sé farvegur menntunar, menningar, uppeldis og lýðræðislegrar þátttöku (Reykjavíkurborg, e.d.a.).

Meðal gilda ÍTR eru samstarf og fagmennska þar sem lögð er áhersla á faglega og lipra þjónustu en grundvöllurinn að því er lagður með vel þjálfuðu starfsfólki og starfsánægju (Reykjavíkurborg, e.d.a.). ÍTR leggur áherslu á skýra verkferla til hagsbóta fyrir notendur, starfsfólk og samstarfsaðila og að öll málsmeðferð fái vandaða og skjóta afgreiðslu. Einnig leggur ÍTR áherslu á samráð við hagsmunaaðila við stefnumótun, ákvarðanatöku og við eflingu faglegrar umræðu um málefni frítímans. ÍTR gerir þjónustusamninga við íþrótt- og æskulýðsfélög þar sem meðal annars er skilgreint með hvaða hætti samráð fer fram (Reykjavíkurborg, e.d.b.). Einnig leggur ÍTR áherslu á að allir starfsmenn séu vel upplýstir um starfsemina og fái tækifæri til starfsþróunar með þjálfun, hvatningu, virðingu og stuðningi. ÍTR vill stuðla að starfsánægju með jákvæðu og hvetjandi starfsumhverfi (Reykjavíkurborg, e.d.b.). Stefna ÍTR um mikilvægi þess að allir starfsmenn séu vel upplýstir samræmist vel skrifum Druckers (2004) en hann bendir á að í árangursríkri stjórnun sé upplýsingaflæði mjög mikilvægt. Upplýsingaflæði í samstarfsverkefnum er einnig mikilvægt og því áhugavert að skoða hvort það sé gott í þeim samstarfsverkefnum sem að ÍTR kemur að í hverfum Reykjavíkur. Þetta atriði verður þó ekki kannað sérstaklega.

Í barna- og unglingastarfi ÍTR skipa frístundaheimilin og félagsmiðstöðvarnar stóran sess. Frístundamiðstöðvarnar í hverju hverfi reka bæði frístundaheimilin og

félagsmiðstöðvarnar. Deildarstjóri barnastarfs er yfirmaður umsjónarmanna frístundarheimila og deildarstjóri unglingastarfs er yfirmaður verkefnastjóra félagsmiðstöðva. Forstöðumaður frístundamiðstöðvar er svo yfirmaður deildarstjóra barna- og unglingastarfs. Frístundaheimilin bjóða upp á fjölbreytt tómsundastarf þegar hefðbundnum skóladegi 6-9 ára barna lýkur og mæta þannig þörf foreldra og barna fyrir heildstæða þjónustu. Markmið frístundaheimila er að hvert barn fái að njóta sín og þroskast í umhverfi sem einkennist af hlýju, öryggi og virðingu. Þar er lögð áhersla á að þroska félagslega færni barna í gegnum leik og starf sem og virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu (Reykjavíkurborg, e.d.g). Félags- og tómsundastarf ÍTR er skipt upp í aldursflokkana 6-12 ára og 13 ára og eldri. Frístundamiðstöðvar í hverfum Reykjavíkur sinna þessu félags- og tómsundastarfi. Meginmarkmiðið er að mæta þörfum barna og foreldra fyrir þjónustu í frístundum. Einnig að mæta þörfum unglinga fyrir fjölbreytt félags- og tómsundastarf (Reykjavíkurborg, e.d.a.). Í þessari ritgerð er megináherslan lögð á að kanna samstarfsverkefni sem unnin eru á vegum frístundamiðstöðvanna, nánar tiltekið í frístundaheimilum og í gegnum hópa eða klúbbastarf félagsmiðstöðvanna. Einnig verður frístundastarf ÍTR fyrir aldurshópinn 16 ára og eldri skoðað en Hitt Húsið sér aðallega um þjónustu við þann aldurshóp.

Í barna- og unglingastarfi ÍTR er unnið með ákveðna hugmyndafræði sem kallast barna- og unglingalýðræði. Þar sem hugmyndafræðin skipar stóran sess í starfi ÍTR er vert að kynna hana nánar og verður skoðað sérstaklega í spurningalista 2 hvort unnið sé markvisst með barna- og unglingalýðræði í samstarfsverkefnum sem ÍTR tekur þátt í í hverfum Reykjavíkur.

Frístundaheimili Reykjavíkur leitast við að nota lýðræðislega starfshætti með það að markmiði að efla virkni, ábyrgð, sjálfsmynd og sjálfstæði barna. Því er lögð áhersla á virkt barnalýðræði í starfi frístundaheimilanna. Barnalýðræði er verkfæri til að kenna börnum að hafa áhrif á líf sitt og starf. Hægt er að vinna með börnum í lýðræðisanda, til dæmis með barnafundum, vali á viðfangsefnum og samvinnu við gerð dagskrár (Reykjavíkurborg, e.d.g.). Í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er að finna ýmis ákvæði sem eru nátengd barnalýðræði eins og að börn eigi rétt á að láta í ljós skoðanir sínar og eiga kröfu á að sjónarmið þeirra séu virt í samræmi við aldur

þeirra og þroska. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna öðlaðist gildi hér á landi í nóvember 1992 (Barnasáttmáli, e.d.).

Félagsmiðstöðvar í Reykjavík eru yfir 20 og starfa þær samkvæmt Starfsskrá skrifstofu tómstundamála. Félagsmiðstöðvastarf byggir á hugmyndafræði unglingalýðræðis til að tryggja áhrif unglinganna á starfið. Áhersla er lögð á að þjálfa samskiptafærni, auka félagsfærni, styrkja sjálfsmynd og efla samfélagslega virkni og þátttöku (Reykjavíkurborg, e.d.h.).

Í þessu samhengi er vert að minnast á að skólastarf í Reykjavíkurborg grundvallast einnig á lýðræðislegum gildum og að nemendur fái þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum og skoðanaskiptum. Nemendum gefst kostur á að taka þátt í að móta daglegt skólastarf og hafa áhrif á námsleiðir sínar. Því má segja að skilningur ætti að ríkja á hugmyndafræði milli skóla og starfsemi ÍTR (Reykjavíkurborg, e.d.f.).

Efling félagsauðs

Hugmyndafræði ÍTR um mikilvægi samstarfs þeirra sem vinna með og koma að vinnu með börn og unglinga er náskyld hugmyndafræðinni um eflingu félagsauðs eða *the asset building approach*. Þar er félagsauður skilgreindur mjög vítt og vísar til þekkingar og færni einstaklinga, félagstengsla og samfélagstengsla og möguleika þeirra til að hafa áhrif á ákvarðanir sem snerta líf þeirra sjálfra (Adams og Sherraden, 1997). Þau verkefni sem unnin eru út frá því að efla félagsauð ættu að stuðla að forvörnum fyrir börn og unglinga þar sem samfélagið vinnur saman að því að styðja og efla einstaklingana innan þess (Mannes, Roehlkepartain og Benson, 2005).

Síðastliðinn áratug hafa hundruð bæja og borga í Bandaríkjunum og Kanada komið af stað grasrótastarfi í eflingu félagsauðs fyrir börn og unglinga. Samfélög sem leggja áherslu á eflingu félagsauðs hafa þrjú meginmarkmið:

- Að auðvelda lóðréttu uppbyggingu á félagsauð þar sem hver og einn getur eflt félagsauð sinn í gegnum barnæsku sína og unglingsár.
- Að styrkja lárétta aukningu félagsauðs þar sem ungmennti efla félagsauð sinn samtímis, til dæmis innan fjölskyldunnar, skólans, hverfisins,

trúarsamfélagsins, frístundaúrræða, á leiksvæðum, vinnustöðum og öðrum stöðum þar sem börn og unglingar verja tíma sínum.

- Að víkka svið félagsauðsins þannig að ekki einungis þau börn og unglingar sem talin eru í áhættuhóp efli félagsauð sinn heldur öll börn og unglingar.

Grunnurinn fyrir því að hægt sé að stofna og reka samfélag sem byggist á eflingu félagsauðs er að almenningur hafi vilja, vald, getu og skuldbindingu til að búa í samfélagi þar sem bæði ungir og aldnir vinna að jákvæðri þróun og uppbyggingu þess (Mannes, Roehlkepartain og Benson, 2005).

Hugmyndafræðin um eflingu félagsauðs leggur ríka áherslu á mikilvægi forvarnarstarfs fyrir börn og unglinga í hvers konar áhættuhópum. Flest félagsleg kerfi eða inngrip miða við að einhvers konar sjúkdómseinkenni eða hegðunarvandamál þurfi að sýna sig áður en hægt sé að meðhöndla þau. Jákvæðari nálgun að forvörnum og inngripum fyrir börn og unglinga í áhættuhópum væri að efla mótstöðuaflið gegn áhættuþáttunum með eflingu félagsauðs þeirra. Með slíkri samfélagslegri nálgun væri lögð áhersla á að skoða og skilja einstaklinginn í víðu samhengi eins og félagslega, líkamlega, líffræðilega, andlega og út frá efnahag. Áhættumerki frá einu eða fleiri sviðum er ekki nóg til að setja einstaklinginn í áhættuhóp. Heildarmyndin gefur betri sýn á hvernig best sé að vinna að forvörnum og – ef á þarf að halda – grípa inn í með ákveðnum úrræðum (Edwards, Mumford, Shillingford, Serra-Roldan, 2007). Frá 1996 hefur *Search Institute* lagt fyrir unglinga í Bandaríkjunum 156 atriða könnun og hafa nú tvær milljónir unglinga tekið þátt. Könnunin mælir 40 atriði félagsauðs með því að athuga hvort ákveðnir áhættuþættir séu til staðar eins og heimilisofbeldi, vímuefnaneysla og andfélagsleg hegðun. Einnig er athugað hvort ákveðnir varnarhættir eins og gott heilsufar og góður árangur í skóla séu til staðar. Efling félagsauðs virðist skipa mikilvægan sess í eðlilegum þroska ungs fólks, sérstaklega þegar tekist er á við erfiða lífsreynslu og hindranir. Einnig hefur verið sýnt fram á að efling félagsauðs hjá börnum og unglingum sé lykilþáttur í forvörnum gegn áhættuhegðun innflytjenda og minnihlutahópa. Því er áhyggjuefni að fá ungmenni virðast upplifa hina jákvæðu þætti félagsauðs í lífi sínu samkvæmt niðurstöðum könnunar *Search Institute* (Mannes, Roehlkepartain og Benson, 2005).

Mikilvægi samstarfs og rannsóknir á samstarfsverkefnum

Aðilar á Íslandi sem bjóða upp á starf fyrir börn og unglinga í frítíma þeirra eru meðal annars ÍTR, tónlistarskólar, myndlistarskólar, kirkjan, KFUM&K, íþróttafélög, skátarnir og önnur félagasamtök svo fátt eitt sé nefnt. Þessir aðilar eða samtök bjóða upp á fjölbreytta þjónustu sem mörg börn og unglingar nýta sér og eru þau jafnvel í samskiptum við fleiri en einn aðila yfir skólaárið. Í stefnu ÍTR er kveðið á um mikilvægi samstarfs til að geta sinnt hlutverki sínu og markmiðum í frítímaþjónustu fyrir íbúa Reykjavíkur (Reykjavíkurborg, e.d.a.). Í hugmyndafræðinni um eflingu félagsauðs er samstarf einnig talið mikilvægt og í raun nauðsynlegt til að getað náð fram markmiðum hugmyndafræðinnar. Gerð hefur verið úttekt á rannsóknum sem tengjast notkun aðferðafræði eflingar félagsauðs í skólastarfi sem forvörn fyrir börn og unglinga sem talin eru í áhættuhóp eða eru farin að taka þátt í áhættuhegðun eins og notkun á tóbaki og vímuefnum, ástundun kynlífs og neyslu óhollrar fæðu svo fátt eitt sé nefnt. Í úttektinni er bent á að félagsráðgjafi skólans skuli hafa umsjón með áætlunum og aðgerðum við eflingu félagsauðs en hann þurfi á samvinnu foreldra, kennara, námsráðgjafa, skólasálfræðinga, íþróttakennara og annarra er tengjast skóla og frítímastarfi barnanna að halda (Edwards o.fl. 2007).

Í Bandaríkjunum er líkt og hér á landi skipulagt frístundastarf á vegum borgarinnar eða hverfisins, sem er þá almenns eðlis, og einnig á vegum trúfélaga. Árið 2006 var byrjað að kanna hvort grundvöllur væri fyrir því að þessir tveir aðilar störfuðu saman á faglegum nótum („Building Bridges“, 2007). Rannsóknin fór þannig fram að sendir voru spurningalistar rafrænt til fjölda starfsmanna, bæði þeirra sem störfuðu á vegum borgarinnar eða hverfisins og trúfélaganna. Sex rýnihópar voru stofnaðir í fjórum borgum með blönduðum þátttakendum frá borginni eða hverfinu og trúfélögunum. Að lokum voru tekin ítarleg viðtöl við yfir tvo tugi leiðtoga á þessu sviði til að ramma inn hugmyndafræðina á bak við samstarf og koma með hugmyndir að framtíðarstarfi á þessu sviði. Út frá svörum starfsmannanna og leiðtoganna komu fram eftirtalin fjögur atriði sem fela í sér sóknarfæri samstarfs á milli þessa aðila. Í fyrsta lagi væri hægt að auðga líf barna og unglinga með samstarfi. Fyrir þá sem vinna með börnum og unglingum er aðalmarkmiðið að vinna gott starf þeim til hagsbóta. Talið var að hægt væri að bæta starfið með samstarfi. Í

öðru lagi væri hægt að auðga skilning og víðsýni barna og unglinga með því að auka samstarfs milli þessa tveggja aðila þar sem unnið væri sameiginlega að ákveðnum verkefnum. Með því myndi skilningur og virðing skapast á milli þessara aðila. Í þriðja lagi væri hægt að nota styrkleika hvors fyrir sig til að bæta starfið almennt, börnum og unglingum til hagsbóta. Trúfélögin höfðu til dæmis mikla reynslu af því að vinna með sjálfbærðum og væri hægt að miðla henni til starfsmanna á vegum hverfisins. Að lokum var nefnt að ef ætti að skapa heildstætt starf innan hverfisins þyrfti samtaka afl allra þeirra sem vinna á sama vettvangi („Building Bridges“, 2007).

Eins og fram kemur í Meginstefnu og starfsáherslum ÍTR fyrir árin 2005-2010 (Reykjavíkurborg, e.d.a.) er æskulýðsstarf ÍTR í eðli sínu forvarnarstarf þar sem unnið er að því að auka þekkingu barna og unglinga og hafa áhrif á viðhorf þeirra á þann veg að þau kjósi frekar heilbrigðan lífsstíl. Í rannsókn þar sem kannað var hvort þátttaka í frítímastarfi sem byggist á samstarfi og samskiptum innan hópsins hefði áhrif á félagstengsl og tengsl við samfélagið. Rannsóknin var gerð í alþjóðlegum sumarbúðum fyrir börn og gögnum var safnað með rýnihópum og þátttökuathugunum. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að frítímastarf geti skapað grundvöll fyrir tengslamyndun og aukinn skilnings á aðstæðum og upplifunum annarra (Yuen, Pedlar og Mannell, 2005).

Ef markmiðið er að vinna gott og markvisst forvarnarstarf í frítíma barna og unglinga er vert að skoða hvað felst í árangursríku frítímastarfi. Í rannsókn þar sem verið var að kanna hvað einkennir árangursríkt frítímastarf komu fram fimm sameiginlegir þættir (Birmingham, Pechman, Russel og Mielke, 2005). Árangursríkt tómstundastarf var skilgreint þannig að námsárangur þeirra barna sem sóttu frístundastarfið tók framförum við þátttöku í starfinu. Valin voru 10 frístundaverkefni og eftirfarandi fjórir þættir voru til staðar í þeirra starfi:

- 1) Fjölbreytt val. Boðið var upp á kennslu og kynningu á hinum ýmsu greinum eins og dansi, tónlist, íþróttum, listum og fleiru sem vakið gat áhuga barnanna og hvatt þau til frekara náms.

- 2) Tækifæri til að þróa með sér færni og leikni. Börnunum voru veitt tækifæri til að æfa sig frekar á þeim sviðum þar sem áhugi þeirra lá. Til dæmis með því þjálfra leikni sína í bókmenntum með lestri, upplestri, skrifum og fleira.
- 3) Sterkur og reynslumikill yfirmaður sem studdur var af vel þjálfuðu og skipulögðu starfsfólki. Yfirmennirnir höfðu mikla reynslu af því að starfa með börnum og unglingum ásamt því að hafa brennandi áhuga á sviðinu og mikil tengsl við samfélagið, börnin og fjölskyldur þeirra.
- 4) Stuðningur fjármögnunaraðila og svigrúm til að þróa starfið sjálfstætt. Yfirmennirnir höfðu vald til að skipuleggja starfið sjálfstætt. Fjármögnunaraðilarnir fengu upplýsingar um starfsemina frá yfirmanni og starfsfólki á reglulegum fundum og mikið traust ríkti á milli þessara aðila.

Verkefnastjórnun

Hægt er að skilgreina verkefni með tvennum hætti: Út frá því sem það er og sem það er ekki. Verkefni er flókið, óhefðbundið, eitthvað sem skal gera í eitt skipti og er takmörkunum háð, til dæmis af tíma, fjármagni og aðföngum. Einnig eru verkefnum sett ákveðin skilyrði til að mæta þörfum viðskiptavina. Verkefni er ekki hluti af daglegu starfi skipulagsheildar. Dagleg og reglubundin störf eða verkefni eru þau sem eru framkvæmd aftur og aftur í sama eða svipuðu formi (Gray og Larson, 2006). Ef hugmyndafræðin um eflingu félagsauðs og markmið ÍTR um mikilvægi samstarfs við þá aðila er vinna með börnum og unglingum í frítíma þeirra eru skoðuð kemur í ljós að samstarf er hugsað sem eðlilegur partur af starfinu. Mörg frístundarheimili og félagsmiðstöðvar hafa aðsetur í skólunum í hverfinu. Samstarf við þjónustumiðstöðvarnar er fastur hluti af unglingastarfinu í gegnum hópastarfið fyrir unglinga í áhættuhópum. Samstarf við þjónustumiðstöðina á barnasviðinu er einnig talið æskilegt, sérstaklega þegar upp koma vandamál með einstök börn. Þar sem verkefnastjórnun miðar við að verkefni eigi sér upphaf og endi þá gilda lögmál hennar og verkferlar ekki nema að litlu leyti í þeim samstarfsverkefnum sem ÍTR kemur að í hverfum borgarinnar.

Það svið verkefnastjórnunar sem einna helst á við í þessu samhengi er það sem snýr að því þegar tvö eða fleiri fyrirtæki spyrða sig saman til að vinna að einu eða fleiri

verkefnum. Helsti kostur þess að vinna saman með þessum hætti er þegar samvinnan helst í gegnum fleiri en eitt verkefni og sambandið viðhelst í lengri tíma. Þetta form verður oft til þess að samstarfsaðilarnir verða meðeigendur í fyrirtækjum hvors annars og þannig viðhelst vinnu sambandið enn frekar. Það ber að hafa í huga að þetta form þróaðist í byggingariðnaði og gildi verkefnastjórnunar á þessu sviði taka mið af því. En almennt má segja um slík samstarfsverkefni að samstarf af þessu tagi sé meira heldur en að vinna saman að sameiginlegum markmiðum, það sé ákveðið hugarfar um hvernig eigi að vinna með öðrum. Að vinna með öðrum fyrirtækjum eða stofnunum krefst skuldbindingar frá öllum þeim er koma að verkefninu auk þess sem traust og virðing verður að ríkja á milli samstarfsaðilanna (Gray og Larson, 2006). Slíkt hið sama gildir eflaust um þau samstarfsverkefni sem ÍTR kemur að í hverfum Reykjavíkur á barna- og unglingasviði.

Aðferð - viðtöl

Þátttakendur

Tekin voru viðtöl við forstöðumann frístundamiðstöðvar, deildarstjóra barnasviðs, deildarstjóra unglingasviðs, umsjónarmann frístundaheimilis, verkefnastjóra félagsmiðstöðvar og starfsmann þjónustumiðstöðvar í einu hverfi Reykjavíkur.

Mælitæki

Spurningaramminn var upphaflega unninn út frá handbók ÍTR um hópastarf (Hulda Valdís Valdimarsdóttir og Sigrún Sveinbjörnsdóttir, í prentun) og stefnu ÍTR varðandi samstarfsverkefni (Reykjavíkurborg, e.d.a). Eftir fyrsta viðtalið, við forstöðumanninn, var honum breytt lítillega með tilliti til þeirrar reynslu sem fékkst. Til dæmis var upphafsspurningunni breytt þannig að fyrst var spurt almennt um hvert væri starf viðkomandi hjá ÍTR og í hverju það fælist. Svo var farið í að fá yfirlit yfir þau samstarfsverkefni sem væru í gangi. Einnig var bætt við í lokin almennt spurningu um það hvort svarandi vildi koma einhverju fleira á framfæri. Auk þess var efnið afmarkað frekar og orðalagi lítillega breytt. Tvær spurningar voru teknar út úr spurningarammanum. Þær sneru að því hvort starfsfólk væri þjálfað sérstaklega til að vinna að hópastarfi og hvernig samstarfsverkefni væru kynnt fyrir samstarfsaðilum, foreldrum og þátttakendum. Ástæðan fyrir því að þessar spurningar voru teknar út var fyrst og fremst sú að forstöðumaðurinn svaraði þeim mjög ítarlega og því talið óþarfi að spyrja þeirra aftur. Einnig fannst rannsakanda tengsl spurninganna við efnið ekki jafn mikilvægt og áður.

Spurningarammanum var aftur breytt fyrir fjórða viðtalið, við umsjónarmann frístundaheimilis. Eftir að hafa farið yfir viðtölin og endurmetið rannsóknarspurningarnar og tengsl þeirra við spurningarammann var ákveðið að bæta inn tveim spurningum. Í annarri spurningunni var spurt hvort viðkomandi hefði nægilegt svigrúm til að vinna að samstarfsverkefnum. Önnur spurningin var um mat á árangri en þá var svarandinn beðinn um að meta huglægt árangurinn af

samstarfi ÍTR, skólans sem hann starfar í og þjónustumiðstöðvarinnar í hverfinu. Þessi viðbót var gerð annars vegar til að mæta breytingu á rannsóknarspurningu þrjú þar sem rannsakandi ákvað að bæta inn hvort starfsmenn ÍTR hafi nægilegt svigrúm til að vinna að samstarfsverkefnum. Einnig fannst rannsakanda ekki nægilega komið að mati á árangri í spurningarammanum og því var hönnuð aukaspurning til að fá fram huglægt mat á árangri. Sjá má viðtalsramma í viðauka 1 og 2.

Framkvæmd

Ákveðið var að hefja úttekt og greiningu á samstarfsverkefnum í einu hverfi Reykjavíkur. Hverfið var valið út frá stærð þess og starfsmenn í hverfinu voru taldir með mikla reynslu af samstarfsverkefnum.

Í því hverfi sem rannsóknin fór fram í er barnastarfinu skipt upp í 6-9 ára starf og 10-12 ára starf. Heilsársfrístundaheimili eru rekin fyrir yngri hópinn en klúbbastarf fyrir 10-12 ára hópinn og unglingastarfið. Frístundaheimilin og félagsmiðstöðvarnar eru reknar í skólum hverfisins, eitt frístundaheimili og ein félagsmiðstöð í hverjum skóla. Til að fá sem besta mynd af þeim samstarfsverkefnum sem ÍTR tengist í hverfinu voru tekin viðtöl við starfsmenn frístundamiðstöðvarinnar en starfsemi hennar er ætlað að halda utan um félags- og æskulýðsstarf hverfisins. Tekin voru viðtöl við forstöðumann, deildarstjóra barnastarfs, deildarstjóra unglingastarfs, verkefnastjóra félagsmiðstöðvar og umsjónarmann frístundaheimilis. Einnig var tekið viðtal við einn starfsmann þjónustumiðstöðvarinnar í hverfinu en rannsakandi taldi það mikilvægt til að greina mætti samstarfið út frá fleiri en einni hlið. Í viðtölum við forstöðumann frístundamiðstöðvarinnar, deildarstjóra barnasviðs og deildarstjóra unglingasviðs var óskað eftir að bent væri á hentuga starfsmenn til að ræða við og fá nánari upplýsingar um vinnslu samstarfsverkefna. Rannsakandi bað viðmælendurna að benda á starfsmenn sem hefðu góða reynslu af samstarfsverkefnum og gætu gefið greinagóðar upplýsingar. Í tilfelli starfsmanns þjónustumiðstöðvarinnar var beðið um þann starfsmann sem ÍTR hefði mest samskipti við. Forstöðumaðurinn benti á deildarstjóra barnasviðs og deildarstjóra barnasviðs benti á umsjónarmann

frístundaheimilisins og starfsmann þjónustumiðstöðvarinnar. Deildarstjóri unglingasviðs benti á verkefnastjóra félagsmiðstöðvarinnar.

Spurningaramminn var upphaflega unninn út frá handbók ÍTR um hópastarf (Hulda Valdís Valdimarsdóttir og Sigrún Sveinbjörnsdóttir, í prentun) og stefnu ÍTR varðandi samstarfsverkefni (Reykjavíkurborg, e.d.a). Spurningarammanum var breytt lítillega eftir fyrsta viðtalið og svo aftur fyrir fjórða viðtalið. Breytingarnar voru gerðar út frá þeirri reynslu sem fékkst af viðtölunum og endurmati á rannsóknarspurningunum.

Markmiðið með viðtölunum var að kortleggja þau samstarfsverkefni sem unnin eru í hverfinu, fá innsýn inn í hversu faglega þau væru unnin og velja hvaða samstarfsverkefni eða samstarfsflöt skuli rannsaka nánar. Eftir viðtalið við forstöðumanninn var ákveðið að leggja áherslu á að greina frekar og rannsaka samstarfið milli ÍTR, skólanna og þjónustumiðstöðvarinnar í hverfinu. Sá samstarfsflötur var valinn sökum þess að í hverfinu stóð yfir mikil endurskoðun og endurmótun á þessu samstarfi bæði á barna- og unglingasviði. Einnig benti forstöðumaðurinn á að þessi samstarfsflötur væri áhugaverðastur þar sem honum fannst að mikill munur væri á samstarfi milli þessa aðila á barna- og unglingasviðinu. Að hans mati var samstarf á unglingasviðinu milli þessa aðila nokkuð gott og í föstum skorðum en ekki á barnasviðinu.

Þegar hafist var handa við að kóða viðtölin byrjaði rannsakandi á því að gera minnisblað með þeim hugtökum sem hann mundi helst eftir að komu fram í viðtölunum. Það hugtak sem sat fastast var orðið *faglegt*. Því ákvað rannsakandi að byrja að lesa viðtölin aftur með það í huga hvort að orðið *faglegt* gæti verið einn af kóðunum. Eftir að hafa lesið yfir fyrstu tvö viðtölin kom í ljós að ekki væri hægt að nota orðið *faglegt* sem kóða þar sem það kom sárasjaldan fyrir í fyrstu viðtölunum. Vissulega var verið að tala um faglegt starf en orðið kom ekki beint fram. Rannsakandi fór því yfir minnisblaðið sem að hann skrifaði á meðan á lestri viðtalanna tveggja stóð og skoðaði orðin sem að komu upp. Þau voru til dæmis, *frumkvæði*, *þjónustumiðstöðin*, *fundir*, *væntingar*, *markmið* og *samstarf*. Því næst ákvað rannsakandi að gera greiningarblað um eitt af orðunum. Orðið *samstarf* kom mjög sterkt fram í báðum viðtölunum og ákvað rannsakandi að gera greiningarblað

fyrir þann hugsanlega kóða, sjá viðauka 1. Það gekk vel og rannsakandi ákvað að nota orðið *samstarf* fyrir kóða og byrjaði að vinna að frekari greiningu.

Að því loknu var ákveðið að kóða einnig eftir orðunum *skóli* og *þjónustumiðstöð*. Þessi orð komu ítrekað fyrir í svörum viðmælenda. Markmiðið með því að kóða eftir orðunum *samstarf*, *skóli* og *þjónustumiðstöð* var að ramma inn þennan samstarfsflöt og fá skýrar upplýsingar um samstarf milli ÍTR, skóla og þjónustumiðstöðvar í því hverfi sem viðtölin fóru fram í.

Aðferð – spurningalisti 1

Þátttakendur

Spurningalisti 1 var lagður fyrir alla umsjónarmenn frístundaheimila og verkefnastjóra félagsmiðstöðva í Reykjavík. Alls er þýðið 54 starfsmenn en þar sem spurningalistinn var forprófaður á 4 einstaklingum, þremur deildarstjórum og einum verkefnastjóra, þá var spurningakönnunin send á 50 netföng. Alls svöruðu 19 spurningakönnuninni sem er 38% svarhlutfall. Þátttakendur skiptust þannig að 15 umsjónarmenn frístundaheimila svöruðu og 4 verkefnastjórar félagsmiðstöðva í Reykjavík.

Þátttakendum var ekki skylt að taka þátt en þeir voru eindregið hvattir til þess af rannsakanda í fyrirmælum spurningakönnunarinnar og af yfirmönnum sínum. Forstöðumenn frístundamiðstöðva í Reykjavík fengu senda tilkynningu um spurningakönnunina í tölvupósti og þeir hvattir til að biðja starfsfólk sitt um að svara spurningakönnuninni.

Mælitæki

Spurningalistinn var unninn út frá viðtölum við starfsfólk ÍTR og Handbók ÍTR um hópastarf (Hulda Valdís Valdimarsdóttir og Sigrún Sveinbjörnsdóttir, í prentun).

Spurningalisti 1, spurningar til umsjónarmanna frístundarheimila og verkefnastjóra félagsmiðstöðva;

Í þessum hluta er spurt almennt um þau samstarfsverkefni sem ÍTR kemur að.
--

1. Í hversu mörgum samstarfsverkefnum hefur þú tekið þátt í síðastliðna 12 mánuði?

0 _____

Spurningin var hönnuð út frá viðtali við deildarstjóra frístundaheimilis en þar kom fram að deildarstjórinn hafði tekið þátt í mjög fáum samstarfsverkefnum síðastliðna 12 mánuði. Því var talið mikilvægt að fá upplýsingar um hversu mörgum samstarfsverkefnum þátttakendur hefðu

tekið þátt í. Meðal annars með tilliti til þess hvernig ætti að meta svörin við restina af spurningalistanum.

Ákveðið var að hafa svarmöguleikann opinn þar sem mikilvægt er að fá nákvæma tölu. Þátttakendur skrifa því inn fjölda þeirra samstarfsverkefna sem þeir hafa verið þátttakendur í síðastliðna 12 mánuði.

2. Hver af eftirtöldum aðilum hefur oftast frumkvæði að samstarfi?

- ☐ Starfsmaður frístundaheimilisins.
- ☐ Umsjónarkennari í skólanum.
- ☐ Starfsmaður þjónustumiðstöðvarinnar.
- ☐ Annar, þá hver?

Spurningin var hönnuð út frá svörum deildarstjóra frístundamiðstöðvar og deildarstjóra barnasviðs í einu hverfi borgarinnar. Þar kom fram að starfsfólk ÍTR væru yfirleitt þeir aðilar sem leituðu eftir samstarfinu. Í báðum viðtölunum kom einnig fram að það væri nokkuð sem að þeirra mati þyrfti að breytast og ætti að vera í höndum þjónustumiðstöðvarinnar.

Notaður var nafnkvæði auk valmöguleikans *annar* þar sem hugsanlegt er að einhver annar innan skólans geti haft frumkvæði að samstarfi. Einnig getur foreldri haft frumkvæði að samstarfi líkt og kom fram í viðtalinu við deildarstjóra frístundarheimilis.

Í þessum hluta er spurt út í rannsóknarspurningu 1, það er að hve miklu leyti samstarfsverkefni sem ÍTR kemur að séu unnin með faglegum hætti.

3. Hversu skýr eða óskýr hafa markmiðin með samstarfinu verið?

- ☐ Alltaf mjög skýr.
- ☐ Oftast frekar skýr.
- ☐ Stundum skýr, stundum ekki.
- ☐ Oftast frekar óskýr.
- ☐ Alltaf mjög óskýr.

Spurningin var hönnuð út frá svörum deildarstjóra frístundaheimilis og deildarstjóra barnasviðs í einu hverfi borgarinnar. Þar kom fram að verið væri að vinna að skýrari og markvissari markmiðasetningu í þeim samstarfsverkefnum sem koma upp í barnastarfinu og að

markmiðasetningu hefði verið ábótavant hingað til. Svör við þessari spurningu ættu einnig að segja til um hversu faglega er unnið að samstarfsverkefnum.

Reynt var að orða svarmöguleikana á þann hátt að þeir samrýmdust raðkvarða.

4. Er alltaf, stundum eða aldrei ákveðin hlutverkaskipan innan samstarfshópsins?

Hér er átt við hvort ákveðið hefði verið með skýrum hætti hver hefði hvaða hlutverk innan samstarfshópsins eins og hver stýrði fundunum, hver ritaði fundargerð, hver sá um hvaða fræðslu og svo framvegis.

- ☐ Alltaf
- ☐ Stundum
- ☐ Aldrei

Spurningin var hönnuð til að fá fram hversu formlegt samstarfið er og þá í leiðinni hversu faglegt það er.

Ákveðið var að hafa svörin á þriggja punkta kvarða og í samræmi við orðalag spurningarinnar.

5. Hversu formlegt eða óformlegt hefur samstarfið almennt verið?

Með formlegu samstarfi er átt við að verkefni séu með skýr markmið, skýra verkferla, tímaplan og mat á árangri.

- ☐ Mjög formlegt.
- ☐ Frekar formlegt.
- ☐ Veit ekki.
- ☐ Frekar óformlegt.
- ☐ Mjög óformlegt.

Spurningin var hönnuð út frá svörum starfsmanna í Gufunesbæ. Í viðtölunum kom fram að utanumhald væri oft ekki til staðar þar sem verkferlar um samstarf þessa aðila væru ekki til staðar heldur oft um að ræða persónulegt samband milli aðila. Samstarf, og það hversu formlegt það er, er því hugsanlega mjög mismunandi milli staða. Svör við þessari spurningu ættu að segja til um hversu faglega er unnið að samstarfsverkefnum.

Reynt var að hafa svarmöguleikana í samræmi við orðalag spurningarinnar. Ákveðið var að hafa fimm punkta kvarða með tilliti til þess að hugsanlegt sé að miðgildi sé gildur svarmöguleiki í þessu tilliti.

Í þessum hluta er spurt út í rannsóknarspurningu 2, það er að hve miklu leyti þau samstarfsverkefni sem ÍTR kemur að bera árangur.

6. Hefur árangurinn af samstarfinu verið metinn með einhverjum hætti?

- ☐ Já, þá hvernig? _____
- ☐ Nei, þá af hverju ekki? _____

Spurningin var hönnuð út frá svörum deildarstjóra frístundaheimilis og deildarstjóra barnasviðs í einu hverfi Reykjavíkur. Í viðtölunum kom fram að mat á árangri samstarfsverkefna væri oft ekki til staðar þar sem verkferlar um samstarf þessa aðila væru ekki til staðar heldur oft um að ræða persónulegt samband milli aðila. Samstarf, og það hversu formlegt það er, er því hugsanlega mjög mismunandi milli staða. Svör við þessari spurningu ættu að segja til um hversu faglega er unnið að samstarfsverkefnum.

Talið er mikilvægt að hafa svarmöguleikana opna til að fá fram upplýsingar um hvernig þessum þætti er háttað. Einnig þarf að hafa í huga að ekki er alltaf þörf á skráningu en það kom fram í öðru viðtalinu. Í forprófun var reynt að fá fram svör sem leitt gætu til þess að hægt væri að setja upp lokaða svarmöguleika í stað þess að hafa tvo opna. Forprófunin gaf ekki af sér slíka svarmöguleika þar sem þír þátttakendur forprófunarinnar vissu ekki til þess að árangurinn af samstarfinu hefði verið metinn.

7. Finnst þér samstarfið á milli ÍTR, skólans og þjónustumiðstöðvarinnar, hingað til hafa borið mikinn eða lítinn árangur?

- ☐ Mjög mikinn árangur.
- ☐ Frekar mikinn árangur.
- ☐ Frekar lítinn árangur.
- ☐ Mjög lítinn árangur.

Þessi spurning var hönnuð til að meta hvort samstarfsverkefnin á milli ÍTR, skólans og þjónustumiðstöðvarinnar hafi almennt borið árangur. Sú vitneskja hefur mikið hagnýtt gildi fyrir ÍTR.

Ákveðið var að hafa svarmöguleikana á fjögurra punkta kvarða til að forðast miðgildisáhrif. Reynt var að hafa svarmöguleikana á raðkvarða og í samræmi við orðalag spurningarinnar.

Í þessum hluta er spurt út í rannsóknarspurningu 3, það er hvort starfsfólk ÍTR hafi næga þekkingu, þjálfun og svigrúm til að vinna að samstarfsverkefnum.

8. Finnst þér þú hafa haft næga þekkingu til að vinna að þeim samstarfsverkefnum sem upp hafa komið?

- ☐ Mjög sammála.
- ☐ Frekar sammála.
- ☐ Frekar ósammála.
- ☐ Mjög ósammála.

Þessi spurning var hönnuð út frá svörum deildarstjóra frístundaheimilis og deildarstjóra barnasviðs í einu hverfi borgarinnar. Í viðtölunum var spurt að sömu spurningu. Í viðtölunum kom fram að starfsmennirnir sem rætt var við töldu sig hafa næga þekkingu og þjálfun til að vinna að samstarfsverkefnum. Svör við þessari spurningu ættu að svara rannsóknartilgátu 2 þar sem spurt er hvort að starfsmenn ÍTR hafi næga þekkingu og þjálfun til að vinna að samstarfsverkefnum.

Forprófun leiddi í ljós nauðsyn þess að hafa svarmöguleikana á raðkvarða. Því var ákveðið að hafa fjóra svarmöguleika og reyna þannig að forðast miðgildisáhrif.

9. Finnst þér þú hafa haft næga þjálfun til að vinna að þeim samstarfsverkefnum sem upp hafa komið?

- ☐ Mjög sammála.
- ☐ Frekar sammála.
- ☐ Frekar ósammála.
- ☐ Mjög ósammála.

Þessi spurning var hönnuð út frá svörum deildarstjóra frístundamiðstöðvar og deildarstjóra barnasviðs í einu hverfi borgarinnar. Svör við þessari spurningu ættu að svara rannsóknartilgátu 2 þar sem spurt er hvort starfsmenn ÍTR hafi næga þekkingu og þjálfun til að vinna að samstarfsverkefnum.

Forprófun leiddi í ljós nauðsyn þess að hafa svarmöguleikana á raðkvarða. Því var ákveðið að hafa fjóra svarmöguleika og reyna þannig að forðast miðgildisáhrif.

10. Finnst þér þú almennt hafa haft nægilegt svigrúm til að vinna vel að þeim samstarfsverkefnum sem stofnað hefur verið til?

- ☐ Mjög sammála.
- ☐ Frekar sammála.
- ☐ Frekar ósammála.
- ☐ Mjög ósammála.

Þessi spurning er hönnuð til að svara rannsóknarspurningu 2 þar sem spurt er hvort starfsmenn ÍTR hafi næga þekkingu, þjálfun og svigrúm til að vinna að þeim samstarfsverkefnum sem þeir taka þátt í.

Forprófun leiddi í ljós nauðsyn þess að hafa svarmöguleikana á raðkvarða. Því var ákveðið að hafa fjóra svarmöguleika og reyna þannig að forðast miðgildisáhrif.

Í þessum hluta er aftur spurt almennt um upplifun starfsmanna af samstarfsverkefnum sem ÍTR tekur þátt í.

11. Hefur þú verið ánægð/ur eða óánægð/ur með þitt hlutverk í samstarfinu?

- ☐ Mjög ánægð/ur.
- ☐ Frekar ánægð/ur.
- ☐ Hvorki né.
- ☐ Frekar óánægð/ur.
- ☐ Mjög óánægð/ur.

Þessi spurning var hönnuð sem mótsvar við spurningunni um það hvort væntingar til samstarfsins hafi staðist. Þannig væri hægt að greina hvort það að væntingarnar hefðu staðist eða ekki stafaði af ánægju eða óánægju með eigið hlutverk.

Við val á svarmöguleikum var reynt að hafa svörin á raðkvarða og í samræmi við orðalag spurningarinnar.

12. Finnst þér þú almennt hafa haft mikinn eða lítinn stuðning af þínum samstarfsaðilum í þeim samstarfsverkefnum sem stofnað hefur verið til?

- ☐ Mjög mikinn stuðning.
- ☐ Frekar mikinn stuðning.

- ☐ Frekar lítinn stuðning.
- ☐ Mjög lítinn stuðning.

Þessi spurning var hönnuð til að kanna hvort starfsmönnum ÍTR finnst þeir almennt græða á þeim samstarfsverkefnum sem þeir taka þátt í. Spurningin er unnin út frá Handbók ÍTR um hópastarf (Hulda Valdís Valdimarsdóttir og Sigrún Sveinbjörnsdóttir, í prentun).
Reynt var að hafa svarmöguleikana á raðkvarða og í samræmi við spurninguna.

13. Hafa væntingar þínar til samstarfsins, milli ÍTR, skólans og þjónustumiðstöðvarinnar, hingað til staðist?

- ☐ Já, alltaf.
- ☐ Já, oft.
- ☐ Stundum.
- ☐ Nei, yfirleitt ekki.
- ☐ Nei, aldrei.

Þessi spurning var hönnuð út frá svörum deildarstjóra frístundaheimilis og deildarstjóra barnasviðs í einu hverfi borgarinnar. Í viðtölunum kom fram að væntingar þeirra til samstarfsins milli ÍTR, skólanna og þjónustumiðstöðvarinnar í hverfinu hefðu ekki staðist hingað til en að það horfði vonandi til betri vegar. Rannsakandi telur mikilvægt að vita hvort það sé einnig upplifun annarra deildarstjóra frístundaheimila og verkefnastjóra félagsmiðstöðva.
Við val á svarmöguleikum var reynt að hafa svörin á raðkvarða og í samræmi við spurninguna.

14. Hvað að þínu mati mætti helst bæta í samstarfinu á milli ÍTR, skólans og þjónustumiðstöðvarinnar?

Ákveðið að hafa eina opna spurningu í lokin til að fá almennar upplýsingar um hvað mætti betur fara í samstarfinu á milli ÍTR, skólanna og þjónustumiðstöðvarinnar. Slíkar upplýsingar hafa hagnýtt gildi fyrir ÍTR.

15. Í hvaða hverfi borgarinnar starfar þú?

- ☐ Árbæ, Grafarholti og Norðlingaholti.
- ☐ Vesturbæ.

- o Miðborg og Hlíðum.
- o Laugardal og Háaleiti.
- o Breiðholti.

Þessi bakgrunnsspurning var talin nauðsynleg til að greina svör þátttakenda eftir hverfum því það er talið líklegt að ekki sé eins staðið að samstarfsverkefnum í öllum hverfum borgarinnar. Út frá þessari spurningu er hægt að gera samanburð á svörum milli hverfa Reykjavíkur. Svarmöguleikarnir voru unnir út frá heimasíðu Reykjavíkurborgar en þar kemur hverfaskiptingin fram (Reykjavíkurborg, e.d.c).

16. Starfar þú á barna- eða unglingasviði?

- o Barnasviði.
- o Unglingasviði.

Þessi bakgrunnsspurning var talin nauðsynleg til að geta gert samanburð milli svara starfsmanna á barnasviði og unglingasviði.

Framkvæmd

Út frá viðtölum sem tekin voru við forstöðumann frístundarmiðstöðvar, deildarstjóra barnastarfs, deildarstjóra unglingastarfs, umsjónarmann frístundarheimilis og verkefnastjóra félagsmiðstöðvar var hannaður spurningalisti fyrir alla umsjónarmenn frístundarheimila og verkefnastjóra félagsmiðstöðva. Einnig var Handbók ÍTR um hópastarf höfð til hliðsjónar við gerð spurninganna (Hulda Valdís Valdimarsdóttir og Sigrún Sveinbjörnsdóttir, í prentun).

Spurningalistinn var forprófaður á þremur umsjónarmönnum frístundaheimila í Grafarvogi þann 5. nóvember 2008. Spurningalistinn var lagður fyrir þátttakendurna eftir umsjónarmannafund og fundaraðstaðan nýtt. Eftir að allir höfðu lokið við útfyllingu listans voru tveir þátttakendanna beðnir um að svara nokkrum spurningum rannsakanda varðandi innihald listans til að ljóst væri að þátttakendur hefðu skilið fyrirmæli og orðalag spurninganna. Þátttakendurnir voru sammála um að fyrirmæli og orðalag spurninganna væri skýrt. Spurningalistinn var einnig forprófaður á einum verkefnastjóra félagsmiðstöðvar í Grafarvogi þann 12. nóvember 2008. Notast var við sömu fundaraðstöðu og í fyrri forprófuninni.

Spurningalistinn var settur upp í forritinu Outcome og sendur með rafrænum hætti á netföng þátttakenda 18. nóvember 2008. Sjá má fyrirmælin í viðauka 3. Sendar voru tvær ítrekanir á þátttakendur sem ekki höfðu svarað könnuninni, sú fyrri 21. nóvember og sú seinni 24. nóvember. Einnig var send út aukaítrekun á röng netföng þann 24. nóvember. Upplýsingar um röng netföng fengust út frá samtölum við forstöðumenn frístundamiðstöðvanna í hverfum Reykjavíkur og í gegnum símhringingar rannsakanda í úrtakið. Niðurstöður voru unnar í forritinu Excel.

Aðferð – Spurningalisti 2

Pátttakendur

Spurningalisti 2 var lagður fyrir alla forstöðumenn frístundamiðstöðva í Reykjavík ásamt forstöðumanni Hins Hússins. Einnig var spurningalisti 2 lagður fyrir alla deildarstjóra barna- og unglingastarfs í Reykjavík og deildarstjóra Hins Hússins.

Svör bárust frá öllum forstöðumönnum frístundamiðstöðva í Reykjavík eða Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum, Laugardal og Háaleiti, Árbæ og Grafarholti, Grafarvogi og Kjalarnesi og að lokum Breiðholti.

Á barnasviði svöruðu deildarstjórar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða og Breiðholts. Svör bárust ekki frá deildarstjórum barnastarfs í Laugardal og Háaleiti, Árbæ og Grafarholti og Grafarvogi og Kjalarnesi.

Deildarstjórar unglingasviðs í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum, Breiðholti og Grafarvogi og Kjalarnesi svöruðu spurningalista 2. Svör bárust ekki frá deildarstjórum Laugardals og Háaleiti og Árbæjar og Grafarholts.

Fyrir Hitt Húsið svöruðu deildarstjóri Trójuhestsins, deildarstjóri menningarmála og deildarstjóri Sérsveitar.

Mælitæki

Spurningalisti 2 var að mestu unnin út frá spurningum í spurningalista 1. Spurningalisti 1 var unninn út frá viðtölum við starfsfólk ÍTR og Handbók ÍTR um hópastarf (Hulda Valdís Valdimarsdóttir og Sigrún Sveinbjörnsdóttir, í prentun). Sjá má spurningalista 2 í viðauka 3.

Megintilgangur spurningalista 2 var að fá betra yfirlit yfir þau samstarfsverkefni sem unnin eru í hverfum Reykjavíkur á barna- og unglingasviði, auk þeirra samstarfsverkefna sem unnin eru í Hinu Húsinu í tengslum við börn eldri en 16 ára. Í þeim tilgangi var bætt við spurningu þar sem spurt var út í fjölda

samstarfsverkefna á ýmsum sviðum í stað opinnar spurningar þar sem spurt var í hversu mörgum samstarfsverkefnum viðkomandi hafi tekið þátt í síðastliðna 12 mánuði.

Einnig var nokkrum spurningum breytt í opnar til að fá ítarlegri svör. Spurningar um hvort starfsmenn hefðu næga þekkingu, þjálfun og svigrúm til að vinna að þeim samstarfsverkefnum sem upp hafa komið voru settar saman í eina opna spurningu. Spurningunum um væntingar til samstarfsins milli ÍTR, skólanna og þjónustumiðstöðvanna var breytt í opnar spurningar. Sjá má spurningalista 2 í viðauka 4.

Spurningalisti 2 var einnig lagaður að starfsemi Hins Hússins. Spurningalisti 2 fyrir Hitt Húsið er frábrugðinn spurningalista 2 fyrir starfsmenn frístundamiðstöðva að því leyti að spurt var um samstarf við grunnskóla í spurningalistanum sem sendur var á frístundarmiðstöðvarnar en Hitt Húsið var spurt út í samstarf við framhaldsskóla. Einnig er í fyrstu spurningunni þar sem spurt var um fjölda samstarfsverkefna við hina ýmsu aðila og stofnanir ekki alveg um sömu aðila að ræða milli frístundamiðstöðvanna og Hins Hússins sökum eðlis starfseminnar á hvorum stað fyrir sig. Að öðru leyti eru spurningarnar hinar sömu. Sjá má spurningalista 2 fyrir Hitt Húsið í viðauka 5.

Framkvæmd

Spurningalisti 2 var þróaður út frá spurningalista 1 ásamt því að vera aðlagður að því markmiði að gera úttekt á samstarfsverkefnum sem eru og hafa verið í gangi í Reykjavík á barna- og unglingasviði ÍTR og Hins Hússins. Til að fá yfirlit yfir þessi samstarfsverkefni var spurningalisti 2 sendur rafrænt á alla deildarstjóra barna- og unglingasviðs ásamt forstöðumenn frístundamiðstöðva. Spurningalisti 2 var einnig sendur á deildarstjóra og forstöðumann Hins Hússins. Spurningalisti 2 fyrir Hitt Húsið er frábrugðinn spurningalista 2 fyrir starfsmenn frístundamiðstöðva að því leyti að spurt er um samstarf við grunnskóla í spurningalistanum sem sendur var á frístundarmiðstöðvarnar en Hitt Húsið er spurt út í samstarf við framhaldsskóla. Einnig í fyrstu spurningunni þar sem spurt er um fjölda samstarfsverkefna við hina ýmsu aðila og stofnanir er ekki alveg um sömu aðila að ræða milli

frístundamiðstöðvanna og Hins Hússins sökum eðlis starfseminnar á hvorum stað fyrir sig. Að öðru leyti eru spurningarnar hinar sömu.

Spurningalisti 2 var forprófaður á einum deildarstjóra barnastarfs og einum forstöðumanni frístundarmiðstöðvar með þeim hætti að listinn var sendur rafrænt á netföng viðkomandi starfsmanna en auk hinna venjubundnu fyrirmæla voru þátttakendur í forprófuninni beðnir um að lesa sérstaklega yfir fyrirmæli og orðalag spurninga og koma með tillögur eða ábendingar um það sem betur mætti fara. Eftir það var listanum breytt lítillega og hann sendur rafrænt á úrtakið sem Word skjal. Gísli Árni Eggertsson, skrifstofustjóri ÍTR, kynnti listann fyrir forstöðumönnum á forstöðumannafundi og sendi listann á úrtakið 9. janúar 2009. Í fyrirmælunum hvatti Gísli Árni viðtakendur eindregið til að svara ásamt því sem hann skýrði tilgang og mikilvægi rannsóknarinnar. Gefinn var skilafrestur til 12. janúar. Ítrekun var send á alla 16. janúar og þeir sem áttu eftir að svara hvattir til þátttöku. Þá báðu örfáir aðilar um lengri frest en seinasta svarið barst 6. febrúar. Niðurstöður voru unnar í forritinu Excel.

Niðurstöður fyrir viðtöl á barnasviði

Markmið þessa verkefnis var að gera úttekt og rannsókn á samstarfsverkefnum sem ÍTR kemur að í hverfum Reykjavíkur. Viðtalið við forstöðumann frístundamiðstöðvarinnar gaf mestar upplýsingar fyrir úttekt á þeim samstarfsverkefnum sem ÍTR tengist í hverfinu. Þess ber að geta að forstöðumaðurinn svaraði spurningunum oftast almennt og greindi því ekki á milli barna á unglingasviðs. Svör hans koma því fyrir eins á barna og unglingasviði. Svör starfsmanna á barnasviði eru svo til stuðnings við svör forstöðumannsins. Niðurstöðurnar voru unnar út frá hverri spurningu fyrir sig í viðtalsrammanum og kóðunum *samstarf*, *skóli* og *þjónustumiðstöð*.

Fyrst var spurt hvort að einhver samstarfsverkefni væru í gangi eða væru nýafstaðin. Tilgangurinn var að fá yfirlit yfir þau samstarfsverkefni sem unnin væru í hverfinu. Nefnt var að samstarf væri við þjónustumiðstöðina í hverfinu í kringum klúbbastarf, vinnu við einstaklingsmál og hverfahátíðir auk þess sem félagasamtök kæmu inn í samstarfið í kringum hverfahátíðir. Mikið samstarf var við skólann þar sem öll frístundaheimilin og félagsmiðstöðvarnar voru staðsett í skólunum. Eitt frístundaheimili og ein félagsmiðstöð í hverjum skóla. Eitthvað var um samstarf við íþróttarfélögin í hverfinu en ekki mikið. Einnig var nefnt samstarf við skátana. Þetta samstarf var almenns eðlis og ekki aðgreint í barna og unglingastarf. Í viðtalinu við deildarstjóra barnasviðs kemur fram að mikið samstarf var við skólana í gegnum frístundarheimilin. Bæði almennt og í tengslum við vinnu með einstaklingsmál. Með almennu samstarfi var átt við samstarf er snýr að notkun á skólastofum og öðru rými fyrir frístundarheimilin. Deildarstjóri barnastarfs nefnir að „samstarfið er þar ýmist beint við kennarana en mismikið við skólastjórnendur og einstaklingana sem unnið er með“. Samstarf við þjónustumiðstöðina hefur ekki verið „nógu markvisst en það hefur verið svolítið fljótandi“ eins og deildarstjóri barnasviðs komst að orði. Í viðtalinu við starfsmann þjónustumiðstöðvarinnar kemur hugsanlega fram skýring á þessu þar sem starfsmaðurinn nefnir að enginn raunverulegur tengiliður sé frá þjónustumiðstöðinni við ÍTR á barnasviði. Samstarf við íþróttafélögin á barnasviði er

með þeim hætti að þau eru oft með æfingar á þeim tímum sem frístundaheimilið er og þá er stefnan að taka því vel ef foreldrar velja að hafa barnið í einhverjum íþróttaæfingum á sama tíma og passa þá upp á að senda barnið í þær á réttum tíma. Einnig væri reynt að bjóða upp á kynningar á íþróttaiðkun í gegnum frístundarheimilin og þá væri öllum börnunum sem eru skráð í frístundaheimilin á þeim degi sem kynningin er haldin boðið á þá kynningu. Íþróttabandalag Reykjavíkur veitir styrk fyrir íþróttaskóla sem öll sex ára börn í hverfinu hafa rétt á og því er það liður í starfi frístundaheimilanna að sækja þann íþróttaskóla. Myndlistaskólinn í Reykjavík var með aðstöðu í tveim skólum í hverfinu og þar var samstarf á milli Myndlistaskólans og frístundaheimilisins um að senda börn í tónlistarnám frá frístundaheimilinu og svo aftur í frístundaheimilið úr myndlistartíma. Tónlistarskólarnir voru einnig oft með tónlistarnám á sama tíma og frístundaheimilin og þá gjarnan inni í skólanum þannig að þá fóru börnin í frístundaheimilinu sem skráð voru í tónlistarskólann í tíma þar og aftur í frístundaheimilið, líkt og með Myndlistaskólann. Á fyrra skólaári, eða 2007-2008, var samstarf við kirkjuna í gegnum frístundaheimilin. Þá kom æskulýðsfulltrúi frá kirkjunni inn í þrjú frístundaheimili einu sinni viku og var með aðsetur í skólunum og þá var þeim börnum sem voru í frístundaheimilunum boðið að fara yfir í kirkjustarf eins og annað val. En kirkjan óskaði ekki eftir að koma inn í skólana þetta skólaár (2008-2009).

Því næst var spurt út í hver væri hugmyndafræðin eða markmiðin með samstarfi, þá aðallega varðandi samstarf ÍTR við skóla og þjónustumiðstöð. Leitast var við að fá upplýsingar um hvort sett væru skýr markmið með samstarfinu og þeim fylgt eftir. Í svörum við þessari spurningu kom fram að verið væri að vinna að því að skýra betur markmið og hlutverk hvers og eins, þá ÍTR, skólanna og þjónustumiðstöðvarinnar, aðallega í tengslum við samstarf þessara aðila með einstaklingsmál. Markmiðið með samstarfi við þjónustumiðstöðina, samkvæmt svari forstöðumannsins, var að hún kæmi inn með sérfræðiþekkingu. Með endurmatinu á samstarfinu sem var í gangi meðan á viðtölunum stóð var verið að finna skýran flöt á samstarfi milli ÍTR og þjónustumiðstöðvarinnar til dæmis til að fá ráðgjöf frá þeim til starfsmanna og hvernig skuli háttu upplýsingaflæði milli stofnananna og svo framvegis. Aðallega var

verið að vinna með að gera allt ferlið er tengist vinnu með einstaklinga skýrara. Forstöðumaðurinn kom inn á að þegar verið væri að vinna með einstakling með hegðunarvandamál myndaðist oft samstarf milli skóla og þjónustumiðstöðvarinnar. Ekki væri gert ráð fyrir aðkomu ÍTR í gegnum frístundarheimilin en þar með væri mikilvægur þáttur klipptur út úr samstarfinu. Deildarstjóri barnasviðs kom einnig inn á þetta með því að segjast hafa lagt áherslu á að þegar sérfræðingar frá þjónustumiðstöðinni eru að greina börnin í skólanum, þá komi þeir líka í heimsókn í frístundarheimilið og fylgist með barninu þar. Börnin verja oft ekki minni tíma í frístundarheimilinu en í skólanum. Markmiðið með samstarfi milli þessara aðila að mati deildarstjóra barnasviðs er að það væri hægt að læra svo mikið hvert af öðru og þannig væri hægt að vinna miklu betur út frá þörfum hvers einstaklings. Endurskoðunarferlið sem hafið var miðaðist við að laga samstarfið á milli ÍTR, skólanna og þjónustumiðstöðvarinnar og fyrirhugaðir voru fundir með þjónustumiðstöðinni og starfsmönnum frístundamiðstöðvarinnar og svo með hverjum og einum skóla þar sem skoðað verður hvernig best sé að standa að þessu samstarfi. Deildarstjóri barnasviðs sagði einnig að verið væri „að reyna að setja í gang svona smá tryggingakerfi eða að það sé örugglega í einhverjum farvegi og að það sé ekkert val um það að vera í samstarfi“. Í gegnum þær umræður sem hafa komið upp í endurmatinu hefur orðið til það módel að þjónustumiðstöðin væri aðilinn sem boðar starfsmenn ÍTR í hverfinu og fulltrúa skólans því oftast er það þjónustumiðstöðin sem er að vinna með mál sem snertir einstaklinga eða vinnu með fjölskyldu í vanda. Þjónustumiðstöðin var þá sá aðili sem að boðaði til fundar á milli þeirra aðila sem að voru að vinna með barnið dags daglega og allir hittust á jafnræðisgrundvelli.

Næsta spurning rannsakanda tengdist væntingum til samstarfsins, hverjar þær hafa verið, hvort þær hafi staðist og ef ekki hverjar ástæðurnar fyrir því séu. Svar forstöðumannsins var að hann vildi sjá þjónustumiðstöðvarnar með meiri þátttöku inn í þetta samstarf og hafa meira frumkvæði í samstarfinu. Hvað varðar skólana þá nefnir forstöðumaðurinn að samstarfið sé misjafnt milli skólanna en „það mætti bæta umgjörðina betur í samstarfi, þetta væri svolítið persónutengt eins og þetta er í dag“. Væntingarnar til þeirrar endurskoðunarvinnu sem hafin var voru að mati

forstöðumannsins að hafa á blaði fyrir hvern samstarfsflöt fyrir sig hver sé þáttur þjónustumiðstöðvarinnar og hver sé þáttur ÍTR. En hingað til hefðu væntingar gagnvart þjónustumiðstöðinni ekki staðist. Að mati deildarstjóra barnasviðs hefur samstarfið milli ÍTR, skóla og þjónustumiðstöðvarinnar ekki verið nægilega markvisst hingað til. Þegar deildarstjóri barnasviðs var spurður hvort væntingarnar til samstarfs hafi verið að skila sér þá var svarið: „Nei, við höfum verið mjög óánægð þar sem þetta hefur ekki orðið svona fastur punktur“. Samstarf við skóla sé mjög mismunandi eftir skólum og byggist oft á persónulegum tengslum. Það sama á við um samstarf við þjónustumiðstöðina. Ferlið þarf að vera skýrara, til dæmis þegar upp koma grunsemdir um barnaverndarmál, hvort skal hafa samband við skólann eða þjónustumiðstöð. Deildarstjórinn bendir á að hægt væri að hafa ferlið þannig „að umsjónarmaður frístundarheimilisins hefur samband við þann aðila hjá þjónustumiðstöðinni sem er með skólann og kemur málinu“ þannig í farveg. Deildarstjóri barnasviðs nefnir einnig að

„markmiðið er það að ef að ég er að ráða inn umsjónarmenn einhversstaðar þá eða að það verða umsjónarmannaskipti þá gengur hann bara að því að eitt af því sem að ég á að gera er að sækja fundi eða að vera í svona samstarfi.“

Deildarstjóri barnasviðs nefnir að í dag sé það þjónustumiðstöðin sem sé aðilinn sem eigi að vera miðpunkturinn og boðar til funda. Sérstaklega í stærri málum þar sem málin eru komin úr höndum skólans og til þjónustumiðstöðvarinnar.

Í svörum umsjónarmanns frístundarheimilis komu fram sambærileg atriði en hann nefnir að það vanti meira samstarf frá skólanum, það er frumkvæði af hálfu starfsmanna skólans að hafa samband við sig þegar upp koma einstaklingsmál. Sálfræðingur frá þjónustumiðstöðinni hafði í einu tilfelli strax samband við umsjónarmanninn sem rætt var við og hann beðinn um að fylla út lista í tengslum við mat á barni. Það fannst umsjónarmanninum gott og fann þá fyrir viðurkenningu á því faglega starfi sem unnið væri í frístundarheimilinu. Umsjónarmaðurinn nefnir þó að yfirleitt þurfi hann sjálfur að hafa frumkvæði að samstarfi og að ganga á eftir því að það viðhaldist. Eða eins og hann komst sjálfur að orði:

„Ef ég væri svona karakter sem myndi bara halda mér til hlés þá væri lítið sem ekkert samstarf í gangi.“

Næstu spurningar rannsakanda snerust um hvort starfsmenn ÍTR á barnasviði hefðu næga þekkingu og þjálfun til að vinna að samstarfsverkefnum. Umsjónarmaður frístundarheimilis var einnig spurður hvort hann hefði nægilegt svigrúm til að vinna að samstarfsverkefnum. Forstöðumaðurinn nefnir að starfsfólk fái sérstaka fræðslupakka frá ÍTR en sækir sér einnig fræðslu og nám sjálf þannig að hann telur það vera í ágætis farvegi. Þó megi alltaf gera betur í þessum efnum en í þessu hverfi sé hópur sem sé fyllilega treystandi í hvað þetta varðar. Deildarstjóri barnasviðs nefnir að umsjónarmennirnir séu með mismunandi menntun, sumir séu tólmstundafræðingar, kennaramenntaðir, leikskólakennaramenntaðir og annað en að hans mati eru starfsmennirnir vel undirbúnir og mikið búið að fara yfir hlutverk ÍTR ef eitthvað skyldi koma upp.

Að lokum komu spurningar sem sneru að árangri, hvort og hvernig hann er metinn og eigið mat viðmælandans á árangri samstarfsverkefna hingað til. Forstöðumaðurinn nefnir aðallega mat í tengslum við unglingasviðið og bendir á að samstarfið á unglingasviði sé almennt nokkuð vel þróað en á barnasviðinu þurfi að koma á betra samstarfi. Eða eins og hann komst að orði:

„gott væri að afmarka viðfangsefnið við samstarf milli ÍTR, þjónustumiðstöðvanna og skólanna varðandi einstaklinga.“

Þar taldi hann mestu þörfina á að samstarfið væri markvissara og betra. Að hans mati er í dag ofuráhersla á að leysa þau vandamál sem upp kæmu innan skólans en þá væri oft á tíðum verið að útiloka þjónustumiðstöðina, ÍTR og jafnvel foreldra.

Deildarstjóri barnasviðs nefnir að mat á árangri sé mest þegar um er að ræða teymisvinnu í kringum börn með ólíkar sérþarfir eins og líkamlega fötlun, þroskafrávik og einhverfu. Þar er skráning og þar er mat. Varðandi önnur verkefni þá bendir deildarstjórinn á að það sé alltaf spurning hvað eigi að skrá en ef að farið er í formlegt samstarf þá væri það hans skoðun að skrá þurfi hvað sé verið að ræða og að hverju sé stefnt. Í gegnum endurmatið sem fram hefur farið á samstarfi ÍTR, skóla og þjónustumiðstöðvarinnar í hverfinu hefur verið ákveðið að þjónustumiðstöðin stýri fundunum og haldi utan um það sem þar fer fram. Þá væri rituð ein fundargerð eða skýrsla.

Niðurstöður fyrir viðtöl á unglingasviði

Markmið þessa verkefnis var að gera úttekt og rannsókn á samstarfsverkefnum sem ÍTR kemur að í hverfum Reykjavíkur. Viðtalið við forstöðumann frístundamiðstöðvarinnar gaf mestar upplýsingar fyrir úttekt á þeim samstarfsverkefnum sem ÍTR tengist í hverfinu. Þess ber að geta að forstöðumaðurinn svaraði spurningunum oftast almennt og greindi því ekki á milli barna á unglingasviðs. Svör hans koma því fyrir eins á barna og unglingasviði. Svör starfsmanna á unglingasviði eru svo til stuðnings við svör forstöðumannsins. Niðurstöðurnar voru unnar út frá hverri spurningu fyrir sig í viðtalsrammanum og kóðunum *samstarf, skóli og þjónustumiðstöð*.

Fyrst var spurt hvort einhver samstarfsverkefni væru í gangi eða væru nýafstaðin. Tilgangurinn var að fá yfirlit yfir þau samstarfsverkefni sem unnin væru í hverfinu. Forstöðumaðurinn nefndi að samstarf væri við þjónustumiðstöðina í hverfinu í kringum klúbbastarf, vinnu við einstaklingsmál og hverfahátíðir auk þess sem félagsamtök kæmu inn í samstarfið í kringum hverfahátíðir. Mikið samstarf væri við skólann þar sem öll frístundaheimilin og félagsmiðstöðvarnar væru staðsett í skólunum. Eitt frístundaheimili og ein félagsmiðstöð voru í hverjum skóla. Eitthvað var um samstarf við íþróttafélögin í hverfinu en ekki mikið. Einnig var nefnt samstarf við skátana. Þetta samstarf var almenns eðlis og ekki aðgreint í barna- og unglingastarf. Í viðtalinu við deildarstjóra unglingasviðs kom einnig fram að skólarnir og þjónustumiðstöðin séu helstu samstarfsaðilarnir. Einnig að samstarf við íþróttafélög, skátana og kirkjuna sé ekki mikið. Mikið og gott samstarf var við lögregluna en kannski ekki nein sérstök verkefni. Einnig var mikið samstarf við aðrar félagsmiðstöðvar og Vinnuskóla Reykjavíkur á sumrin. Í hverfinu var samstarf við Vinnuskólann í gegnum hópa sem frístundamiðstöðin sá um og kölluðust þeir fjör- og léttliðar. Verkefnastjóri félagsmiðstöðvar nefnir einnig verkefni með Íþróttasambandi Íslands þar sem skóli, félagsmiðstöð og foreldrar vinna saman. Verkefnastjórinn fór einnig dýpra í samstarfsverkefnin á milli félagsmiðstöðvarinnar, skóla og þjónustumiðstöðvarinnar og útskýrir að þetta sé sértækt hópastarf fyrir

sjötta, sjöunda og áttunda bekk þar sem unnið væri með sjálfstyrkingu og vináttu. Skólinn hefur það hlutverk að námsráðgjafarnir leggi fram drög að hópnum en svo sé það starfsmaður ÍTR og þjónustumiðstöðvarinnar sem velji í hópinn. Skólinn kemur aftur inn í gegnum kynninguna til foreldra en dettur svo út. Í verkefninu sem unnið var með Vinnuskólanum yfir sumartímenn sé áfram unnið með sjálfstyrkingu og sjálfsmynd. Verkefnastjórinn nefnir einnig að alltaf sé hægt að bregðast við ef eitthvað kemur upp í hverfinu. Þá sé hægt að búa til sérstakan hóp fyrir ákveðinn skóla eða fyrir allt hverfið.

Því næst var spurt út í hver væri hugmyndafræðin eða markmiðin með samstarfi, þá aðallega varðandi samstarf ÍTR við skóla og þjónustumiðstöð. Leitast var við að fá upplýsingar um hvort sett væru skýr markmið með samstarfinu og þeim fylgt eftir. Í svörum við þessari spurningu kom fram að verið væri að vinna að því að skýra betur markmið og hlutverk hvers og eins, þá ÍTR, skólanna og þjónustumiðstöðvarinnar, aðallega í tengslum við samstarf þessara aðila með einstaklingsmál. Markmiðið með samstarfi við þjónustumiðstöðina, samkvæmt svari forstöðumannsins, var að hún kæmi inn með sérfræðipækkingu. Með endurmatinu á samstarfinu sem var í gangi á meðan viðtölunum stóð var verið að finna skýran flöt á samstarfi milli ÍTR og þjónustumiðstöðvarinnar, til dæmis til að fá ráðgjöf frá þeim til starfsmanna og hvernig skuli háttu upplýsingaflæði á milli stofnananna og svo framvegis. Aðallega var verið að vinna með að gera allt ferlið er tengist vinnu með einstaklinga skýrara. Forstöðumaðurinn kom inn á að þegar verið væri að vinna með einstakling með hegðunarvandamál þá myndaðist oft samstarf á milli skóla og þjónustumiðstöðvarinnar. Það væri ekki gert ráð fyrir aðkomu ÍTR í gegnum frístundaheimilin en þar með væri mikilvægur þáttur klipptur út úr samstarfinu. Deildarstjóri unglingasviðs bendir á að þegar hann hóf störf árið 1999 voru gerðir ákveðnir samstarfssamningar við skólana. Félagsmiðstöðvarnar fóru inn í skólana í þessu hverfi árið 1998 og reynslan sýndi að það varð að skoða þetta samstarf vel því annars var talsvert um árekstra og misskilning. Því voru gerðir samningar við alla skólana í hverfinu og samstarfið skýrt betur. Gagnvart þjónustumiðstöðinni voru þetta meira ákveðin verkefni og þau voru í rauninni mjög vel skilgreind að mati deildarstjóra unglingasviðs. Markmiðið með endurmatinu var að koma með meiri

heildarmynd yfir samstarfið milli ÍTR, skólanna og þjónustumiðstöðvarinnar í hverfinu. Ekki þá sérstaklega aðgreint í barnastarf, unglingastarf og sérstök verkefni tengd sviðunum eins og þetta er í dag. Sem sagt það var verið að endurskoða markmiðin og þá sérstaklega gagnvart þjónustumiðstöðinni.

Verkefnastjóri félagsmiðstöðvar nefndi einnig að samstarf við skólana sé mikið þar sem félagsmiðstöðvarnar og frístundaheimilin séu staðsett inn í skólunum. Einnig kemur hann inn á að þjónustumiðstöðin sé miðlæg, það sé stutt að fara til að tala við alla og þannig hafi gluggar fyrir samstarfi opnast. Að hans mati er samstarfsviljinn í hverfinu mikill og þátttaka góð. Hvað varðar klúbbaverkefnin er hlutverkaskipan skýr. Þáttur skólans er þannig að námsráðgjafarnir sækja um en svo kemur félagsráðgjafi eða sálfræðingur frá þjónustumiðstöðinni og vinnur að verkefninu í samstarfi við starfsmann ÍTR.

Næsta spurning rannsakanda tengdist væntingum til samstarfsins á milli ÍTR, skólanna og þjónustumiðstöðvarinnar. Hverjar þær hafa verið, hvort þær hafi staðist og ef ekki hverjar ástæðurnar fyrir því séu. Svar forstöðumannsins var að vilja sjá þjónustumiðstöðvarnar með meiri þátttöku inn í þetta samstarf og hafa meira frumkvæði í samstarfinu. Hvað varðar skólana þá nefnir forstöðumaðurinn að samstarfið sé misjafnt á milli skóla en „það mætti bæta umgjörðina betur í samstarfi, þetta væri svolítið persónutengt eins og þetta er í dag“. Væntingarnar til þeirrar endurskoðunarvinnu sem hafin var voru að mati forstöðumannsins að hafa á blaði fyrir hvern samstarfsflöt fyrir sig hver er þáttur þjónustumiðstöðvarinnar og hver er þáttur ÍTR. En hingað til hefðu væntingar gagnvart þjónustumiðstöðinni ekki staðist.

Deildarstjóri unglingasviðsins talar um væntingar til samstarfsins við skólana út frá því þegar félagsmiðstöðvarnar fóru út í skólana árið 1998. Ástæðuna fyrir því að farið var inn í skólana með félagsmiðstöðvarnar segir deildarstjórinn hafa verið fyrst og fremst þjónustumarkmið og nefnir að „í staðinn fyrir að draga alla unglinga á einhverja tvo staði þá inn í skóla sem þau voru í en aðrir ekki“ sækja unglingarnir félagsmiðstöðina í sínum skóla. Litið var þannig á að „unglingarnir ættu rétt á sambærilegri þjónustu hvar sem þeir ættu heima og til að veita hana þá yrði að fara

inn í alla skólana“. Deildarstjórinn nefnir að þetta hafi skilað sér í góðri mætingu og þátttöku og vill meina að það sé vegna þess að þau séu inni í skólunum. Aðspurður um væntingar til þjónustumiðstöðvarinnar kemur deildarstjórinn inn á að það virðist vera mikið álag þar, allavega á þeim sem ÍTR er í samskiptum við eins og unglingaráðgjöfum, sálfræðingum og félagsráðgjöfum og að upplifunin sé sú að þessir aðilar hafi ekki tíma í önnur verkefni. Deildarstjóri unglingasviðs segir að þetta sé „kannski hluti af ástæðunni fyrir því að verið sé að fara yfir samstarfið í heild“ þannig að ÍTR hefur fullt af væntingum í gegnum það að skoða samstarfið við þjónustumiðstöðina heildrænt og þjónustumiðstöðin hefur verið mjög jákvæð gagnvart því að gera það að mati deildarstjórans. Einnig nefnir deildarstjórinn að það megi hrista svolítið upp í samstarfinu á unglingasviðinu í sambandi við klúbbastarfið og aðkomu þjónustumiðstöðvarinnar að því.

Verkefnastjóri félagsmiðstöðvar kemur ekki mikið inn á það hvort væntingarnar gagnvart samstarfi við skóla og þjónustumiðstöð hafi staðist eða ekki. Hann nefnir þó að alltaf hafi verið hægt að tala saman. Einna helst nefnir verkefnastjórinn að það vanti tíma í undirbúning fyrir hópastarfið. Þar vinni þrír ólíkir staðir (félagsmiðstöð, skóli og þjónustumiðstöð) saman og „þá gefst kannski ekki nógu mikill tími í að við hittumst og förum yfir það sem á að gera“. Starfsmaður þjónustumiðstöðvarinnar tekur í sama streng og segir að samstarfið við ÍTR hafi „verið þannig að ef að það hafa komið upp einhverjir hnökrar þá hafa þeir bara verið lagaðir“. Svör starfsmanns þjónustumiðstöðvarinnar gefa það skýrt til kynna að væntingar til samstarfsins við ÍTR hafa hingað til verið uppfylltar en hann nefnir einnig að oft vanti upp á undirbúning fyrir klúbbastarfið og að útlista megi betur hver séu markmiðin fyrir hvern hóp og skilgreina verkefnin út frá þeim.

Næstu spurningar rannsakanda snerust um hvort starfsmenn ÍTR á unglingasviði hefðu næga þekkingu og þjálfun til að vinna að samstarfsverkefnum. Forstöðumaðurinn nefnir að starfsfólk fái sérstaka fræðslupakka frá ÍTR en sækir sér einnig fræðslu og nám sjálft þannig að hann telur að það sé í ágætis farvegi. Þó megi alltaf gera betur í þessum efnum. Deildarstjóri unglingasviðsins telur að starfsfólkið sé misjafnlega í stakk búið til að takast á við samstarfsverkefni, bara eins og með allt annað og er ekki að tengja það menntun eða fræðslu sérstaklega. Deildarstjórinn

talar um að starfsmennirnir þekki þetta módel en séu ekki þjálfað sérstaklega til að vinna með skólanum og nefnir að

„aðalfókusinn er á að vinna í félagsmiðstöð og vinna með unglingum en svo er þetta viðbótarhlutverk fyrir starfsfólkið að vera í samstarfi við skólana og skólastjóra og húsverði og vera svolítið í gestahlutverki oft inn í skólunum.“

Svör verkefnastjórans eru í samræmi við svör forstöðumannsins og deildarstjórans að því leyti að hann nefnir að hann hafi menntað sig sjálfur en oft á tíðum væri kannski þörf á ýmsum námskeiðum í tengslum við samstarfsverkefni, eftirfylgni og ef eitthvað kemur upp á.

Að lokum komu spurningar sem sneru að árangri, hvort og hvernig hann er metinn og eigið mat viðmælandans á árangri samstarfsverkefna hingað til. Forstöðumaðurinn bendir á að samstarfið á unglingasviði sé almennt nokkuð vel þróað en á barnasviðinu þurfi að koma á betra samstarfi. Eða eins og hann komst að orði

„gott væri að afmarka viðfangsefnið við samstarf milli ÍTR, þjónustumiðstöðvanna og skólanna varðandi einstaklinga.“

Þar taldi hann mestu þörfina á að samstarfið þyrfti að vera markvissara og betra. Að hans mati væri í dag ofuráhersla á að leysa þau vandamál sem upp kæmu innan skólans en þá væri oft á tíðum verið að útiloka þjónustumiðstöðina, ÍTR og jafnvel foreldra. Deildarstjóri unglingasviðs nefnir að yfir hverja önn sé reglulega fundað með skólastjórnendum og farið yfir ákveðin mál ef á þarf að halda og staðan tekin hverju sinni. Eins varðandi samstarfið við þjónustumiðstöðina þá er gerð skýrsla eftir að hverju verkefni lýkur og samstarfið meðal annars metið. Starfsfólk ÍTR gerir þessa skýrslu og skilar til deildarstjórans sem metur þá hvort einhverju þurfi að breyta. Í sumum tilfellum er hins vegar ekki leyfilegt að gera fundargerðir eins og til dæmis í verkefnum sem eru unnin með þjónustumiðstöðinni um stöðu unglingamála í hverfinu en lögreglan kemur inn í þjónustumiðstöðina með þessi verkefni. Þetta samstarf er þó hægt að meta í gegnum ársskýrslur og er það gert til dæmis út frá því hvort þetta sé árangursríkt samstarfsform. Verkefnastjóri félagsmiðstöðvar nefnir einnig þetta matsform sem deildarstjórinn talaði um varðandi skýrslugerð eftir

hópverkefnin en nefnir einnig að þjónustumiðstöðin leggi fyrir ákveðin próf. Að mati verkefnastjórans hefur samstarfið með klúbbana skilað miklu, það sést munur á krökkunum auk þess sem starfsfólk ÍTR græðir á því að krakkarnir kynnast þeim og eiga auðveldara með að nýta sér almennt starf félagsmiðstöðvanna.

Umræða fyrir viðtöl á barna- og unglingasviði

Á heildina litið telur rannsakandi að samstarfinu milli ÍTR, skólans og þjónustumiðstöðvarinnar sé frekar ábótavant á barnasviði. Þjónustumiðstöðin hefur ekki tengingu við ÍTR á barnasviði og samstarf við skólana er misjafnt, bæði á barna og unglingasviði. Einnig má nefna að skóli og þjónustumiðstöð eru helstu samstarfsaðilar ÍTR í hverfinu og ekki mikið samstarf við önnur félagasamtök. Það er í andstöðu við stefnu ÍTR varðandi áherslu á samstarf við alla þá er koma að umönnun barna, þá sérstaklega í frítíma þeirra.


Að mörgu leyti er samstarfið unnið faglega og það ber árangur en með skýrari markmiðum og hlutverkaskipan væri hægt að ná fram meiri árangri. Samkvæmt þeim upplýsingum sem komu fram í viðtölunum hafa starfsmenn ÍTR næga þekkingu og þjálfun til að vinna að samstarfsverkefnum en þurfa ef til vill að skapa sér aukið svigrúm til að vinna að grunninum í barnastarfinu og byggja þar upp gott og öflugt samstarf. Einnig gætu starfsmenn unglingastarfsins hagnast af því að skapa sér aukið svigrúm til vinna að undirbúningi samstarfsverkefna eins og klúbbastarfsins fyrir 6., 7. og 8. bekk.

Niðurstöður fyrir spurningalista 1

Alls svöruðu 19 spurningalista 1 sem er 38% svarhlutfall. Þátttakendur skiptust þannig að 15 umsjónarmenn frístundaheimila svöruðu og 4 verkefnastjórar félagsmiðstöðva í Reykjavík. Sökum lágs svarhlutfalls var ákveðið að birta niðurstöður einungis með lýsandi tölfræði, það er meðaltali, miðgildi sem er talan í röð talna þar sem helmingur talnanna er lægri og helmingurinn hærri, tíðasta gildi eða þeirri tölu sem var algengust og staðalfrávik úr frá normaldreifingu. Í tveim tilvikum þótti við hæfi að birta niðurstöður sem hlutfall af heildar þátttakendafjölda.

Af þeim sem tóku þátt svöruðu allir fyrstu spurningunni um það hversu mörgum samstarfsverkefnum þátttakendur höfðu tekið þátt í síðastliðna 12 mánuði. Meðaltal fjölda samstarfsverkefna var 3,1, miðgildið 2 verkefni en tíðasta gildið var 1 verkefni.

Spurning tvö varðaði það hver hefði oftast frumkvæði að samstarfi. Niðurstöður við spurningu tvö má sjá á mynd 2.



Mynd 1. Hver af eftirtöldum aðilum hefur oftast frumkvæði að samstarfi?

Eins og mynd 2 sýnir hefur starfsmaður frístundaheimilis oftast frumkvæði að samstarfi. Hægt var að rita eigið svar við svarmöguleikann *Annar*. Fjórir þátttakendur rituðu svör sín þar og kom meðal annars fram í svörunum að það færi eftir eðli verkefnisins hver ætti frumkvæðið. Verkefnastjórar félagsmiðstöðva komu fram í tveimur svörum, námsráðgjafi í einu, skólastjóri í einu og íþróttafulltrúi íþróttafélags í einu.

Spurningu þrjú svöruðu 18 þátttakendur af 19 en hún fjallaði um hversu skýr eða óskýr markmiðin með samstarfinu hefðu verið. Niðurstöður fyrir spurningu þrjú má sjá í töflu 1.

Tafla 1. Hversu skýr eða óskýr hafa markmiðin með samstarfinu verið?

	Fjöldi
Alltaf mjög skýr	4
Oftast frekar skýr	9
Stundum skýr, stundum ekki	5
Oftast frekar óskýr	
Alltaf mjög óskýr	
Svarhlutfall	95%
Meðaltal	1,9
Miðgildi	2
Tíðasta gildi	2
Staðalfrávik	0,9

Eins og tafla 1 sýnir þá svöruðu flestir því að markmiðin með samstarfinu væru oftast frekar skýr.

Í spurningu fjögur var spurt hvort hlutverkaskipan innan samstarfshópsins væri alltaf, stundum eða aldrei ákveðin. Í töflu 2 má sjá niðurstöður spurningar fjögur.

Tafla 2. Er alltaf, stundum eða aldrei ákveðin hlutverkaskipan innan samstarfshópsins?

	Fjöldi
Alltaf	7
Stundum	10
Aldrei	1
Svarhlutfall	95%
Meðaltal	1,6
Miðgildi	2
Tíðasta gildi	2
Staðalfrávik	0,7

Eins og tafla 2 sýnir er tíðasta svarið að stundum sé ákveðin hlutverkaskipan innan samstarfshópsins.

Í spurningu fimm var spurt hversu formlegt eða óformlegt samstarfið hafi verið.

Tafla 3 sýnir niðurstöður fyrir spurningu fimm.

Tafla 3. Hversu formlegt eða óformlegt hefur samstarfið almennt verið?

	Fjöldi
Mjög formlegt	2
Frekar formlegt	10
Veit ekki	2
Frekar óformlegt	4
Mjög óformlegt	1
Svarhlutfall	100%
Meðaltal	2,6
Miðgildi	2
Tíðasta gildi	2
Staðalfrávik	1,1

Eins og fram kemur í töflu 3 svara flestir eða 10 þátttakendur því að samstarfið sé almennt frekar formlegt.

Spurning sex fjallar um hvort árangurinn af samstarfinu hafi verið metinn með einhverjum hætti og þá hvernig. Beðið var um að ef merkt var við svarmöguleikann *já* að rita þá með hvaða hætti árangurinn var metinn. Ef þátttakandi merkti við svarmöguleikann *nei* þá var hann jafnframt beðinn um að rita af hverju ekki. Af þeim sem svöruðu spurningakönnuninni svöruðu 16 spurningu sex sem gerir 84% svarhlutfall. Þar af svöruðu 81% *já árangurinn var metinn* og 19% *nei, árangurinn var ekki metinn*. Allir þátttakendur sem svöruðu spurningu sex rituðu sín eigin svör. Af þeim sem sögðu *já, árangurinn var metinn*, þá komu fram svör eins og að árangurinn sé metinn með fundum, umræðum, viðtölum, skýrslum, árangur metinn árlega og að árangurinn sjáist á börnunum, unglingunum og foreldrum. Þeir sem svöruðu því að árangurinn hefði ekki verið metinn nefndu meðal annars að samstarfið væri nýhafið og því ekki hægt að meta.

Í spurningu sjö var spurt hvort samstarfið milli ÍTR, skólans og þjónustumiðstöðvarinnar hefði hingað til skilað miklum eða litlum árangri að mati þátttakenda. Niðurstöður má sjá í töflu 4.

Tafla 4. Finnst þér samstarfið milli ÍTR, skólans og þjónustumiðstöðvarinnar hingað til hafa borið mikinn eða lítinn árangur?

	Fjöldi
Mjög mikinn árangur	1
Frekar mikinn árangur	13
Frekar lítinn árangur	3
Mjög lítinn árangur	
Svarhlutfall	89%
Meðaltal	1,9
Miðgildi	2
Tíðasta gildi	2
Staðalfrávik	0,8

Eins og tafla 4 sýnir finnst flestum þátttakendum samstarfið bera frekar mikinn árangur.

Í spurningum átta, níu og tíu er spurt hvort þátttakendur telji sig hafa næga þekkingu, þjálfun og svigrúm til að vinna að þeim samstarfsverkefnum sem upp hafa komið. Svör við þessum spurningum má sjá í töflum 5, 6 og 7.

Tafla 5. Finnst þér þú hafa haft næga þekkingu til að vinna að þeim samstarfsverkefnum sem upp hafa komið?

	Fjöldi
Mjög sammála	3
Frekar sammála	13
Frekar ósammála	2
Mjög ósammála	
Svarhlutfall	95%
Meðaltal	1,8
Miðgildi	2
Tíðasta gildi	2
Staðalfrávik	1,7

Tafla 6. Finnst þér þú hafa haft næga þjálfun til að vinna að þeim samstarfsverkefnum sem upp hafa komið?

	Fjöldi
Mjög sammála	2
Frekar sammála	14
Frekar ósammála	2
Mjög ósammála	

Svarhlutfall	95%
Meðaltal	1,9
Miðgildi	2
Tíðasta gildi	2
Staðalfrávik	0,7

Tafla 7. Finnst þér þú almennt hafa haft nægilegt svigrúm til að vinna vel að þeim samstarfsverkefnum sem stofnað hefur verið til?

	Fjöldi
Mjög sammála	2
Frekar sammála	9
Frekar ósammála	6
Mjög ósammála	1
Svarhlutfall	95%
Meðaltal	2,2
Miðgildi	2
Tíðasta gildi	2
Staðalfrávik	1,9

Eins og sést í töflum 5, 6 og 7 eru flestir þátttakendur frekar sammála því að þeir hafi næga þekkingu, þjálfun og svigrúm til að vinna að þeim samstarfsverkefnum sem upp hafa komið. Meiri dreifing svara kemur þó fram í spurningunni er varðar svigrúm en næst tíðasta gildið er að þátttakendur séu frekar ósammála því að þeir hafi nægilegt svigrúm til að vinna vel að þeim samstarfsverkefnum sem stofnað hefur verið til.

Spurning 11 lýtur að því hvort þátttakendur hafi verið ánægðir eða óánægðir með sitt hlutverk í samstarfinu. Niðurstöður fyrir spurningu 11 má sjá í töflu 8.

Tafla 8. Hefur þú verið ánægð/ur eða óánægð/ur með þitt hlutverk í samstarfinu?

	Fjöldi
Mjög ánægð/ur	2
Frekar ánægð/ur	11
Hvorki né	4
Frekar óánægð/ur	1
Mjög óánægð/ur	
Svarhlutfall	95%
Meðaltal	2,1

Miðgildi	2
Tíðasta gildi	2
Staðalfrávik	0,9

Eins og tafla 8 sýnir eru flestir þátttakenda frekar ánægðir með sitt hlutverk í samstarfinu en næstflestir eru hvorki ánægðir né óánægðir.

Í spurningu 12 er spurt um stuðning frá samstarfsaðilum í þeim samstarfsverkefnum sem stofnað hefur verið til. Hægt er að sjá svör við spurningu 12 í töflu 9.

Tafla 9. Finnst þér þú almennt hafa haft mikinn eða lítinn stuðning af þínum samstarfsaðilum í þeim samstarfsverkefnum sem stofnað hefur verið til?

	Fjöldi
Mjög mikinn stuðning	2
Frekar mikinn stuðning	11
Frekar lítinn stuðning	4
Mjög lítinn stuðning	
Svarhlutfall	89%
Meðaltal	1,9
Miðgildi	2
Tíðasta gildi	2
Staðalfrávik	0,9

Í spurningu 13 er spurt út í væntingar til samstarfsins og hvort þær hafi hingað til staðist. Niðurstöður má sjá í töflu 10.

Tafla 10. Hafa væntingar þínar til samstarfsins, milli ÍTR, skólans og þjónustumiðstöðvarinnar, hingað til staðist?

	Fjöldi
Já, alltaf	2
Já, oft	9
Stundum	5
Nei, yfirleitt ekki	2
Nei, aldrei	
Svarhlutfall	95%
Meðaltal	2,3
Miðgildi	2
Tíðasta gildi	2
Staðalfrávik	1

Flestir eða níu þátttakendur svara því að væntingar þeirra hafi oft staðist. Fimm þátttakendur eða næst flestir merkja við að stundum hafi væntingar þeirra til samstarfs milli ÍTR, skóla og þjónustumiðstöðvar staðist.

Spurning 14 var opin spurning um hvað mætti betur fara í samstarfinu milli ÍTR, skólans, og þjónustumiðstöðvarinnar. Alls svöruðu 16 af 19 þátttakendum spurningakönnunarinnar þessari spurningu sem gerir 84% svarhlutfall. Í fjórum svaranna kom fram skortur á upplýsingaflæði. Dæmi um lýsandi svar þar sem upplýsingaflæði kemur fram er:

- „Upplýsingaflæði, oft vantar upplýsingar um börn, þær stoppa oft á leiðinni í frístundaheimilin.“

Í tveim svörum er minnst á skort á tíma. Gott dæmi eru eftirfarandi skrif eins þátttakanda:

- „Það mætti vera meiri tími til undirbúnings.“

Þjónustumiðstöðina ber á góma í þremur svörum og fjalla þau öll um að samskiptum við þjónustumiðstöðina sé ábótavant. Eitt lýsandi dæmi er:


- „Hef ekki haft mikil samskipti við þjónustumiðstöð.“

Í tveimur svörum kemur orðið samskipti fyrir og einu í svari orðið samgangur upp í tengslum við að samskipti og samgangur mættu vera meiri. Gott dæmi er eftirfarandi setning:

- „Það mættu vera fleiri samskipti og umræður á milli skóla og frístundar.“

Tvö svaranna voru einungis jákvæð en það gerir að 13% svaranna voru af jákvæðum toga.

Að lokum var spurt tveggja bakgrunnsspurninga. Annars vegar var spurt í hvaða hverfi borgarinnar þátttakandi starfaði og hins vegar hvort hann starfaði á barna- eða unglingasviði. Svör við spurningunni í hvaða hverfi borgarinnar þátttakendur störfuðu má sjá á mynd 2.



Mynd 2. Í hvaða hverfi borgarinnar starfar þú?

Eins og sést á mynd 2 starfa flestir þátttakenda í Laugardal og Háaleiti en svör bárust þó úr öllum hverfum Reykjavíkur. Að lokum skal nefna að flestir þátttakendanna eða 15 störfuðu á barnasviði en 4 á unglingasviði. Það gerir að 79% þátttakenda eru umsjónarmenn frístundaheimila og 21% verkefnastjórar félagsmiðstöðva.

Umræða fyrir spurningalista 1

Sökum þess hve fáir svöruðu spurningakönnuninni er varhugavert að túlka niðurstöður. Út frá svörum þátttakenda er þó ef til vill hægt að fá innsýn í hvað sé að virka og hvað ekki í samstarfi ÍTR við skóla og þjónustumiðstöðvar í hverfum Reykjavíkur. Lagt var upp með þrjár rannsóknarspurningar og var spurningalistinn hannaður með það í huga að svara þeim. Spurningar eitt og tvö voru almenns eðlis og frekar ætlað að fá upplýsingar til að skoða samhliða öðrum spurningum. Þátttakendur höfðu að meðaltali tekið þátt í rúmlega þremur samstarfsverkefnum síðastliðna 12 mánuði. Þess ber að geta að einn þátttakandi svaraði því til að hann hefði ekki tekið þátt í neinu samstarfsverkefni síðastliðna 12 mánuði og svaraði ekki restinni af spurningalistanum, fyrir utan bakgrunnsspurningarnar í lokin, og skekkir það ef til vill niðurstöður eitthvað.

Það að fjöldi samstarfsverkefna síðastliðna 12 mánuði sé um þrjú verkefni ber að skoða í samræmi við stefnu ÍTR um mikilvægi samstarfs við þá aðila sem tengjast frítíma barna og unglinga, meðal annars við skóla og þjónustumiðstöðvar. Þess ber þó að geta að starfsfólk ÍTR hefur frumkvæði að samstarfi samkvæmt niðurstöðum úr spurningu tvö.

Spurningar þrjú, fjögur og fimm tengdust rannsóknarspurningu eitt en í henni er spurt að hve miklu leyti þau samstarfsverkefni sem ÍTR kemur að séu unnin með faglegum hætti. Í svörum þátttakenda kemur fram að markmiðin með samstarfinu séu oftast frekar skýr, stundum sé ákveðin hlutverkaskipan innan samstarfshópsins og að samstarfið sé almennt frekar formlegt. Út frá þessum svörum má segja að samstarfsverkefnin séu almennt frekar fagleg en bæta megi hlutverkaskipan.

Spurningar sex og sjö tengdust rannsóknarspurningu tvö, það er að hve miklu leyti þau samstarfsverkefni sem ÍTR kemur að bera árangur. Svör við spurningu sex gefa til kynna að árangur af samstarfsverkefnum sé yfirleitt metinn. Meirihluti þátttakenda svaraði því að árangur af samstarfsverkefnum sé metinn en svörin voru mörg hver huglæg, að ekki fari fram formlegt mat heldur sjáist árangurinn á börnunum eða unglingunum. Flestir voru einnig sammála því að samstarfið milli ÍTR, skólans og þjónustumiðstöðvarinnar hefði hingað til borið frekar mikinn árangur.

Í spurningum átta, níu og tíu er spurt út í rannsóknarspurningu þrjú en þar er spurt hvort starfsfólk ÍTR hafi næga þekkingu, þjálfun og svigrúm til að vinna að samstarfsverkefnum. Flestir þátttakendanna svöruðu því að þeir væru frekar sammála því að hafa næga þekkingu, þjálfun og svigrúm til að vinna að samstarfsverkefnum. Svör við því hvort starfsmenn ÍTR teldu sig hafa nægilegt svigrúm til að vinna að samstarfsverkefnum dreifðust meira en í spurningunum um þekkingu og þjálfun sem gefur til kynna að ekki hafi allir jafn mikið svigrúm til að vinna að samstarfsverkefnum.

Spurningar ellefu, tólf, þrettán og fjórtán spurðu almennt um upplifun starfsmanna af samstarfsverkefnum. Í þessum hluta kemur fram að þátttakendur hafa verið frekar ánægðir með sitt hlutverk í samstarfinu. Þeim finnst þeir almennt hafa haft frekar mikinn stuðning af sínum samstarfsaðilum í samstarfsverkefnum og að væntingar þeirra til samstarfsins, milli ÍTR, skólans og þjónustumiðstöðvarinnar, hafi oft staðist. Í lok þessa hluta komu þátttakendur með margar góðar ábendingar um hvað þurfi að bæta í samstarfinu milli þessara aðila. Má þar helst nefna bætt upplýsingaflæði og meiri samskipti.

Svör við bakgrunnsspurningunum í lokin leiddu í ljós að svör bárust frá öllum hverfum Reykjavíkur en mun fleiri þátttakendur voru starfsmenn í barnastarfi.

Niðurstöður fyrir spurningalista 2, barnasvið

Deildarstjórar barnastarfs í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum og Breiðholti svöruðu spurningalistanum. Forstöðumenn allra hverfa Reykjavíkur svöruðu spurningalista 2. Svör forstöðumannanna verða birt til stuðnings við svör deildarstjóranna og til upplýsingar um þau hverfi sem ekki bárust svör frá. Svör forstöðumanna þeirra hverfa þar sem ekki bárust svör frá deildarstjórum verða sett inn í töfluna en merkt með y-i. Svör deildarstjóranna eru merkt með x-i. Svör forstöðumannanna í þeim hverfum þar sem svör bárust frá deildarstjórum barnasviðs bárust voru skráð í töflurnar fyrir aftan x deildarstjóranna, merkt með y-i. Í opnum spurningum eru svör forstöðumanna þeirra hverfa þar sem deildarstjórnir svöruðu listanum skrifuð með rauðu lettri til aðgreiningar við svör deildarstjóranna. Svör forstöðumanna þeirra hverfa sem ekki bárust svör frá deildarstjóra voru skrifuð með svörtu lettri í töflurnar.

Í fyrstu spurningunni voru þátttakendur beðnir um að skrá fjölda samstarfsverkefna við þá aðila sem skráðir voru í svartöflu. Niðurstöður má sjá í töflu 11.

Tafla 11. Fjöldi samstarfsverkefna milli ÍTR barnastarfs og annarra aðila.

Samstarfsverkefni milli ÍTR barnastarfs og:	Vesturb.	Miðborg - Hlíðar	Breiðholt	Grafarv. - Kjalarnes	Laugard. - Háaleiti	Árbær - Grafarholt
Grunnskóla vegna unglingastarfs 13-15 ára:			x			
Grunnskóla vegna barnastarfs 10-12 ára:	1		x			
Grunnskóla vegna barnastarfs 6-9 ára:	3	1		y		
Grunnskóla vegna einstaklingsmála:			x	y		
Þjónustumiðstöðvar vegna unglingastarfs 13-15 ára:			x			1
Þjónustumiðstöðvar vegna barnastarfs 10-12 ára:						2
Þjónustumiðstöðvar vegna barnastarfs 6-9 ára:	1	3		y		2
Þjónustumiðstöðvar vegna einstaklingsmála:	1		x	y		
Grunnskóla og þjónustumiðstöðvar vegna unglingastarfs 13-15 ára:			x			2
Grunnskóla og þjónustumiðstöðvar vegna barnastarfs 10-12 ára:						
Grunnskóla og þjónustumiðstöðvar vegna barnastarfs 6 - 9 ára:				y		
Grunnskóla og þjónustumiðstöðvar vegna einstaklingsmála:			x	y	3	
Grunnskóla vegna barna- og eða unglingalýðræðis:			x			
Sérhópa (svo sem jaðargreina):			x			2
Almennings (svo sem hverfahátíða o.fl.):			x	y	3	3
5% reglu Frístundakorts (hverjir vinna saman):	1		x	Skóli, þjónustu- og félagsmiðstöð	1	
Samstarfs við íprótta- og æskulýðsfélög:	3	1	x		4	3
Samstarfs vegna fatlaðra við skóla, þjónustumiðstöðva, félaga og samtama:		1	x			2

Eins og sést í töflu 11 skráðu tveir þátttakendur ekki fjölda samstarfsverkefna. Þeirra svör eru táknuð annars vegar sem x og hins vegar sem y, þar sem notast var við svör forstöðumanns fyrir hverfið.

Tafla 12. Hver af eftirtöldum aðilum hefur oftast frumkvæði að samstarfi?

	Vesturb.	Miðborg - Hlíðar	Breiðholt	Grafarv. - Kjalarnes	Laugard. - Háaleiti	Árbær - Grafarholt
Umsjónarmaður/verkefnastjóri frístundaheimilis		x y	y			y
Umsjónarmaður/verkefnastjóri félagsmiðstöðvar			x	y		
Starfsmaður skólans						
Starfsmaður þjónustumiðstöðvarinnar		y	x			
Annar, þá hver?	Mjög mismunandi, bæði ég sjálf og aðrir. Deildarstjóri í frístunda miðstöð.			Forstöðumaður	Ýmist, aðallega stjórnendur frístunda miðstöðvar	

Það að umsjónarmaður eða verkefnastjóri frístundaheimilis hafi oftast frumkvæði að samstarfi er tíðasta gildi þessarar spurningar.

Tafla 13. Hversu skýr eða óskýr hafa markmiðin með samstarfinu verið?

	Vesturbær	Miðborg - Hlíðar	Breiðholt	Grafarv. - Kjalarnes	Laugard. - Háaleiti	Árbær - Grafarholt
Alltaf mjög skýr						
Oftast frekar skýr		x y	x y	y	y	y
Stundum skýr, stundum ekki	x y					
Oftast frekar óskýr						
Alltaf mjög óskýr						

Tíðasta gildi þessarar spurningar er að markmiðin með samstarfinu séu oftast frekar skýr.

Tafla 14. Hversu skýr eða óskýr er hlutverkaskipan innan samstarfshópsins?

	Vesturbær	Miðborg - Hlíðar	Breiðholt	Grafarv. - Kjalarnes	Laugard. - Háaleiti	Árbær - Grafarholt
Oftast skýr		x y	x y	y		
Stundum skýr	x				y	y
Sjaldnast skýr						

Hér er tíðasta gildið að hlutverkaskipan innan samstarfshópsins sé oftast skýr.

Tafla 15. Hversu formlegt eða óformlegt hefur samstarfið almennt verið?

	Vesturbær	Miðborg - Hlíðar	Breiðholt	Grafarv. - Kjalarnes	Laugard. - Háaleiti	Árbær - Grafarholt
Mjög formlegt						
Frekar formlegt	y	x y	x	y		
Veit ekki			y			y
Frekar óformlegt	x				y	
Mjög óformlegt						

Í þessari spurningu er tíðasta gildið að samstarfið sé almennt frekar formlegt en tveir merkja við að samstarfið sé frekar óformlegt.

Tafla 16. Hefur samstarfið verið metið með einhverjum hætti?

Já, þá hvernig?	
Vesturbær	Með stuttri skýrslu eða uppgjörsfundi. Búin er til skýrsla um hvert verkefni og starfsmenn leggja mat á árangur. Í sumum tilfellum eru foreldrar og börn spurð um árangur. Samstarf við skóla á formlegum fundum þar sem fagaðilar meta árangur hvers og eins. Mætti meta á mun formlegri hátt. Gengur mun betur í samstarfi við skóla en við Vesturgarð. Samstarf við skóla er formgert og fólk er meðvitað um sitt hlutverk. Samstarf við Vesturgarð er óskýrt. Þegar við erum að vinna verkefni með KR eru hlutverkin mjög skýr og einnig þegar unnið er með skólanum.
Miðborg - Hlíðar	Skýrslugerð. Skýrslugerð/ánægju samstarfsaðila og viðskiptavina.
Breiðholt	Með stöðu barna og unglinga hverju sinni, eftirfylgni og umræður um hvað gekk vel og hvað mætti bæta. Viðhorfskannanir.
Laugardalur - Háaleiti	Sum t.d. Hópastarf eða ASEBA könnun
Árbær - Grafarholt	
Grafarvogur - Kjalarnes	Unglingadeild - er mat gert með viðtölum o.fl. Barnadeild - minna um mat enda mun styttra komið í ferlinu varðandi samstarfsverkefni en unglingamegin. Samstarf vegna hverfahátíða er metið með skýrslugerð þar sem farið er yfir hvað gekk vel og hvað ekki.

Forstöðumaður Árbæjar og Grafarholts svaraði ekki þessari spurningu.

Af þeim sem svöruðu nefna allir einhverskonar mat, oftast kemur fram að mat fari fram með skýrslugerð.

Tafla 17. Finnst þér samstarfið á milli ÍTR og skólanna (í þínu hverfi), hingað til hafa borið mikinn eða lítinn árangur?

	Vesturbær	Miðborg - Hlíðar	Breiðholt	Grafarv. - Kjalarnes	Laugard. - Háaleiti	Árbær - Grafarholt
Mjög mikinn árangur						y
Frekar mikinn árangur		x y	x y	y		
Frekar lítinn árangur	x				y	
Mjög lítinn árangur						

Forstöðumaður Vesturbæjar svaraði ekki þessari spurningu fyrir barnasvið.

Hér er tíðasta gildið að samstarfið milli ÍTR og skólanna hafi borið frekar mikinn árangur.

Tafla 18. Finnst þér samstarfið á milli ÍTR og þjónustumiðstöðvarinnar (í þínu hverfi) hingað til hafa borið mikinn eða lítinn árangur?

	Vesturbær	Miðborg - Hlíðar	Breiðholt	Grafarv. - Kjalarnes	Laugard. - Háaleiti	Árbær - Grafarholt
Mjög mikinn árangur		x y				
Frekar mikinn árangur			x y			
Frekar lítinn árangur	y					y
Mjög lítinn árangur	x				y	

Forstöðumaður Laugardals og Háaleitis svaraði ekki þessari spurningu.

Ekki kemur fram tíðasta gildi. Jafn margir, eða tveir, merkja við hvern svarmöguleika. Einnig merkja jafn margir við frekar mikinn og mjög mikinn árangur og frekar lítinn og mjög lítinn árangur.

Tafla 19. Finnst þér þú hafa haft næga þekkingu, þjálfun og svigrúm til að vinna að þeim samstarfsverkefnum sem upp hafa komið?

Vesturbær	Næga þekkingu og þjálfun í þau flest já, oft lítið svigrúm til að helga sig einu verkefni vegna anna. Þekking og þjálfun og svigrúm ætti að vera nægilegt. Samstarfsvilji þjónustumiðstöðvar er ekki mikill og þjónustusamningur ÍTR við ÞM er óljós og mjög óskýr. Hlutverk frístundaráðgjafa á ÞM er óskýrt og lýtur nánast ekkert að þeim verkefnum sem upphaflega voru hugsuð að hann mundi sinna. Gefur sig út fyrir að vera starfsmaður ungmennaráðs Vesturbæjar en mætir aldrei á fundi eða starfar með börnunum. Allt mikið meira í orði en á borði þau verkefni sem þar eru unnin. Urðum að hætta við samstarf um félagslega einangruð börn 10-12 ára sökum þessa hversu mikill óstöðugleiki var í starfsmanni frá þjónustumiðstöð. Einnig hefur fundum í Vesturbænum-bænum okkar (samstarfsfundir aðila í hverfinu) fækkað mjög mikið og lítið þúður eftir í því starfi. Það er frekar eins og starfsmenn þjónustumiðstöðvarinnar hafi ekki svigrúm til að sinna samstarfsverkefnum eða setja þau aftarlega í forgangs röðunina.
Miðborg - Hlíðar	Þekkingin er til staðar en oft vantar tíma til framkvæmda. Sama svar.
Breiðholt	Já, ég hef bæði langa reynslu í þessu starfi og ÍTR er með öfluga fræðslunefnd sem styður okkur í þessum verkefnum. Já.
Laugardalur - Háaleiti	Jú en ég haf fundið fyrir tímaskorti sérstaklega seinnipart árs.
Árbær - Grafarholt	Já.
Grafarvogur - Kjalarnes	Tel mig hafa næga þekkingu og þjálfun - svigrúmið til meiri þátttöku er minna þar kemur starfsfól almennt til leiks enda vel tilbúið í samstarfsverkefni og þeim finnst þau hafa hag á samstarfi bæði fyrir þau sjálf sem starfsmenn sem og fyrir skjólstæðingana.

Flestir svara því til að þeir séu jákvæðir gagnvart því að hafa næga þekkingu, þjálfun og svigrúm. Einna helst er nefnt að ekki sé nægilegt svigrúm til samstarfs.

Tafla 20. Hefur þú verið ánægð/ur eða óánægð/ur með þitt hlutverk (það er hlutverk ÍTR) í samstarfinu?

	Vesturbær	Miðborg - Hlíðar	Breiðholt	Grafarv. - Kjalarnes	Laugard. - Háaleiti	Árbær - Grafarholt
Mjög ánægð/ur			x			y
Frekar ánægð/ur	y	x y	y	y		
Hvorki né					y	
Frekar óánægð/ur	x					
Mjög óánægð/ur						

Tíðasta gildi þessarar spurningar er að þátttakendur hafa verið frekar ánægðir með sitt hlutverk í samstarfinu.

Tafla 21. Finnst þér þú almennt hafa haft mikinn eða lítinn stuðning af þínum samstarfsaðilum í þeim samstarfsverkefnum sem stofnað hefur verið til?

	Vesturbær	Miðborg - Hlíðar	Breiðholt	Grafarv. - Kjalarnes	Laugard. - Háaleiti	Árbær - Grafarholt
Mjög mikinn stuðning						
Frekar mikinn stuðning	y*	x y	x y	y		
Frekar lítinn stuðning					y	y
Mjög lítinn stuðning	x					

* Ath. Á oftast við en alls ekki við sum verkefni.

Tíðasta gildi þessarar spurningar er að þátttakendum finnst þeir almennt hafa haft frekar mikinn stuðning af sínum samstarfsaðilum í þeim samstarfsverkefnum sem stofnað hefur verið til.

Tafla 22. Hafa væntingar þínar til samstarfsins milli ÍTR og skólanna (í þínu hverfi), hingað til staðist?

Vesturbær	Nei, mjög greinilegt að við sitjum ekki við sama borð og erum aftarlega á forgangslista hjá skólunum. Þurfum yfirleitt að sækja alla hluti (og stundum hart) og ef við erum ekki bankandi á dyrnar minnandi á okkur, þá erum við oft sniðgengin. Ekki er gagnkvæmur skilningur á starfinu og það að vera alltaf „leiguliði“ hjá skólanum setur okkur skrítnar kvaðir.
Miðborg - Hlíðar	Það er mjög mismunandi frá skóla til skóla. Í flestum tilfellum er samstarfið að ganga mjög vel. Sama svar.
Breiðholt	Skólarnir og stjórnendur eru misjafnir eins og þeir eru margir. Í okkar hverfi hefur þetta gengið ágætlega en er alltaf smá barátta. Við erum mjög dugleg að aðlaga okkur að öllum aðstæðum og það er ekki alltaf kostur. Í sumum skólum er samstarfið alveg til fyrirmyndar á meðan það mætti vera betra hjá öðrum. Langoftast.
Laugardalur - Háaleiti	Ágætlega.
Árbær - Grafarholt	Skólarnir halda að sér höndum og því ekki ástæða til að stofna til nýrra verkefna
Grafarvogur - Kjalarnes	Erfitt að svara þessari spurningu nákvæmlega þar sem samstarfið við skólanna er á mjög breiðum grunni allt frá samstarfi um persónuleg málefni einstaklings yfir í viðburði s.s. árshátíð unglunga. Almennt má segja að væntingar til samstarfs hafi staðist að mörgu leyti en oft mætti skólinn koma með meira frumkvæði auk meiri vinnu í þeim verkefnum sem fyrir eru. Þetta er þó mjög misjafnt eftir skólum og einstaklingum. Í spurningu 1 hér að ofan nefni ég ekki þau fjölmörgu samstarfsverkefni sem tengist sameiginlegum viðburðum félagsmiðstöðva og skóla.

Erfitt er að meta hvort svörin séu frekar jákvæð eða neikvæð. Margir nefna að samstarfið gangi misvel eftir skólum en oftast vel. Þó eru einnig margir sem nefna að samstarfið mætti almennt vera betra.

Tafla 23. Hafa væntingar þínar til samstarfsins milli ÍTR og þjónustumiðstöðvarinnar (í þínu hverfi), hingað til staðist?

Vesturbær	Nei, finnst oft lítill stuðningur í þjónustumiðstöð og lítill skilningur starfsmanna á eðli starfsins okkar. Ekki er litið á okkur sem fullgilda þátttakendur, heldur kjána sem verður að hafa með. Nei því miður hafa þær væntingar ekki staðist. Ekki er staðið við setta samninga eins og t.d. varðandi athvarfsvaktir í hverfinu. Vesturgarður stendur ekki við sitt í þeim samningi.
Miðborg - Hlíðar	Algjörlega staðist þar sem að við erum með, innan hverfisins, frábæran frístundafulltrúa á þjónustumiðstöðinni sem er alltaf tilbúinn í samstarf. Sama svar.
Breiðholt	Samstarfið hefur gengið mjög vel. Góðir stjórnendur á báðum stöðum sem hafa viljann og metnað til þess að gera hlutina vel og er samvinna lykilþáttur í því. Já.
Laugardalur - Háaleiti	Góð.
Árbær - Grafarholt	Ekki miklar væntingar.
Grafarvogur - Kjalarnes	Ekki að öllu leyti. Meira frumkvæði þarf að koma frá þjónustumiðstöðinni varðandi sértæk málefni barna og unglinga. Þjónustumiðstöðin þarf meira að hafa okkur með í ráðum þegar slík vinna er í gangi. Nauðsynlegt er að formgera samstarfið enn frekar en nú er gert.

Í þessari spurningu má segja að fjögur svaranna séu jákvæð en fjögur neikvæð.

Tafla 24. Hvað að þínu mati mætti helst bæta í samstarfinu á milli ÍTR, skóla og þjónustumiðstöðva?

Vesturbær	Vantar aukinn skilning á þörfum okkar og því sem við erum að gera og að fólk gleymi því ekki að við erum alltaf öll að þjónusta sama barnið, sömu foreldrana og að það er aukaatriði hvaða borgarstofnun er með barnið hverju sinni. Þarfir þjónustuþegnanna eru alltaf þær sömu, hvort sem barnið er í skóla eða frístundaheimili og að barnið á rétt á sömu gæðum í þjónustu og það er það sem ber að virða. Að ÍTR fái stöðugildi sitt úr þjónustumiðstöð til baka þar sem starfið hefur þróast í aðra átt en upprunalega var stefnt í. Hverfisvitund og félagsauður verði áfram í frístundamiðstöðvum og þjónustumiðstöðin haldi áfram að sinna stoðþjónustu við einstaklinga en þau eru mjög góð í því. Því miður hefur það farið þannig að þau verkefni sem lagt var upp með við gerð þjónustusamnings við þjónustumiðstöðvar að þau verkefni hafa oft á tíðum gufað upp. Samstarf við skólana er mjög gott á unglingsviði en þarf að bæta á barnasviði. Það mun sjálfsagt koma með auknum skilning og þekkingu á starfi hvors annar. Ef frístundaheimilin fengju sitt eigið húsnæði og þyrftu ekki alltaf að karpa við skólastjórnendur um afnot af húsnæði þá væri staðan allt önnur og hægt væri að ræða málin í jafningjastöðu. Þar sem samstarf í hverfinu gengur vel eins og t.d. við KR og Hagaskóla, þá sjáum við hvað það gerir gott fyrir hverfið og þá sem þar eru.
Miðborg - Hlíðar	Gera hlutverk frístundaráðgjafa og þjónustumiðstöðvarinnar skýrara þannig að við, ÍTR, vitum hve mikinn aðgang við höfum að ráðgjöfum og öðru starfsfólki. Gera ábyrgðarhlutverk skýrari. Gera ábyrgðarhlutverk og markmið skýrari.
Breiðholt	Að undanförunum árum höfum við verið að skipta niður á okkur verkefnum og þannið allir séu með á hreinu hverjir eru með hvaða ábyrgð. Við erum alltaf að bæta á okkur þekkingu sem við erum að koma til skila til skólanna. Við höfum aðeins þurft að sanna okkur þar síðustu ár og erum nú að sjá árangur þess. Tel okkur vera á réttri leið í allri samvinnu milli þessara aðila. Við fundum saman reglulega þar sem farið er yfir stöðuna hverju sinni. Gott væri að hafa verkefnastjóra sem hefði ábyrgð og eftirlit með öllum þeim verkefnum sem við sinnum.
Laugardalur - Háaleiti	
Árbær - Grafarholt	Með meira framlagi frá þjónustumiðstöð, sem ætti að stýra slíku samstarfi. Koma á verkferlum í slíku samstarfi ofl.
Grafarvogur - Kjalarnes	Upplýsingastreymi og sameiginleg vinna um málefni einstaklinga. Þegar teymisvinna er í gangi varðandi einstaklingsmál vill oft gleymast að taka ÍTR með í reikninginn. Þetta er bagalegt fyrir starfsfólk okkar sem vinnur í frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum þar sem ekki liggja fyrir upplýsingar um þau mál sem eru í gangi varðandi börn og unglinga í hverfinu.

Forstöðumaður Laugardals og Háaleitis svaraði ekki þessari spurningu.

Tafla 25. Er að þínu mati markvisst unnið með barna- og unglingalýðræði í þeim samstarfsverkefnum sem þú hefur tekið þátt í?

	Vesturbær	Miðborg - Hlíðar	Breiðholt	Grafarv. - Kjalarnes	Laugard. - Háaleiti	Árbær - Grafarholt
Oftast	y	x y		y	y	
Stundum			x y			y
Oftast ekki	x					

Tíðasta gildi þessarar spurningar er að oftast sé unnið markvisst með barna- og unglingalýðræði í þeim samstarfsverkefnum sem þátttakendur hafa tekið þátt í.

Umræða fyrir spurningalista 2 á barnasviði

Út frá svörum deildarstjóra barnastarfs og forstöðumanna frístundarmiðstöðva í hverfum Reykjavíkur má segja að þau samstarfsverkefni sem ÍTR kemur að á barnasviði séu unnin frekar faglega. Markmiðin eru oftast frekar skýr, hlutverkaskipan er oftast skýr, samstarfið er almennt frekar formlegt og samstarfið er metið en þó oft með óformlegum hætti.

Samstarfið á milli ÍTR og skólanna ber almennt frekar mikinn árangur á barnasviði. Ekki er hægt að segja til um árangur af samstarfi við þjónustumiðstöðvarnar þar sem jafn margir þátttakendur töldu að samstarfið bæri mjög eða frekar mikinn árangur og mjög eða frekar lítinn árangur.

Flestir þátttakendur svara því að þeir hafi næga þekkingu og þjálfun til að vinna að samstarfsverkefnum en nokkrir nefna að þeir hafi ekki nægilegt svigrúm til samstarfs.

Niðurstöður fyrir spurningalista 2, unglingasvið

Deildarstjórar unglingastarfs í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum, Breiðholti og Grafarvogi og Kjalarnesi svöruðu spurningalistanum. Forstöðumenn Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða, Laugardals og Háaleitis, Árbæjar og Grafarholts, Breiðholts og Grafarvogs og Kjalarness svöruðu einnig listanum. Svör forstöðumannanna verða birt til stuðnings við svör deildarstjóranna og til upplýsingar um þau hverfi sem ekki bárust svör frá. Svör forstöðumanna þeirra hverfa þar sem ekki bárust svör frá deildarstjórum verða sett inn í töfluna en merkt með y-i. Svör deildarstjóranna eru merkt með x-i. Svör forstöðumannanna í þeim hverfum þar sem svör bárust frá deildarstjórum barnasviðs voru skráð í töflurnar fyrir aftan x deildarstjóranna, merkt með y-i. Í opnum spurningum eru svör forstöðumanna þeirra hverfa þar sem deildarstjórnir svöruðu listanum skrifuð með rauðu letri til aðgreiningar við svör deildarstjóranna. Svör forstöðumanna þeirra hverfa sem ekki bárust svör frá deildarstjóra voru skrifuð með svörtu letri í töflurnar.

Í fyrstu spurningunni voru þátttakendur beðnir um að skrá fjölda samstarfsverkefna við þá aðila sem skráðir voru í svartöflu. Niðurstöður má sjá í töflu 11.

Tafla 26. Fjöldi samstarfsverkefna milli ÍTR unglingastarfs og annarra aðila.

Samstarfsverkefni milli ÍTR unglingastarfs og:	Vesturb.	Miðborg - Hlíðar	Breiðholt	Grafarv. - Kjalarnes	Laugard. - Háaleiti	Árbær - Grafarholt
Grunnskóla vegna unglingastarfs 13 - 15 ára:	2	2			Y	
Grunnskóla vegna barnastarfs 10-12 ára:	1				Y	
Grunnskóla vegna barnastarfs 6-9 ára:						
Grunnskóla vegna einstaklingsmála:	mj.mörg				Y	
Þjónustumiðstöðvar vegna unglingastarfs 13-15 ára:	1			1	Y	
Þjónustumiðstöðvar vegna barnastarfs 10-12 ára:		1		2	Y	
Þjónustumiðstöðvar vegna barnastarfs 6-9 ára:						
Þjónustumiðstöðvar vegna einstaklingsmála:	3			eftir þörfum	Y	
Grunnskóla og þjónustumiðstöðvar vegna unglingastarfs 13-15 ára:	1	3			Y	
Grunnskóla og þjónustumiðstöðvar vegna barnastarfs 10-12 ára:					Y	
Grunnskóla og þjónustumiðstöðvar vegna barnastarfs 6-9 ára:						
Grunnskóla og þjónustumiðstöðvar vegna einstaklingsmála:		Mörg			Y	3
Grunnskóla vegna barna- og eða unglingalýðræðis:	2				Y	
Sérhópa (svo sem jaðargreina):				2	Y	
Almennings (svo sem hverfahátíða o.fl.):	3	2	4		Y	3
5% reglu Frístundakorts (hverjir vinna saman):	2, Hagaskóli - ÍTR og KR - Grunnskól ar - ÍTR	1(Frístund amiðstöð og þjónustu miðstöð)			Skóli, þjónustu miðstöð, félagsmið stöð	1
Samstarf við íþrótt- og æskulýðsfélög:	3	1				4
Samstarfs vegna fatlaðra við skóla, þjónustu- miðstöðva, félaga og samtama:	2					

Eins og sést í töflu 26 ritar forstöðumaður Laugardals og Háaleitis ekki fjölda samstarfsverkefna. Þar sem svör bárust ekki frá deildarstjóra unglingastarfs í Laugardal og Háaleiti voru svör forstöðumannsins táknuð með y-i.

Þess ber að geta að forstöðumaður Árbæjar og Grafarholts greinir ekki á milli barna- og unglingasviðs.

Tafla 27. Hver af eftirtöldum aðilum hefur oftast frumkvæði að samstarfi?

	Vesturbær	Miðborg - Hlíðar	Breiðholt	Grafarv. - Kjalarnes	Laugard. - Háaleiti	Árbær - Grafarholt
Umsjónarmaður/verkefna stjóri frístundaheimilis	y		x y			
Umsjónarmaður/verkefna stjóri félagsmiðstöðvar	y			x y	y	
Starfsmaður skólans						
Starfsmaður þjónustumiðstöðvarinnar	x					
Annar, þá hver?		Deildar- stjóri unglinga- starfs, Frístunda- ráðgjafi þjónustu- miðstöð- var og Verkefna- stjóri Félagsmið- stöðvar.			Forstöðu- maður	Ýmist, aðallega stjórn- endur frístunda- miðstöðvar

Forstöðumaður Vesturbæjar merkir við tvo valmöguleika en greinir ekki á milli barna og unglingastarfs.

Það að umsjónarmaður eða verkefnastjóri félagsmiðstöðvar hafi oftast frumkvæði að samstarfi er tíðasta gildið í þessari spurningu.

Tafla 28. Hversu skýr eða óskýr hafa markmiðin með samstarfinu verið?

	Vesturbær	Miðborg - Hlíðar	Breiðholt	Grafarv. - Kjalarnes	Laugard. - Háaleiti	Árbær - Grafarholt
Alltaf mjög skýr		x	y	y		
Oftast frekar skýr		y		x	y	y
Stundum skýr, stundum ekki	x y					
Oftast frekar óskýr			x			
Alltaf mjög óskýr						

Tíðasta gildi þessarar spurningar er að markmiðin með samstarfinu séu oftast frekar skýr.

Tafla 29. Hversu skýr eða óskýr er hlutverkaskipan innan samstarfshópsins?

	Vesturbær	Miðborg - Hlíðar	Breiðholt	Grafarvogur - Kjalarnes	Laugardalur - Háaleiti	Árbær - Grafarholt
Oftast skýr		x y		x y	y	
Stundum skýr	x		x			y
Sjaldnast skýr						

Forstöðumaður Vesturbæjar svaraði ekki þessari spurningu.

Tíðasta gildi þessarar spurningar er að hlutverkaskipan innan samstarfshópsins sé oftast skýr. Enginn merkir við að hlutverkaskipan sé sjaldnast skýr.

Tafla 30. Hversu formlegt eða óformlegt hefur samstarfið almennt verið?

	Vesturbær	Miðborg - Hlíðar	Breiðholt	Grafarv. - Kjalarnes	Laugard. - Háaleiti	Árbær - Grafarholt
Mjög formlegt				x y		
Frekar formlegt	x y	x y	x		y	
Veit ekki						
Frekar óformlegt						y
Mjög óformlegt						

Tíðasta gildið hér er að samstarfið sé frekar formlegt.

Tafla 31. Hefur árangurinn af samstarfinu verið metinn með einhverjum hætti?

	Já, þá hvernig?	Nei, þá af hverju ekki?
Vesturbær	Búin er til skýrsla um hvert verkefni og starfsmenn leggja mat á árangur. Í sumum tilfellum eru foreldrar og börn spurð um árangur. Samstarf við skóla á formlegum fundum þar sem fagaðilar meta árangur hvers og eins. Mætti meta á mun formlegri hátt. Gengur mun betur í samstarfi við skóla en við Vesturgarð. Samstarf við skóla er formgert og fólk er meðvitað um sitt hlutverk. Samstarf við Vesturgarð er óskýrt. Þegar við erum að vinna verkefni með KR eru hlutverkin mjög skýr og einnig þegar unnið er með skólanum.	Hingað til verið talað um að þetta sé ekki mælanlegt og því ekki hægt að meta.
Miðborg - Hlíðar	Já með matsfundum með þeim aðilum sem stóðu að verkefninu. Skýrslugerð. Skýrslugerð/ánægju samstarfsaðila og viðskiptavina	
Breiðholt	Samtektarfundur og skýrslugerð. Viðhorfskannanir.	
Grafarvogur - Kjalarnes	Með viðtölum við foreldra, þátttakendur og eftirfylgni. Engar tölulegar upplýsingar hafa verið fengnar. Skýrslugerð/ánægju samstarfsaðila og viðskiptavina. Mat er gert með viðtölum o.fl. Samstarf vegna hverfahátíða er metið með skýrslugerð þar sem farið er yfir hvað gekk vel og hvað ekki.	
Laugardalur - Háaleiti	Sumt t.d. hópastarf eða ASEBA könnun	
Árbær - Grafarholt		

Forstöðumaður Árbæjar og Grafarholts svaraði ekki þessari spurningu.

Af þeim sem svöruðu spurningunni nefna allir nema deildarstjóri Vesturbæjar að einhverskonar mat fari fram. Oftast kemur fram að mat fari fram með skýrslugerð.

Tafla 32. Finnst þér samstarfið milli ÍTR og skólanna (í þínu hverfi) hingað til hafa borið mikinn eða lítinn árangur?

	Vesturbær	Miðborg - Hlíðar	Breiðholt	Grafarv. - Kjalarnes	Laugard. - Háaleiti	Árbær - Grafarholt
Mjög mikinn árangur				y		
Frekar mikinn árangur	x y	x y	x y	x	y	
Frekar lítinn árangur						y
Mjög lítinn árangur						

Í þessari spurningu er afgerandi tíðasta gildið að samstarfið milli ÍTR og skólanna hafi hingað til borið frekar mikinn árangur.

Tafla 33. Finnst þér samstarfið á milli ÍTR og þjónustumiðstöðvarinnar (í þínu hverfi), hingað til hafa borið mikinn eða lítinn árangur?

	Vesturbær	Miðborg - Hlíðar	Breiðholt	Grafarv. - Kjalarnes	Laugard. - Háaleiti	Árbær - Grafarholt
Mjög mikinn árangur		x y				
Frekar mikinn árangur			y	x		
Frekar lítinn árangur	y		X	y		
Mjög lítinn árangur	x					y

Forstöðumaður Laugardals og Háaleitis svarar ekki þessari spurningu.

Í þessari spurningu kemur ekki fram eitt tíðasta gildi. Fimm svaranna eru að samstarfið milli ÍTR og þjónustumiðstöðvanna hefur hingað til borið frekar eða mjög lítinn árangur. Fjögur svaranna segja að samstarfið hafi hingað til borið frekar mikinn eða mjög mikinn árangur. Neikvæðu svörin eru því fleiri en jákvæðu.

Tafla 34. Finnst þér þú hafa haft næga þekkingu, þjálfun og svigrúm til að vinna að þeim samstarfsverkefnum sem upp hafa komið?

Vesturbær	Já - já svo framarlega að fundir og verkefni á vegum þjónustumiðstöðvarinnar séu markviss. Þekking og þjálfun og svigrúm ætti að vera nægilegt. Samstarfsvilji þjónustumiðstöðvar er ekki mikill og þjónustusamningur ÍTR við ÞM er óljós og mjög óskýr. Hlutverk frístundaráðgjafa á ÞM er óskýrt og lítur nánast ekkert að þeim verkefnum sem upphaflega voru hugsuð að hann mundi sinna. Gefur sig út fyrir að vera starfsmaður ungmennaráðs Vesturbæjar en mætir aldrei á fundi eða starfar með börnunum. Allt mikið meira í orði en á borði þau verkefni sem þar eru unnin. Urðum að hætta við samstarf um félagslega einangruð börn 10-12 ára sökum þessa hversu mikill óstöðugleiki var í starfsmanni frá þjónustumiðstöð. Einnig hefur fundum í Vesturbænum-bænum okkar (samstarfsfundir aðila í hverfinu) fækkað mjög mikið og lítið þúður eftir í því starfi. Það er frekar eins og starfmenn þjónustumiðstöðvarinnar hafi ekki svigrúm til að sinna samstarfsverkefnum eða setja þau aftarlega í forgangs röðunina.
Miðborg – Hlíðar	Já - já þau verkefni sem við höfum farið út í hingað til hafa gengið ágætlega. Við vegum hvert annað upp í þessum verkefnum. Erum að koma inn með mismunandi þekkingu sem nýtist. Þekkingin er til staðar en oft vantar tíma og svigrúm til framkvæmda.
Laugardalur - Háaleiti	Jú en ég hef fundið fyrir tímaskorti sérstaklega seinnipart árs.
Breiðholt	Nei - Ég hef tekið þátt í verkefni þar sem þessir þættir hafa verið neikvæðir. Já.
Árbær - Grafarholt	Já.
Grafarvogur - Kjalarnes	Já - Í flestum tilvikum er svarið já. Það eina sem kemur í veg fyrir það er tímaleysi, en það er ekki aðkallandi vandamál. Tel mig hafa næga þekkingu og þjálfun - svigrúmið til meiri þátttöku er minna þar kemur starfsfólk almennt til leiks enda vel tilbúið í samstarfsverkefni og þeim finnst þau hafa hag á samstarfi bæði fyrir þau sjálf sem starfsmenn sem og fyrir skjólstæðingana.

Flestir svara því til að þeir séu jákvæðir gagnvart því að hafa næga þekkingu, þjálfun og svigrúm. Einna helst er nefnt að ekki sé nægilegt svigrúm til samstarfs.

Tafla 35. Hefur þú verið ánægð/ur eða óánægð/ur með þitt hlutverk (það er hlutverk ÍTR) í samstarfinu?

	Vesturbær	Miðborg - Hlíðar	Breiðholt	Grafarv. - Kjalarnes	Laugard. - Háaleiti	Árbær - Grafarholt
Mjög ánægð/ur		xy		xy		
Frekar ánægð/ur	y		xy		y	
Hvorki Né	x					y
Frekar óánægð/ur						
Mjög óánægð/ur						

Tíðasta gildi þessarar spurningar er að þátttakendur hafa verið frekar ánægðir með sitt hlutverk í samstarfinu. Enginn þátttakenda merkir við að hafa verið frekar eða mjög áánægður með sitt hlutverk í samstarfi.

Tafla 36. Finnst þér þú almennt hafa haft mikinn eða lítinn stuðning af þínum samstarfsaðilum í þeim samstarfsverkefnum sem stofnað hefur verið til?

	Vesturbær	Miðborg - Hlíðar	Breiðholt	Grafarv. - Kjalarnes	Laugard. - Háaleiti	Árbær - Grafarholt
Mjög mikinn stuðning		x				
Frekar mikinn stuðning	x y*	y	x y	x y	y	
Frekar lítinn stuðning						y
Mjög lítinn stuðning						

* Ath. á oftast við en alls ekki við sum verkefni.

Tíðasta gildi þessarar spurningar er að starfsmenn ÍTR finnast þeir almennt hafa haft frekar mikinn stuðning af samstarfsaðilum í þeim samstarfsverkefnum sem stofnað hefur verið til.

Tafla 37. Hafa væntingar þínar til samstarfsins milli ÍTR og skólanna (í þínu hverfi), hingað til staðist?

Vesturbær	Já að mestu leyti. Það eina sem okkur hafur vanhagað um að vera með í eru nemendaverndarráðsfundur. Í unglingastarfinu er mjög gott samstarf milli skóla og ÍTR. Þar er komin áralöng hefð og skilningur á starfi hvors annars. Mikið um samstarfsverkefni og gott streymi á milli.
Miðborg - Hlíðar	Við erum ný frístundarmiðstöð og erum enn þá að sanna okkur fyrir okkar samstarfsaðilum. Margt sem hefur gengið mjög vel en ætli maður geti ekki alltaf bætt samskiptin á milli okkar og skólans. Það er mjög mismunandi frá skóla til skóla. Í flestum tilfellum er samstarfið að ganga mjög vel.
Breiðholt	Skólarnir og stjórnendur eru jafn misjafnir og þeir eru margir. Í okkar hverfi hefur þetta gengið ágætlega en er alltaf smá barátta. Við erum mjög dugleg að aðlaga okkur að öllum aðstæðum og það er ekki alltaf kostur. Í sumum skólum er samstarfið alveg til fyrirmyndar á meðan það mætti vera betra hjá öðrum. Langoftast.
Grafarvogur - Kjalarnes	Já. Mínar væntingar eru hóflegar og það er alltaf framför í samstarfinu. Erfitt að svara þessari spurningu nákvæmlega þar sem samstarfið við skólana er á mjög breiðum grunni allt frá samstarfi um persónuleg málefni einstaklings yfir í viðburði s.s. árshátíð unglunga. Almenn má segja að væntingar til samstarfs hafi staðist að mörgu leyti en oft mætti skólinn koma með meira frumkvæði auk meiri vinnu í þeim verkefnum sem fyrir eru. Þetta er þó mjög misjafnt eftir skólum og einstaklingum. Í spurningu 1 hér að ofan nefni ég ekki þau fjölmörgu samstarfsverkefni sem tengjast sameiginlegum viðburðum félagsmiðstöðva og skóla.
Laugardalur - Háaleiti	Ágætlega.
Árbær - Grafarholt	Skólarnir halda að sér höndum og því ekki ástæða til að stofna til nýrra verkefna

Erfitt er að greina hvort svörin séu almennt jákvæð eða neikvæð varðandi það hvort væntingar til samstarfs við skólana hafi staðist hingað til. Að minnsta kosti þrír aðilar segja að samstarfið gangi misjafnlega eftir skólum og svör fimm aðila má flokka sem frekar jákvæð en neikvæð. Vesturbærinn er líklegast með afdráttarlausasta jákvæða svarið.

Tafla 38. Hafa væntingar þínar til samstarfsins milli ÍTR og þjónustumiðstöðvarinnar (í þínu hverfi), hingað til staðist?

Vesturbær	Ekki að öllu leyti. Oft finnst manni þetta einungis vera raunverulegt á pappír. Nei því miður hafa þær væntingar ekki staðist. Ekki er staðið við setta samninga eins og t.d. varðandi athvarfsvaktir í hverfinu. Vesturgarður stendur ekki við sitt í þeim samningi.
Miðborg - Hlíðar	Hittumst reglulega á fundum til að ræða málin. Tekið vel á móti okkur ef við leitum eftir upplýsingum eða stuðningi. Frístundaráðgjafi þjónustumiðstöðvar er mjög virkur í samstarfi með okkur. Algjörlega staðist þar sem að við erum með, innan hverfisins, frábæran frístundarfulltrúa á þjónustumiðstöðinni sem er alltaf tilbúinn í samstarf og hefur mikið frumkvæði.
Breiðholt	Samstarfið hefur gengið mjög vel. Góðir stjórnendur á báðum stöðum sem hafa viljann og metnað til þess að gera hlutina vel og er samvinna lykilþáttur í því. Já.
Grafarvogur - Kjalarnes	Já. Mínar væntingar eru hóflegar og það er alltaf framför í samstarfinu. Ekki að öllu leyti. Meira frumkvæði þarf að koma frá þjónustumiðstöðinni varðandi sértæk málefni barna og unglinga. Þjónustumiðstöðin þarf meira að hafa okkur með í ráðum þegar slík vinna er í gangi. Nauðsynlegt er að formgera samstarfið enn frekar en nú er gert.
Laugardalur - Háaleiti	Góð.
Árbær - Grafarholt	Ekki miklar væntingar.

Í þessari spurningu má segja að sex svaranna séu jákvæð en fjögur neikvæð.

Tafla 39. Hvað að þínu mati mætti helst bæta í samstarfinu milli ÍTR, skóla og þjónustumiðstöðva?

Vesturbær	Það þarf að skerpa á jafnræðisgrundvelli. Að ÍTR fái stöðugildi sitt úr þjónustumiðstöð til baka þar sem starfið hefur þróast í aðra átt en upprunalega var stefnt í. Hverfisvitund og félagsauður verði áfram í frístundamiðstöðvum og þjónustumiðstöðin haldi áfram að sinna stoðþjónustu við einstaklinga en þau eru mjög góð í því. Því miður hefur það farið þannig að þau verkefni sem lagt var upp með við gerð þjónustusamnings við þjónustumiðstöðvar að þau verkefni hafa oft á tíðum gufa upp. Samstarf við skólana er mjög gott á unglingasviði en þarf að bæta á barnasviði. Það mun sjálfsagt koma með auknum skilning og þekkingu á starfi hvors annar. Ef frístundaheimilin fengju sitt eigið húsnæði og þyrfti ekki alltaf að karpa við skólastjórnendur um afnot af húsnæði þá væri staðan allt önnur og hægt væri að ræða málín í jafningjastöðu. Þar sem samstarf í hverfinu gengur vel eins og t.d. við KR og Hagaskóla, þá sjáum við hvað það gerir gott fyrir hverfið og þá sem þar eru.
Miðborg – Hlíðar	Auka skilning á milli þessara aðila fyrir því hvað ÍTR stendur fyrir og hvernig starfsemin okkar fer fram. Við erum ný frístundamiðstöð og erum því ennþá að kynnast og skapa hefðir með okkar samstarfsaðilum. Gera ábyrgðarhlutverk og markmið skýrari.
Breiðholt	Að undanförunum árum höfum við verið að skipta niður á okkur verkefnum þannig að allir séu með á hreinu hverjir eru með hvaða ábyrgð. Við erum alltaf að bæta á okkur þekkingu sem við erum að koma til skila til skólanna. Við höfum aðeins þurft að sanna okkur þar síðustu ár og erum nú að sjá árangur þess. Tel okkur vera á rétttri leið í allri samvinnu milli þessara aðila. Við fundum saman reglulega þar sem farið er yfir stöðuna hverju sinni. Gott væri að hafa verkefnastjóra sem hefði ábyrgð og eftirlit með öllum þeim verkefnum sem við sinnum.
Grafarvogur Kjalarnes	Skýra hlutverk hvers og eins með notandann (barnið) að leiðarljósi. Hlutverk þjónustumiðstöðvar er að hafa frumkvæði að og koma á samstarfi þeirra aðila sem koma að starfi með börnum og unglingum í hverfinu. Upplýsingastreymi og sameiginleg vinna um málefni einstaklinga. Þegar teymisvinna er í gangi varðandi einstaklingsmál vill oft gleymast að taka ÍTR með í reikninginn. Þetta er bagalegt fyrir starfsfólk okkar sem vinnu í frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum þar sem ekki liggja fyrir upplýsingar um þau mál sem eru í gangi varðandi börn og unglinga í hverfinu.
Laugardalur - Háaleiti	
Árbær - Grafarholt	Með meira framlagi frá þjónustumiðstöð, sem ætti að stýra slíku samstarfi. Koma á verkferlum í slíku samstarfi o.fl.

Tafla 40. Er að þínu mati markvisst unnið með barna- og unglingalýðræði í þeim samstarfsverkefnum sem þú hefur tekið þátt í?

	Vesturbær	Miðborg - Hlíðar	Breiðholt	Grafarv. - Kjalarnes	Laugard. - Háaleiti	Árbær - Grafarholt
Oftast	xy	xy			y	y
Stundum			xy	xy		
Oftast ekki						

Tíðasta gildi þessarar spurningar er að oftast sé unnið markvisst með barna- og unglingalýðræði í þeim samstarfsverkefnum sem þátttakendur hafa tekið þátt í.

Umræða fyrir spurningalista 2 á unglingasviði

Út frá svörum deildarstjóra unglingasviðs og forstöðumanna frístundamiðstöðva í Reykjavík má segja að samstarfsverkefni sem að unnin eru á unglingasviði séu unnin frekar faglega. Markmiðin með samstarfinu eru oftast frekar skýr og hlutverkaskipan innan samstarfshópsins er oftast skýr. Samstarfið er almennt frekar formlegt og flestir nefna að einhverskonar mat sé á árangri samstarfsins. Oftast er nefnt að matið fari fram með skýrslugerð.

Samstarfið milli ÍTR og skólanna á unglingasviði hefur hingað til borið frekar mikinn árangur. Samstarfið milli ÍTR og þjónustumiðstöðvanna er erfiðara að meta þar sem ekki kemur fram eitt tíðasta gildi. Neikvæðu svörin eru þó fleiri en þau jákvæðu.

Starfsmenn ÍTR eru jákvæðir gagnvart því að hafa næga þekkingu, þjálfun og svigrúm til að vinna samstarfsverkefni á unglingasviði. Þó nefna nokkrir að ekki sé nægilegt svigrúm til samstarfs.

Niðurstöður fyrir spurningalista 2, Hitt Húsið

Þrír deildarstjórar Hins Hússins svöruðu spurningalistanum. Svör þeirra verða birt í niðurstöðunum hér fyrir neðan.

Tafla 41. Samstarfsverkefni milli ÍTR (Hins Hússins) og annarra aðila.

Samstarfsverkefni milli ÍTR (Hitt Húsið) og:	Deildarstjóri Trójuhestsins	Deildarstjóri menningarmála	Deildarstjóri Sérsvéitar
a. Samstarf vegna Jafningjafræðslu (við framhaldsskóla)	19		x
b. Við þjónustumiðstöðvar	8		
c. Samstarf við grunnskóla	2		
d. Við velferðarsvið almennt	1		
e. Við félög (tilgreina félög)	FKB, Samtökin '78	FÍH vegna skapandi sumarstarfa og Músíktílauna	
f. Við framhaldsskóla s.s. Listaháskólann, Fjöltækniskólann, Dansskóla, Tónlistarskóla, aðra	KHÍ, Lýðheilsustöð, ÍTR, Stígamót, Vinnuskóla Rvk., Vinnuskóla Reykjanesbæjar, Vinnuskóla Hellu, Vinnuskóla Seyðisfjarðar, Landsvirkjun, Búrfellsvirkjun, Kárahnjúka, Sálfræðing: Páll Einarsson, Leikara: Agnar Jón, Jógakennara: Ásta Valdimarsdóttir, Forvarnardeild lögreglunnar	Listaháskólann: 2x vegna Unglist og 1x vegna skapandi sumarstarfa og Músíktílauna. Fjöltækniskólann: 2x vegna Unglist og Gallerí Tukt. Fjölbraut Ármúla: 1x vegna Unglist. Fjölbraut Breiðholti: 2x vegna Gallerí Tukt. Menntaskólinn í Reykjavík: 1x vegna Unglist og Gallerí Tukt. Dansskóla (allir skólar í Reykjavík): 1x-2x vegna Unglist og skapandi sumarhópa. Aðra: Ýmsar menningarstofnanir heima og erlendis s.s. Federal Ministry for Education, Arts and Culture í Vín, Aix'Qui, Associationa Aix-en-Provence í Frakklandi, Kuldiga Culture Center-Lettland, Associationa Art Éro í Suður-Frakklandi, Menntamálaráðuneyti Íslands, Akureyrarbæ, Listasafn REykjavíkur, Borgarbókasafn Reykjavíkur, Ríkisútvarpið	x

Samstarfsverkefni milli ÍTR (Hitt Húsið) og:	Deildarstjóri Trójuhestsins	Deildarstjóri menningarmála	Deildarstjóri Sérsvéitar
g. Samstarf vegna fatlaðra við sambýlin, félögin, ferðapjónustu fatlaðra o.fl.			x
h. Við Höfuðborgarstofu vegna viðburða	10 kynningar	4x vegna samstarfs á Vetrarhátíð, Menningarnótt og v. Skapandi sumarhópa og vegna mótunar Menningarstefnu Menningar- og ferðamálasviðs	

Tafla 42. Hver af eftirtöldum aðilum hefur oftast frumkvæði að samstarfi?

	Deildarstjóri Trójuhestsins	Deildarstjóri menningarmála	Deildarstjóri Sérsvéitar
Umsjónarmaður/verkefnastjóri hjá HH.			x
Umsónarmaður/verkefnastjóri félagsmiðstöðvar			
Starfsmaður framhaldsskóla			
Starfsmaður þjónustumiðstöðvarinnar			
Annar, þá hver?	Deildarstjóri/ forstöðumaður	Deildarstjóri menningarmála	

Deildarstjórnarnir merkja allir við að starfsmaður Hins Hússins hafi oftast frumkvæði að samstarfi en mismunandi hvaða aðili það sé.

Tafla 43. Hversu skýr eða óskýr hafa markmiðin með samstarfinu verið?

	Deildarstjóri Trójuhestsins	Deildarstjóri menningarmála	Deildarstjóri Sérsvéitar
Alltaf mjög skýr		x	
Oftast frekar skýr	x		x
Stundum skýr, stundum ekki			
Oftast frekar óskýr			
Alltaf mjög óskýr			

Tveir deildarstjórnar merkja við að markmiðin séu oftast frekar skýr en einn merkir við að markmiðin séu alltaf mjög skýr.

Tafla 44. Hversu skýr er hlutverkaskipan innan samstarfshópsins?

	Deildarstjóri Trójuhestsins	Deildarstjóri menningarmála	Deildarstjóri Sérsvéitar
Oftast skýr	x	x	x
Stundum skýr			
Sjaldnast skýr			

Allir deildarstjórnir eru sammála um að hlutverkaskipan innan samstarfshópsins sé oftast skýr.

Tafla 45. Hversu formlegt eða óformlegt hefur samstarfið almennt verið?

	Deildarstjóri Trójuhestsins	Deildarstjóri menningarmála	Deildarstjóri Sérsvéitar
Mjög formlegt			
Frekar formlegt	x	x	x
Veit ekki			
Frekar óformlegt			
Mjög óformlegt			

Allir deildarstjórnir eru sammála því að samstarfið hafi almennt verið frekar formlegt.

Tafla 46. Hefur árangurinn af samstarfinu verið metinn með einhverjum hætti?

	Já, þá hvernig?	Nei, þá af hverju ekki?
Deildarstjóri Trójuhestsins	Já - mismunandi eftir formi og innihaldi verkefna. T.d. með því að taka stöðufundi, árangur metinn, uppgjör eftir samstarf og þá staðan metin, hvort eigi að halda áfram eður ei.	
Deildarstjóri menningarmála	Út frá framvindu og árangri verkefna	
Deildarstjóri Sérsvéitar	T.d. með því að skoða þátttökulista	

Allir deildarstjórnir svara því að árangur af samstarfinu sé metinn með einhverjum hætti en nefna mismunandi aðferðir.

Tafla 47. Finnst þér samstarfið á milli ÍTR og framhaldsskólanna, hingað til hafa borið mikinn eða lítinn árangur?

	Deildarstjóri Trójuhestsins	Deildarstjóri menningarmála	Deildarstjóri Sérsvéitar
Mjög mikinn árangur		x	
Frekar mikinn árangur	x		x
Frekar lítinn árangur			
Mjög lítinn árangur			

Tveir deildarstjórnanna merkja við að samstarfið milli ÍTR og framhaldsskólanna hafi hingað til borið frekar mikinn árangur. Einn merkir við að það samstarf hafi borið mjög mikinn árangur.

Tafla 48. Finnst þér samstarfið á milli ÍTR og þjónustumiðstöðva, hingað til hafa borið mikinn eða lítinn árangur?

	Deildarstjóri Trójuhestsins	Deildarstjóri menningarmála	Deildarstjóri Sérsvéitar
Mjög mikinn árangur	x		
Frekar mikinn árangur		x	
Frekar lítinn árangur			
Mjög lítinn árangur			

Einn deildarstjórnanna svarar ekki þessari spurningu. Af þeim sem svöruðu þá skiptust svörin á milli þess að samstarfið milli ÍTR og þjónustumiðstöðva hafi hingað til borið frekar mikinn og mjög mikinn árangur.

Tafla 49. Finnst þér þú hafa haft næga þekkingu, þjálfun og svigrúm til að vinna að þeim samstarfsverkefnum sem upp hafa komið?

Deildarstjóri Trójuhestsins	Já - Mér persónulega hefur fundist ég fá mikið svigrúm til að auka þekkingu mína ef hún hefur ekki verið næg fyrir samstarf en oftast hef ég staðið vel að vígi varðandi faglega þekkingu.
Deildarstjóri menningarmála	Já því yfirleitt er samstarfið tengt menningu og listum og við fagaðila á því sviði sem hefur þá auðgað og dýpkað innra starf á vettvangi. Sérfræðiþekking mín og menntun hefur virkilega komið að notum við að efla traust og virðingu samstarfsaðilanna gagnvart okkar málaflokki ungt fólk - listir og menning
Deildarstjóri Sérsvéitar	Já mér finnst allt fyrir ofan vera jákvætt

Allir deildarstjórnarnir þrír eru jákvæðir gagnvart því að þeir hafi haft næga þekkingu, þjálfun og svigrúm til að vinna að þeim samstarfsverkefnum sem upp hafa komið.

Tafla 50. Hefur þú verið ánægð/ur eða óánægð/ur með þitt hlutverk (þ.e. hlutverk ÍTR) í samstarfinu?

	Deildarstjóri Trójuhestsins	Deildarstjóri menningarmála	Deildarstjóri Sérsvéitar
Mjög ánægð/ur		x	x
Frekar ánægð/ur	x		
Hvorki né			
Frekar óánægð/ur			
Mjög óánægð/ur			

Tveir deildarstjórnanna merkja við að þeir hafi verið mjög ánægðir með sitt hlutverk í samstarfi við aðra. Einn merkir við að hann hafi verið frekar ánægður með sitt hlutverk í samstarfi.

Tafla 51. Finnst þér þú almennt hafa haft mikinn eða lítinn stuðning af þínum samstarfsaðilum í þeim samstarfsverkefnum sem stofnað hefur verið til?

	Deildarstjóri Trójuhestsins	Deildarstjóri menningarmála	Deildarstjóri Sérsvéitar
Mjög mikinn stuðning			x
Frekar mikinn stuðning	x	x	
Frekar lítinn stuðning			
Mjög lítinn stuðning			

Tveir deildarstjórnar nefna að þeir hafi haft frekar mikinn stuðning af sínum samstarfsaðilum í þeim samstarfsverkefnum sem stofnað hefur verið til. Þriðji deildarstjórinn merkir við að hann hafi haft mjög mikinn stuðning af sínum samstarfsaðilum.

Tafla 52. Hafa væntingar þínar til samstarfsins milli ÍTR og framhaldsskólanna, hingað til staðist?

Deildarstjóri Trójuhestsins	Já oftast hafa þær staðist. Vinnum þannig að við gerum aðgerðaráætlanir og vinnum út frá þeim og flest allt sem að þeim kemur að samstarfi með frh.skólunum hefur gengið vel, þ.e. væntingar og vonir.
Deildarstjóri menningarmála	Já og væntingar hafa aukist og eflst undanfarin ár vegna aukins samstarfs. Fulltrúar framhaldsskólanna hafa með auknu faglegu samstarfi fengið meiri tiltrú á störfum okkar.
Deildarstjóri Sérsvéitar	Já að flestu leyti hefur það staðist, en auðvitað má alltaf gera betur

Allir deildarstjórnarnir skrifa að væntingar þeirra til samstarfsins við framhaldsskólana hafi hingað til staðist.

Tafla 53. Hafa væntingar þínar til samstarfsins milli ÍTR og þjónustumiðstöðva, hingað til staðist?

Deildarstjóri Trójuhestsins	Mér finnst mínar væntingar og markmið oftast mjög skýr allavegana þegar maður hefur frumkvæðið að samstarfi en getur oft á tíðum verið sltrótt ferli samskipta þegar starfsmannavelta er tíð og þá ekki gott að persónugera verkefni of svo að maður missi ekki sína tengla ef svo bæri undir. Gott að hafa alla verkferla, samninga og markmið með samstarfinu skýra og allir séu vel upplýstir til að samstarfið strandi ekki.
Deildarstjóri menningarmála	Ég er í afar litlu samstarfi við þjónustumiðstöðvarnar en þó hefur það samstarf sem átt hefur sér stað verið á þann máta að við leggjum þeim eitthvað til á menningasviði s.s. aðstoð við sýningar, eða komið þeim í samband við ungt skapandi fólk frekar en einhliða samstarf þar sem við leggjum þeim til aðstoð en ekki öfugt
Deildarstjóri Sérsvéitar	

Einn deildarstjóranna svaraði ekki þessari spurningu. Erfitt er að greina af svörum hinna deildarstjóranna tveggja hvort að væntingar þeirra til samstarfsins við þjónustumiðstöðvar hafi hingað til staðist.

Tafla 54. Hvað að þínu mati mætti helst bæta í samstarfinu milli ÍTR, framhaldsskóla og þjónustumiðstöðva?

Deildarstjóri Trójuhestsins	Betra upplýsingaflæði, að allir séu að stefna að sömu markmiðum og gildin séu skýr áður en lagt er að stað og gerðir séu samningar.
Deildarstjóri menningarmála	
Deildarstjóri Sérsvéitar	

Tveir deildarstjóranna svara ekki þessari spurningu.

Tafla 55. Er að þínu mati markvisst unnið með ungmennalýðræði í þeim samstarfsverkefnum sem þú hefur tekið þátt í?

	Deildarstjóri Trójuhestsins	Deildarstjóri menningarmála	Deildarstjóri Sérsvéitar
Oftast	x	x	x
Stundum			
Oftast ekki			

Allir deildarstjórnarnir sem svöruðu spurningalistanum eru sammála því að oftast sé unnið markvisst með ungmennalýðræði í þeim samstarfsverkefnum sem þeir höfðu tekið þátt í.

Umræða fyrir spurningalista 2, Hitt Húsið

Út frá svörum deildarstjóranna þriggja sem svöruðu spurningalista 2 má segja að samstarfsverkefni sem unnin eru á vegum Hins Hússins séu frekar til mjög faglega unnin. Markmiðin eru oftast frekar skýr og hlutverkaskipan innan samstarfshópsins er oftast skýr. Samstarfið hefur almennt verið frekar formlegt og árangurinn af samstarfinu er alltaf metinn með einhverjum hætti.

Samstarfið milli Hins Hússins og framhaldsskólanna hefur hingað til borið mjög mikinn eða frekar mikinn árangur. Samstarfið milli Hins Hússins og þjónustumiðstöðvanna hefur hingað til borið frekar mikinn eða mjög mikinn árangur. Þess ber þó að geta að einungis tveir deildarstjórar svöruðu þessari spurningu.

Allir deildarstjórnir voru jákvæðir gagnvart því að hafa næga þekkingu, þjálfun og svigrúm til að vinna að þeim samstarfsverkefnum sem upp hafa komið.

Samantekt

Viðtöl

Hafa ber í huga að viðtölin voru tekin í einu hverfi Reykjavíkurborgar og miðast niðurstöður og túlkánir á þeim við það hverfi. Ekki er hægt að yfirfæra svör úr einu hverfi yfir á annað.

Í fyrsta viðtalinu sem tekið var við forstöðumann frístundarmiðstöðvar kom fram að skilgreina þurfti betur í spurningarammanum hvað átt sé við með orðinu samstarfsverkefni. Verið var að leita eftir upplýsingum um formleg samstarfsverkefni þar sem aðilar frá ÍTR, félagasamtökum, öðrum stofnunum og fyrirtækjum kæmu saman að ákveðnu verkefni. Út frá svörum forstöðumannsins var í næstu viðtölum spurt um samstarf ÍTR við skóla og þjónustumiðstöðina í hverfinu. Ekki voru nefnd dæmi um samstarfsverkefni heldur var viðmælandanum gefinn kostur á að svara út frá eigin skilgreiningu um samstarfsverkefni við þessa aðila.

Út frá þeim viðtölum sem tekin voru við starfsmenn ÍTR í einu hverfi telur rannsakandi að samstarfinu milli ÍTR, skólans og þjónustumiðstöðvarinnar sé frekar ábótavant á barnasviði. Þjónustumiðstöðin hefur ekki tengingu við ÍTR á barnasviði og samstarf við skólana er misjafnt, bæði á barna og unglingasviði. Einnig má nefna að skóli og þjónustumiðstöð eru helstu samstarfsaðilar ÍTR í hverfinu og ekki er mikið samstarf við önnur félagasamtök. Það er í andstæðu við stefnu ÍTR varðandi áherslu á samstarf við alla þá er koma að umönnun barna, þá sérstaklega í frítíma þeirra. Samstarfið við skólana á barnasviði er almenns eðlis og kemur til vegna staðsetningar frístundaheimilanna inni í skólunum. Eitthvað var um samstarf við skólana í gegnum vinnu með einstaklinga en því samstarfi var ábótavant. Einnig þyrfti fyrirkomulag samstarfsins að vera skýrara þannig að munurinn milli skóla væri takmarkaður. Þó má segja að samstarf við skólana sem snýr að almennum rekstri sé betra en það sem snýr að einstaklingsmálum. Eins og fram kom í viðtölunum var verið að skoða þennan þátt með það að markmiði að samstarfið sé skýrara bæði við skóla og þjónustumiðstöð. Væntingar starfsmanna ÍTR til þeirrar endurskoðunar

voru að þjónustumiðstöðin sæi um að kalla starfsfólk ÍTR inn í samstarf í einstaklingsmálum. Væri það í samræmi við Forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar um hlutverk þjónustumiðstöðvanna í hverfum Reykjavíkur.

Að mörgu leyti er samstarfið unnið faglega og ber árangur, en með skýrari markmiðum og hlutverkaskipan væri hægt að ná fram meiri árangri. Samkvæmt þeim upplýsingum sem komu fram í viðtölunum hafa starfsmenn ÍTR næga þekkingu og þjálfun til að vinna að samstarfsverkefnum en þurfa ef til vill að skapa sér aukið svigrúm til að vinna að grunninum í barnastarfinu og byggja þar upp gott og öflugt samstarf. Einnig gætu starfsmenn unglingastarfsins hagnast á því að skapa sér aukið svigrúm til vinna að undirbúningi samstarfsverkefna eins og klúbbastarfsins fyrir 6., 7. og 8. bekk í samvinnu við starfsmann eða starfsfólk þjónustumiðstöðvarinnar.

Spurningalisti 1

Sökum þess hve fáir svöruðu spurningalista 1 er varhugavert að túlka niðurstöður. Út frá svörum þátttakenda er þó ef til vill hægt að fá innsýn í hvað sé að virka og hvað ekki í samstarfi ÍTR við skóla og þjónustumiðstöðvar í hverfum Reykjavíkur. Lagt var upp með þrjár rannsóknarspurningar og var spurningalistinn hannaður með það í huga að svara þeim. Spurningar eitt og tvö voru almenns eðlis og frekar ætlað að fá upplýsingar til að skoða samhliða öðrum spurningum. Þátttakendur höfðu að meðaltali tekið þátt í rúmlega þremur samstarfsverkefnum síðastliðna 12 mánuði. Þess ber að geta að einn þátttakandi svaraði því til að hann hefði ekki tekið þátt í neinu samstarfsverkefni síðastliðna 12 mánuði og svaraði ekki restinni af spurningalistanum, fyrir utan bakgrunnsspurningarnar í lokin, og skekkir það ef til vill niðurstöður eitthvað.

Það að fjöldi samstarfsverkefna síðastliðna 12 mánuði sé um þrjú verkefni ber að skoða í samræmi við stefnu ÍTR um mikilvægi samstarfs við þá aðila sem tengjast frítíma barna og unglinga, meðal annars við skóla og þjónustumiðstöðvar. Þess ber þó að geta að starfsfólk ÍTR hefur frumkvæði að samstarfi samkvæmt niðurstöðum úr spurningu tvö. Hugsanlegt er að þátttakendur hafi mismunandi skilning á hvað sé samstarfsverkefni. Spurningin var orðuð almennt og því svaraði hver og einn þátttakandi samkvæmt eigin skilgreiningu. Með því að nefna dæmi eða koma með

frekari skilgreiningu á orðinu samstarfsverkefni hefði hugsanlega fengist öðruvísi svörun. En ekki komu fram ábendingar varðandi notkun á orðinu samstarfsverkefni í forprófun.

Í svörum þátttakenda kemur fram að markmiðin með samstarfinu séu oftast frekar skýr, stundum sé ákveðin hlutverkaskipan innan samstarfshópsins og að samstarfið sé almennt frekar formlegt. Út frá þessum svörum má segja að samstarfsverkefnin séu almennt frekar fagleg en bæta megi hlutverkaskipan. Til dæmis með því að ákveða hver eigi að stýra samstarfsfundum, hver riti fundargerðir, hver sjái um hvaða fræðslu og svo framvegis. Meirihluti þátttakenda svaraði því að árangur af samstarfsverkefnum sé metinn en svörin voru mörg hver huglæg, að ekki fari fram formlegt mat heldur sjáist árangurinn á börnunum eða unglingunum. Þetta mætti líklega bæta og koma því þannig fyrir að árangur sé ávallt metinn á einhvern hátt formlega. Til dæmis með skýrslugerð, fundargerðum, prófum og viðtölum við þátttakendur og/eða foreldra. Í Forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar kemur fram að hlutverk þjónustumiðstöðvanna sé að halda utan um forvarnarverkefni auk þess að skrá og meta árangur þeirra. Einnig ber að hafa í huga að ekki er alltaf tilefni til skráningar. Það þarf að meta í hverju tilfelli fyrir sig hvort skráning sé nauðsynleg og þá hver skuli skrá og halda utan um gögnin. Í þessu tilfelli ber að kynna sér lög og reglur um persónuvernd og meðferð gagna. Flestir voru einnig sammála því að samstarfið milli ÍTR, skólans og þjónustumiðstöðvarinnar hefði hingað til borið frekar mikinn árangur.

Flestir þátttakendanna svöruðu því að þeir væru frekar sammála því að hafa næga þekkingu, þjálfun og svigrúm til að vinna að samstarfsverkefnum. Svör við því hvort starfsmenn ÍTR teldu sig hafa nægilegt svigrúm til að vinna að samstarfsverkefnum dreifðust meira en í spurningunum um þekkingu og þjálfun sem gefur til kynna að ekki hafi allir jafn mikið svigrúm til að vinna að samstarfsverkefnum og væri áhugavert að kanna nánar ástæðurnar sem liggja þar að baki. Möguleg skýring er mismunandi fjöldi samstarfsverkefna en fjöldi þeirra var frá engu til tíu síðastliðna tólf mánuði en líklegt er að því fleiri sem samstarfsverkefnin eru því minni tíma hafi starfsmaðurinn til að sinna þeim.

Í lokin komu þátttakendur með margar góðar ábendingar um hvað þurfi að bæta í samstarfinu á milli þessara aðila. Má þar helst nefna bætt upplýsingaflæði og meiri samskipti. En samkvæmt skrifum Druckers er upplýsingaflæði innan skipulagsheilda ákaflega mikilvægt.

Svör við bakgrunnsspurningunum í lokin leiddu í ljós að svör bárust frá öllum hverfum Reykjavíkur en mun fleiri þátttakendur voru starfsmenn í barnastarfi. Það hversu fá svör bárust er óneitanlega galli en þrátt fyrir ítrekanir, hvatningar frá yfirmönnum og símhringingar þá virðast ekki fleiri hafa séð sér fært að svara könnuninni. Er það ef til vill rannsóknarefni út af fyrir sig. Líklegt er að einhver netföng hafi verið úrelt eða slegin vitlaust inn en það ætti ekki að skýra svo lágt svarhlutfall því með símhringingum og ítrekunum var hægt að fá fram gölluð netföng og leiðrétt. Fyrirspurnir rannsakanda um að koma á starfsstaðina og leggja spurningakönnunina fyrir útprentaða báru ekki árangur. Út frá þessari reynslu má draga þá ályktun að betra sé að leggja slíkar spurningarkannanir fyrir á fundum umsjónarmanna frístundamiðstöðva og verkefnastjóra félagsmiðstöðva í hverju hverfi fyrir sig.

Út frá svörum þátttakenda má álykta að samstarfsverkefnin sem þeir tóku þátt í séu unnin nokkuð faglega, þau beri árangur og að þeir umsjónarmenn frístundaheimila og verkefnastjórar félagsmiðstöðva sem svöruðu spurningakönnuninni séu með næga þekkingu, þjálfun og svigrúm til að sinna samstarfsverkefnum.

Spurningalisti 2

Spurningalisti tvö var unninn út frá spurningalista 1 sem var forprófaður auk þess sem spurningalisti 2 var forprófaður. Ekki komu fram ábendingar um uppsetningu eða efni spurningalista 2 í forprófun. Hins vegar má benda á að ekki kom fram skilgreining á orðinu samstarfsverkefni í spurningu eitt þar sem spurt var um fjölda samstarfsverkefna við ákveðna aðila, sem voru skráðir í svarmöguleika, síðastliðna tólf mánuði. Talið var að með því að skrá inn nöfn þeirra hugsanlegu samstarfsaðila væri þátttakendum gefin dæmi um samstarfsform. Þó er líklegt að þátttakendur hafi lagt misjafnan skilning í hugtakið samstarfsverkefni. Einnig skráðu nokkrir þátttakendur ekki fjölda samstarfsverkefna heldur merktu með x-i í þá reiti sem þeir

áttu samstarf við. Ekki var hægt að túlka þau svör öðruvísi en að viðkomandi þátttakendur ættu í samstarfi við þá aðila sem merkt var x við en ekki er hægt að segja til um fjölda þeirra samstarfsverkefna. Taka ber til greina að möguleg skörun er milli þeirra samstarfsaðila sem nefndir voru og fjölda samstarfsverkefna og gæti það leitt til erfiðleika fyrir þátttakendur að meta fjölda samstarfsverkefna við ákveðna aðila. Reynt var að koma í veg fyrir skörunina með því að nefna fleiri en eitt samstarfsform eins og við skóla og þjónustumiðstöð. Spurningalista 2 var fyrst og fremst ætlað að ná fram yfirliti og úttekt á fjölda samstarfsverkefna sem unnin voru á barna- og unglingasviði ÍTR í Reykjavík á þeim tíma sem listinn var sendur út og tólf mánuði aftur í tímann og því var þessi fyrsta spurning mikilvæg. Bæta má spurninguna með því að koma með skilgreiningu á orðinu?/hugtakinu samstarfsverkefni en gæta þess þó að skilgreiningin sé ekki of leiðandi og útiloki ekki einhver ákveðin form samstarfs. Þess ber að geta að fyrsta spurningin í spurningalista 1 var opin og þátttakendur beðnir um að rita fjölda samstarfsverkefna sem þeir höfðu tekið þátt í síðastliðna tólf mánuði. Í fyrirmælum fyrir spurningalista 1 kom fram að þátttakendur voru beðnir um að svara út frá samstarfsverkefnum sem unnin voru við skóla og þjónustumiðstöð. Spurningalisti 1 hafði annað hlutverk en spurningalisti 2. Meginhlutverk spurningalista 1 var ekki að afla ítarlegra upplýsinga um fjölda samstarfsverkefna og við hvaða aðila ÍTR á helst í samstarfi við á barna- og unglingasviði.

Út frá svörum deildarstjóra barnastarfs og forstöðumanna frístundarmiðstöðva í hverfum Reykjavíkur má segja að þau samstarfsverkefni sem ÍTR kemur að á barnasviði séu unnin frekar faglega. Markmiðin eru oftast frekar skýr, hlutverkaskipan er oftast skýr, samstarfið er almennt frekar formlegt og samstarfið er metið en þó oft með óformlegum hætti.

Samstarfið milli ÍTR og skólanna ber almennt frekar mikinn árangur á barnasviði. Ekki er hægt að segja til um árangur af samstarfi við þjónustumiðstöðvarnar þar sem jafn margir þátttakendur töldu að samstarfið bæri mjög eða frekar mikinn árangur og mjög eða frekar lítinn árangur.

Flestir þátttakendur svara því að þeir hafi næga þekkingu og þjálfun til að vinna að samstarfsverkefnum en nokkrir nefna að þeir hafi ekki nægilegt svigrúm til samstarfs.

Út frá svörum deildarstjóra unglingasviðs og forstöðumanna frístundamiðstöðva í Reykjavík má segja að samstarfsverkefni sem að unnin eru á unglingasviði séu unnin frekar faglega. Markmiðin með samstarfinu eru oftast frekar skýr og hlutverkaskipan innan samstarfshópsins er oftast skýr. Samstarfið er almennt frekar formlegt og flestir nefna að einhverskonar mat sé á árangri samstarfsins. Oftast er nefnt að matið fari fram með skýrslugerð.

Samstarfið milli ÍTR og skólanna á unglingasviði hefur hingað til borið frekar mikinn árangur. Samstarfið milli ÍTR og þjónustumiðstöðvanna er erfiðara að meta þar sem ekki kemur fram eitt tíðasta gildi. Neikvæðu svörin eru þó fleiri en þau jákvæðu.

Starfsmenn ÍTR eru jákvæðir gagnvart því að hafa næga þekkingu, þjálfun og svigrúm til að vinna samstarfsverkefni á unglingasviði. Þó nefna nokkrir að ekki sé nægilegt svigrúm til samstarfs.

Út frá svörum deildarstjóranna þriggja sem svöruðu spurningalista 2 má segja að samstarfsverkefni sem unnin eru á vegum Hins Hússins séu frekar til mjög faglega unnin. Markmiðin eru oftast frekar skýr og hlutverkaskipan innan samstarfshópsins er oftast skýr. Samstarfið hefur almennt verið frekar formlegt og árangurinn af samstarfinu er alltaf metinn með einhverjum hætti.

Samstarfið milli Hins Hússins og framhaldsskólanna hefur hingað til borið mjög mikinn eða frekar mikinn árangur. Samstarfið milli Hins Hússins og þjónustumiðstöðvanna hefur hingað til borið frekar mikinn eða mjög mikinn árangur. En þess ber að geta að einungis tveir deildarstjórar svöruðu þessari spurningu.

Allir deildarstjórnir voru jákvæðir gagnvart því að hafa næga þekkingu, þjálfun og svigrúm til að vinna að þeim samstarfsverkefnum sem upp hafa komið.

Að lokum vill rannsakandi koma með eftirfarandi tillögur sem stuðla ættu að betra samstarfi. Að umsjónarmenn frístundaheimila og verkefnastjórar félagsmiðstöðva

séu fagmenntaðir. Niðurstöður þessarar rannsóknar gefa til kynna að starfsfólk ÍTR hafi næga þekkingu og þjálfun til að vinna að samstarfsverkefnum en alltaf má gera betur í þessum efnum. Með fagmenntuðu starfsfólki eru meiri líkur á faglegu starfi og eykur það trú og traust samstarfsaðila. Að verklýsing um hvernig staðið skuli að samstarfi við skóla og þjónustumiðstöð sé í starfslýsingu umsjónarmanna frístundaheimila og verkefnastjóra félagsmiðstöðva. Einnig að verklýsingin sé innifalin í þeim samstarfssamningum sem eru á milli ÍTR, skóla og þjónustumiðstöðva. Að stefna, markmið og almennt starf ÍTR á þessu sviði væri kynnt fyrir skólunum og starfsmönnum þjónustumiðstöðvarinnar.

Viðauki 1

Spurningar til forstöðumanns;

Upphafsspurning; hvert er starf þitt hjá ÍTR og í hverju felst það?

- Hvaða samvinnuverkefni eru í gangi?
 - Eru þetta ný samstarfsverkefni?
 - Eru einhver samstarfsverkefni nýafstaðin?

(Þessi spurning er ætluð til að fá yfirlit yfir helstu samvinnuverkefni sem ÍTR kemur að í viðkomandi hverfi)

-----Spurt um hvert verkefni-----

- Hver er hugmyndin (markmiðið með) á bak við verkefnið?
 - Voru sett langdræg og skammdræg markmið?
- Hverjir vinna að verkefninu?
- Hver var ástæðan fyrir samstarfinu?
- Hverjar voru væntingar ykkar af samstarfinu?
 - Stóðust þær væntingar?
- Var gerð kostnaðaráætlun?
- Hvernig var verkefnið kynnt fyrir; samstarfsaðilum, leiðbeinendum, foreldrum, þátttakendum.

(Þessar spurningar eru allar unnar út frá viðmiðum um hvernig standa skuli að undirbúning að vinnu með hópa sem sett eru fram í handbókinni um hópastarf eftir þær Huldu Valdís Valdimarsdóttur og Sigrúnu Sveinbjörnsdóttur (tilraunaútgáfa á innri vef ÍTR, ártal vantar).

-----Spurningar er tengjast faglegu starfi-----

- Er starfsfólk ykkar þjálfað sérstaklega til að vinna að samstarfsverkefnum?
- Er starfsfólk ykkar þjálfað sérstaklega til að vinna að hópastarfi?
- Haldið þið utan um samstarfsverkefni og metið árangurinn?

(Þessar spurningar voru samdar í samstarfi við yfirmann verkefnisins með það í huga að kanna hvort huga þyrfti frekar að fræðslu og þjálfun starfsfólks ÍTR til að það gæti betur unnið að samstarfsverkefnum með faglegum hætti. Að lokum er spurt um utanumhald og mat á árangri til að kanna hvort og með hvaða hætti er haldið utan um skráningu samstarfsverkefna með tilliti til þess hvort að þann þátt þurfi að bæta frekar í framtíðinni.)

Viðauki 2

Spurningar til deildarstjóra, umsjónarmanns, verkefnastjóra og starfsmanns þjónustumiðstöðvar;

Upphafsspurning; hvert er starf þitt hjá ÍTR og í hverju felst það?

- Eru einhver samvinnuverkefni í gangi? Það er verkefni sem ÍTR vinnur í samstarfi við aðrar stofnanir, félagasamtök eða fyrirtæki.
 - Eru þetta ný samstarfsverkefni?
 - Eru einhver samstarfsverkefni nýafstaðin?

-----Spurt um hvert verkefni-----

- Hver er hugmyndin (markmiðið með) á bak við verkefnið?
 - Voru sett langdræg og skammdræg markmið?
- Hverjir vinna að verkefninu?
- Hver var ástæðan fyrir samstarfinu?
- Hverjar voru væntingar ykkar af samstarfinu?
 - Stóðust þær væntingar?
 - Ef ekki, hverjar telur þú ástæðurnar vera?
- Var gerð kostnaðaráætlun?
- Í undirbúningnum hafði hver samstarfsaðili sitt hlutverk?

-----Aftur spurt almennt-----

- Er starfsfólk ykkar þjálfað sérstaklega til að vinna að samstarfsverkefnum?
 - Er starfsfólk ykkar þjálfað sérstaklega til að vinna að hópastarfi?
- Haldið þið utan um samstarfsverkefni og metið árangurinn?
 - Ef svo er með hvaða hætti?
- Að lokum er það eitthvað fleira sem þú vilt koma á framfæri?

Viðauki 3

Ágæti viðtakandi,

Ég er meistaranemi í mannauðsstjórnun við Háskóla Íslands og vil biðja þig um að gefa þér um það bil fimm mínútur til að svara meðfylgjandi spurningalista. Niðurstöður spurningakönnunarinnar verða notaðar í meistararitgerð undirritaðrar sem að unnin er í samstarfi við ÍTR. Markmið meistararitgerðarinnar er að gera úttekt og rannsókn á samstarfsverkefnum sem ÍTR kemur að í hverfum borgarinnar.

Þú ert vinsamlegast beðin/n um að svara spurningalistanum með tilliti til samstarfs við skólann sem þið eru staðsett í og þjónustumiðstöðina í ykkar hverfi í kringum vinnu með vandamál einstakra barna.

Það er mjög mikilvægt að sem flestir svari spurningalistanum til að niðurstöður gagnist sem best. Þátttakendur eru valdir út frá stöðu þeirra hjá ÍTR en fulls trúnaðar er heitið og svör verða ekki rakin til þátttakenda.

Með fyrirfram þökk fyrir þátttökuna,

Soffía Erla Einarsdóttir

Meistaraniemi í Mannauðsstjórnun við HÍ

Viðauki 4

Ágæti viðtakandi,

Ég er meistaranemi í mannauðsstjórnun við Háskóla Íslands og vil biðja þig um að svara meðfylgjandi spurningalista. Niðurstöður verða notaðar í meistararitgerð undirritaðrar sem að unnin er í samstarfi við ÍTR. Markmið meistararitgerðarinnar er að gera úttekt og rannsókn á samstarfsverkefnum sem ÍTR kemur að í hverfum borgarinnar. Könnunin er unnin í samstarfi við Gísla Árna Eggertsson skrifstofustjóra Íþrótt- og tómstundasviðs.

Deildarstjórar svara listanum út frá sínu sviði en forstöðumenn skulu svara listanum út frá frístundamiðstöðinni í heild, þá bæði fyrir barna- og unglingasvið. Í lokuðu spurningunum skulu forstöðumenn merkja B fyrir barnasvið og U fyrir unglingasvið aftan við svarmöguleikana í staðinn fyrir að krossa við svörin. Deildarstjórar merkja x í hringinn sem á best við.

Það er mjög mikilvægt að allir svari spurningalistanum til að niðurstöður gagnist sem best. Þátttakendur eru valdir út frá stöðu þeirra hjá ÍTR en þess ber að geta að könnunin er ekki nafnlaus. Í meistararitgerðinni verður vitnað í starfsheiti viðkomandi eins og forstöðumann, deildarstjóra barna- og unglिंगastarfs í því hverfi sem hann starfar.

Vinsamlegast sendið spurningalistann til baka á netfangið see@hi.is

Með fyrirfram þökk fyrir þátttökuna,

Soffía Erla Einarsdóttir

Meistaranemi í Mannauðsstjórnun við HÍ

1. Í hversu mörgum samstarfsverkefnum hefur þú tekið þátt í síðastliðna 12 mánuði og hvers eðlis hafa þau verið? (Vinsamlegast skráið fjölda samstarfsverkefna fyrir hverja tegund fyrir sig).

- a. Grunnskóla vegna unglingastarfs 13 – 15 ára: __
- b. Grunnskóla vegna barnastarfs 10-12 ára: __
- c. Grunnskóla vegna barnastarfs 6-9 ára: __
- d. Grunnskóla vegna einstaklingsmála: __
- e. Þjónustumiðstöð vegna unglingastarfs 13 – 15 ára: __
- f. Þjónustumiðstöð vegna barnastarfs 10-12 ára: __
- g. Þjónustumiðstöð vegna barnastarfs 6-9 ára: __
- h. Þjónustumiðstöð vegna einstaklingsmála: __
- i. Grunnskóla og þjónustumiðstöð vegna unglingastarfs 13 – 15 ára: __
- j. Grunnskóla og þjónustumiðstöð vegna barnastarfs 10-12 ára: __
- k. Grunnskóla og þjónustumiðstöð vegna barnastarfs 6-9 ára: __
- l. Grunnskóla og þjónustumiðstöð vegna einstaklingsmála: __
- m. Grunnskóla vegna barna- og/ unglingalýðræðis: __
- n. Sérhópa (svo sem jaðargreina): __
- o. Almennings (svo sem hverfahátíðir og fl.): __
- p. 5% reglu Frístundakorts (hverjir vinna saman): __
- q. Samstarf við íþrótt og æskulýðsfélög: __
- r. Samstarf vegna fatlaðra við skóla, þjónustumiðstöðvar, félög og samtök: __

2. Hver af eftirtöldum aðilum hefur oftast frumkvæði að samstarfi?

- ☐ Umsjónarmaður/verkefnastjóri frístundarheimilisins.
- ☐ Umsjónarmaður/verkefnastjóri félagsmiðstöðvar.
- ☐ Starfsmaður skólans.
- ☐ Starfsmaður þjónustumiðstöðvarinnar.
- ☐ Annar, þá hver? _____

3. Hversu skýr eða óskýr hafa markmiðin með samstarfinu verið?

- ☐ Alltaf mjög skýr.
- ☐ Oftast frekar skýr.
- ☐ Stundum skýr, stundum ekki.
- ☐ Oftast frekar óskýr.
- ☐ Alltaf mjög óskýr.

4. Hversu skýr eða óskýr er hlutverkaskipan innan

samstarfshópsins? (Hér er átt við hvort ákveðið hafi verið með skýrum hætti hver hefði hvaða hlutverk innan samstarfshópsins eins og hver stýrði fundunum, hver ritaði fundargerð, hver sæi um hvaða fræðslu og svo framvegis).

- ☐ Oftast skýr.
- ☐ Stundum skýr.
- ☐ Sjaldnast skýr.

5. Hversu formlegt eða óformlegt hefur samstarfið almennt

verið? (Með formlegu samstarfi er átt við að verkefnin séu með skýr markmið, skýra verkferla, tímaplan og mat á árangri).

- ☐ Mjög formlegt.
- ☐ Frekar formlegt.
- ☐ Veit ekki.
- ☐ Frekar óformlegt.
- ☐ Mjög óformlegt.

6. Hefur árangurinn af samstarfinu verið metinn með einhverjum hætti?

- ☐ Já, þá hvernig? _____
- ☐ Nei, þá af hverju ekki? _____

7. Finnst þér samstarfið á milli ÍTR og skólanna (í þínu hverfi),

hingað til hafa borið mikinn eða lítinn árangur?

- ☐ Mjög mikinn árangur.
- ☐ Frekar mikinn árangur.
- ☐ Frekar lítinn árangur.
- ☐ Mjög lítinn árangur.

8. Finnst þér samstarfið á milli ÍTR og þjónustumiðstöðvarinnar (í þínu hverfi), hingað til hafa borið mikinn eða lítinn árangur?

- ☐ Mjög mikinn árangur.
- ☐ Frekar mikinn árangur.
- ☐ Frekar lítinn árangur.
- ☐ Mjög lítinn árangur.

9. Finnst þér þú hafa haft næga þekkingu, þjálfun og svigrúm til að vinna að þeim samstarfsverkefnum sem upp hafa komið?
(Vinsamlegast ritið svarið hér fyrir neðan).

10. Hefur þú verið ánægð/ur eða óánægð/ur með þitt hlutverk (það er hlutverk ÍTR) í samstarfinu?

- ☐ Mjög ánægð/ur.
- ☐ Frekar ánægð/ur.
- ☐ Hvorki né.
- ☐ Frekar óánægð/ur.
- ☐ Mjög óánægð/ur.

11. Finnst þér þú almennt hafa haft mikinn eða lítinn stuðning af þínum samstarfsaðilum í þeim samstarfsverkefnum sem stofnað hefur verið til?

- ☐ Mjög mikinn stuðning.
- ☐ Frekar mikinn stuðning.
- ☐ Frekar lítinn stuðning.

☐ Mjög lítinn stuðning.

- 12. Hafa væntingar þínar til samstarfsins, milli ÍTR og skólanna (í þínu hverfi), hingað til staðist?** (Vinsamlegast ritið svarið hér fyrir neðan).
- 13. Hafa væntingar þínar til samstarfsins, milli ÍTR og þjónustumiðstöðvarinnar (í þínu hverfi), hingað til staðist?** (Vinsamlegast ritið svarið hér fyrir neðan).
- 14. Hvað að þínu mati mætti helst bæta í samstarfinu, á milli ÍTR, skóla og þjónustumiðstöðva?** (Vinsamlegast ritið svarið hér fyrir neðan).
- 15. Er að þínu mati markvisst unnið með barna- og unglingalýðræði í þeim samstarfsverkefnum sem þú hefur tekið þátt í?**
- ☐ Oftast.
 - ☐ Stundum.
 - ☐ Oftast ekki.
- 16. Í hvaða hverfi borgarinnar starfar þú?**
- ☐ Árbæ, Grafarholti og Norðlingarholti.
 - ☐ Vesturbæ.
 - ☐ Miðborg og Hlíðum.
 - ☐ Laugardal og Háaleiti.
 - ☐ Breiðholti.
 - ☐ Grafarvogi
- 17. Hvert er starfsheiti þitt?**
- ☐ Forstöðumaður.

- o Deildarstjóri barnastarfs.
- o Deildarstjóri unglingastarfs.

Takk fyrir þátttökuna

Viðauki 5

Ágæti viðtakandi,

Ég er meistaranemi í mannauðsstjórnun við Háskóla Íslands og vil biðja þig um að svara meðfylgjandi spurningalista. Niðurstöður verða notaðar í meistararitgerð undirritaðrar sem að unnin er í samstarfi við ÍTR. Markmið meistararitgerðarinnar er að gera úttekt og rannsókn á samstarfsverkefnum sem ÍTR kemur að í hverfum borgarinnar. Könnunin er unnin í samstarfi við Gísla Árna Eggertsson skrifstofustjóra Íþrótt- og tómstundasviðs.

Vinsamlegast merkjið x í hringinn með viðeigandi svarmöguleika í lokuðu spurningunum.

Það er mjög mikilvægt að allir svari spurningalistanum til að niðurstöður gagnist sem best. Þátttakendur eru valdir út frá stöðu þeirra hjá ÍTR en þess ber að geta að könnunin er ekki nafnlaus. Í meistararitgerðinni verður vitnað í starfsheiti viðkomandi eins og forstöðumann, deildarstjóra barna- og unglingastarfs í því hverfi sem hann starfar.

Vinsamlegast sendið spurningalistann til baka á netfangið see@hi.is.

Með fyrirfram þökk fyrir þátttökuna,

Soffía Erla Einarsdóttir

Meistaranemi í Mannauðsstjórnun við HÍ

1. Í hversu mörgum samstarfsverkefnum hefur þú tekið þátt í og hvers eðlis hafa þau verið? (Vinsamlegast skráið fjölda samstarfsverkefna fyrir hverja tegund fyrir sig).

- a. Samstarf vegna Jafningjafræðslu (við framhaldsskóla): _____
- b. Við þjónustumiðstöðvar: _____
- c. Samstarf við grunnskóla: _____
- d. Við velferðarsvið almennt: _____
- e. Við félög (tilgreina félög): _____
- f. Við framhaldsskóla s.s. Listaháskólann, Fjöltækniskólann, Dansskóla, Tónlistarskóla, aðra: _____
- g. Samstarf vegna fatlaðra við sambýlin, félögin, ferðaþjónustu fatlaðra og fl.: _____
- h. Við Höfuðborgarstofu vegna viðburða: _____

18. Hver af eftirtöldum aðilum hefur oftast frumkvæði að samstarfi?

- ☐ Umsjónarmaður/verkefnastjóri frístundarheimilisins.
- ☐ Umsjónarmaður/verkefnastjóri félagsmiðstöðvar.
- ☐ Starfsmaður skólans.
- ☐ Starfsmaður þjónustumiðstöðvarinnar.
- ☐ Annar, þá hver? _____

19. Hversu skýr eða óskýr hafa markmiðin með samstarfinu verið?

- ☐ Alltaf mjög skýr.
- ☐ Oftast frekar skýr.
- ☐ Stundum skýr, stundum ekki.
- ☐ Oftast frekar óskýr.
- ☐ Alltaf mjög óskýr.

20. Hversu skýr eða óskýr er hlutverkaskipan innan

samstarfshópsins? (Hér er átt við hvort ákveðið hafi verið með skýrum hætti hver hefði hvaða hlutverk innan samstarfshópsins eins og hver stýrði fundunum, hver ritaði fundargerð, hver sæi um hvaða fræðslu og svo framvegis).

- ☐ Oftast skýr.
- ☐ Stundum skýr
- ☐ Sjaldnast skýr.

21. Hversu formlegt eða óformlegt hefur samstarfið almennt verið? (Með formlegu samstarfi er átt við að verkefnin séu með skýr markmið, skýra verkferla, tímaplan og mat á árangri).

- ☐ Mjög formlegt.
- ☐ Frekar formlegt.
- ☐ Veit ekki.
- ☐ Frekar óformlegt.
- ☐ Mjög óformlegt.

22. Hefur árangurinn af samstarfinu verið metinn með einhverjum hætti?

- ☐ Já, þá hvernig? _____
- ☐ Nei, þá af hverju ekki? _____

23. Finnst þér samstarfið á milli ÍTR og skólanna (í þínu hverfi), hingað til hafa borið mikinn eða lítinn árangur?

- ☐ Mjög mikinn árangur.
- ☐ Frekar mikinn árangur.
- ☐ Frekar lítinn árangur.
- ☐ Mjög lítinn árangur.

24. Finnst þér samstarfið á milli ÍTR og þjónustumiðstöðvarinnar (í þínu hverfi), hingað til hafa borið mikinn eða lítinn árangur?

- ☐ Mjög mikinn árangur.

- ☐ Frekar mikinn árangur.
 - ☐ Frekar lítinn árangur.
 - ☐ Mjög lítinn árangur.
25. **Finnst þér þú hafa haft næga þekkingu, þjálfun og svigrúm til að vinna að þeim samstarfsverkefnum sem upp hafa komið?**
(Vinsamlegast ritið svarið hér fyrir neðan).
26. **Hefur þú verið ánægð/ur eða óánægð/ur með þitt hlutverk (það er hlutverk ÍTR) í samstarfinu?**
- ☐ Mjög ánægð/ur.
 - ☐ Frekar ánægð/ur.
 - ☐ Hvorki né.
 - ☐ Frekar óánægð/ur.
 - ☐ Mjög óánægð/ur.
27. **Finnst þér þú almennt hafa haft mikinn eða lítinn stuðning af þínum samstarfsaðilum í þeim samstarfsverkefnum sem stofnað hefur verið til?**
- ☐ Mjög mikinn stuðning.
 - ☐ Frekar mikinn stuðning.
 - ☐ Frekar lítinn stuðning.
 - ☐ Mjög lítinn stuðning.
28. **Hafa væntingar þínar til samstarfsins, milli ÍTR og skólanna (í þínu hverfi), hingað til staðist?** (Vinsamlegast ritið svarið hér fyrir neðan).
29. **Hafa væntingar þínar til samstarfsins, milli ÍTR og þjónustumiðstöðvarinnar (í þínu hverfi), hingað til staðist?**
(Vinsamlegast ritið svarið hér fyrir neðan).

- 30. Hvað að þínu mati mætti helst bæta í samstarfinu, á milli ÍTR, skóla og þjónustumiðstöðva? (Vinsamlegast ritið svarið hér fyrir neðan).**
- 31. Er að þínu mati markvisst unnið með barna- og unglingalýðræði í þeim samstarfsverkefnum sem þú hefur tekið þátt í?**
- ☐ Oftast.
 - ☐ Stundum.
 - ☐ Oftast ekki.
- 32. Hvert er starfsheiti þitt?**
- ☐ Forstöðumaður.
 - ☐ Deildarstjóri.

Takk fyrir þátttökuna

Viðauki 6

Greiningarblað 1

Greiningarblað fyrir kóðann samstarfsverkefni, samstarf eða vinna saman en þetta er allt talið sama hugtakið hér og því verður kóðað eftir þessum orðum. Rannsakandi er að spá hvort að eigi einnig að nota svör við spurningum rannsakanda þar sem að rannsakandi spyr t.d. „er samstarfið gott“ og svarið er „já“? Það kom ekki fram í fyrirlestrinum eða þeim gögnum sem að rannsakandi hefur yfir að ráða. Þarf að spyrja að þessu atriði.

Upphaflega ætlaði rannsakandi að nota kóðann „faglegt“ þar sem það orð sat svo í rannsakanda eftir fjórða viðtalið. Rannsakandi ákvað þá að byrja að skoða viðtölin með það í huga að nota þann kóða. Rannsakandi notaði minnisblöð til að punkta hjá sér aðra mögulega kóða og annað sem kæmi upp í hugann. Eftir að hafa lesið tvö viðtöl var ljóst að ekki var hægt að nota kóðann „faglegt“ þar sem að það komu svo fáar beinar tilvitnanir í orðið í viðtölunum faglegt. Hins var oft verið að tala um faglegt starf og slíkt en orðið ekki sagt beint og því erfitt að nota það sem kóða. Hins vega kom orðið samstarf mjög sterkt fram í báðum viðtölunum. Þar með ákvað rannsakandi að prófa að lesa þriðja viðtalið með það í huga að nota samstarf og tengd orð sem kóða og gekk það vel. Þó nokkuð kom út úr því.

Ástæður fyrir því að nota samstarf sem kóða eru einnig margar. Markmið verkefnisins er að gera úttekt og rannsaka samstarfsverkefni sem að ÍTR kemur að í hverfum Reykjavíkur. Spurningarnar fjalla allar á einn eða annan hátt um samstarf og því eðlilegt að samstarf komi oft upp. Í fyrsta viðtalinu koma fram miklar upplýsingar um samstarfsverkefni sem að unnin eru í hverfinu og þá við hverja og af hverju. Annað viðtalið veitir upplýsingar um samstarf innan barnasviðs ÍTR í hverfinu og hvernig því er háttað. Svarandi kemur inn á með skýrum hætti hvar honum finnst helsta brotalömin vera í samstarfinu og er álit hans það sama og svaranda í viðtali eitt. Viðtal eitt var við forstöðumanninn en viðtal tvö við deildarstjóra barnasviðs en þeir eru sammála um að samstarfið við þjónustumiðstöðina í hverfinu hafi ekki verið að virka hingað til þegar kemur að málefnum barnasviðsins. Í þriðja viðtalinu var tekið viðtal við starfsmann þjónustumiðstöðvarinnar og kom þar fram skýring á því af hverju samstarfið milli ÍTR og þjónustumiðstöðvarinnar á barnasviði sé ábótavant. Það er enginn innan þjónustumiðstöðvarinnar að sinna því! Þetta er mjög furðulegt, er barnasviðið eitthvað minna mikilvægt en unglingasviðið? Allavega þá kemur fram, líkt og hjá deildarstjóra barnasviðs, að samstarfið milli ÍTR og þjónustumiðstöðvarinnar á barnasviðinu er yngra og þar af leiðandi skemmra á veg komið. Samstarfsvettvangurinn á barnasviði varð þó til árið 2003 þegar ÍTR tók yfir

rekstur frístundarheimilanna í borginni þannig að þetta eru fimm ár og enn er enginn starfsmaður hjá þjónustumiðstöðinni sem að hefur það á sinni könnu að sinna því samstarfi. Það er eitthvað sem að þjónustumiðstöðin þarf að skoða betur.

Varðandi samstarfið milli ÍTR, þjónustumiðstöðvarinnar og skólanna í hverfinu þá virðist sem svo að það sé í mjög föstum skorðum á unglingasviðinu en mjög laust í reipum á barnasviðinu. Þetta kom mjög skýrt fram strax í fyrsta viðtalinu. Því ákvað rannsakandi að velja viðtölin við forstöðumann frístundarmiðstöðvarinnar í hverfinu, deildarstjóra barnasviðs, starfsmann þjónustumiðstöðvarinnar og deildarstjóra yfir einu frístundarheimili í hverfinu. Þannig mætti skoða samstarf ÍTR og þjónustumiðstöðvarinnar á barnasviði nokkuð vel. Hugsunin var að fá góða innsýn á þennan vinkil sem mætti svo nota til að bera saman við t.d. unglingasviðið síðar.

Á þessu stigi máls er það tilfinning rannsakanda að samstarfið á milli þessa aðila sé nánast ekki til staðar í dag. Þjónustumiðstöðin þurfi að gera einhvern starfsmann innan sinna raða ábyrgan fyrir því. Jafnframt þarf ÍTR að formgera betur viljann til samstarfs og miðla til sinna starfsmanna. Í viðtalinu við deildarstjóra barnasviðs kom fram að sums staðar væri þetta í lagi en annarsstaðar ekki. Oftast byggðist samstarfið á persónulegum tengslum og því engin samfella í samstarfinu t.d. við mannabreytingar. ÍTR þarf því hugsanlega að huga að því að setja samstarf við þjónustumiðstöðina og líklega skólann líka inn í starfslýsingar deildarstjóra frístundarheimila. Spurning hvort að rannsakandi geti fengið að skoða starfslýsingar deildarstjóra frístundarheimila á einhverjum tímapunkti?

Heimildaskrá

Adams, P. D., og Sherraden, M. (1997). Asset building as a community revitalization strategy. *Social Work*, 42, 423-435.

Barnasáttmáli. (e.d.). *Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna*. Sótt 29. Mars 2009 af <http://www.barnasattmali.is/content/view/5/6/>

Birmingham, J., Pechman, E. M., Russell, C. A., og Mielke, M. (2005). *Shared features of high-performing after-school programs: A follow-up to the TASC evaluation*. Washington, DC: Policy Studies Associates.

Building bridges for the sake of youth: community-and faith-based youth workers have much to learn from each other (2007, nóvember). *Search Institute Insights and Evidence*, bls 2-3.

Drucker, P. F. (2004, júní). What makes an effective executive. *Harvard Business Review*, bls. 58-63.

Edwards, O. W., Mumford, V. E., Shillingford, M. A., og Serra-Roldan, R. (2007). Developmental assets: a Prevention framework for students considered at risk. *Children & Schools*, 29. 145-154.

Gray, C. F., og Larson, E. W. (2006). *Project Management: The Managerial Process*. New York: McGraw-Hill.

Hulda Valdís Valdimarsdóttir og Sigrún Sveinbjörnsdóttir (Ritstj.) (í prentun). *Handbók um Hópastarf*. Óútgefið handrit.

Mannes, M., Roehlkepartain, E. C., og Benson, P. L. (2005). Unleashing the power of community to strengthen the well-being of children, youth and families: an Asset building approach. *Child Welfare*, 84. 233-251.

Reykjavíkurborg. (e.d. a.). *Meginstefna og starfsáherslur ÍTR 2005-2010*. Sótt 29. Október 2008 af <http://www.rvk.is/Portaldata/1/Resources/skjol/svid/itr/utgefidefni/ITRstefna2005-2010.pdf>.

Reykjavíkurborg. (e.d.b.). *Íþrótt- og Tólmstundarsvið Starfsáætlun 2008*. Sótt 29. Október 2008 af http://www.rvk.is/Portaldata/1/Resources/skol/svid/itr/utgefidefni/2008/starfsaaetlun_ITR_2008_vef.pdf.

Reykjavíkurborg. (e.d.c.). Sótt 1. Nóvember 2008 af <http://www.rvk.is/DesktopDefault.aspx/tabid-2555>.

Reykjavíkurborg. (e.d.d.). Sótt 28. Mars 2009 af <http://rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-67/>.

Reykjavíkurborg. (e.d.e.). *Forvarnarstefna Reykjavíkurborgar*. Sótt 28. Mars 2009 af <http://www.rvk.is/Portaldata/1/Resources/skol/svid/velferdasvid/stefnur/forvarnarstefna.pdf>.

Reykjavíkurborg. (e.d.f.). *Stefna Reykjavíkurborgar í menntamálum 2008*. Sótt 28. mars 2009 af http://www.rvk.is/Portaldata/1/Resources/skjol/svid/menntasvid/pdf_skjol/stefnur/Stefna_i_menntamalum_2008.pdf.

Reykjavíkurborg. (e.d.g.). *Starfsmannahandbók Frístundaheimila ÍTR*. Sótt 29. Mars 2009 af [http://www.arsel.is/files/fristundaheimili_starfsmannahandbok\(1\).pdf](http://www.arsel.is/files/fristundaheimili_starfsmannahandbok(1).pdf)

Reykjavíkurborg. (e.d.h.). Sótt 29. Mars 2009 af http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-757/521_read-12764/.

Yuen, F. C., Pedlar, A. og Mannel, R. C. (2005). Building Community and social capital through childrens leisure in the content of an international camp. *Journal of Leisure Research*, 37(4), 494-519.